

ÁRSSKÝRSLA 2006–2007



Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

ÁRSSKÝRSLA 2006–2007

AÐALFUNDUR
17. APRÍL 2007



EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins	4
2. kafli: Efnahags- og atvinnumál	7
3. kafli: Kjaramál og samningar	15
4. kafli: Stofnanir á vinnumarkaði	16
5. kafli: Jafnréttismál	18
6. kafli: Lífeyrismál	21
7. kafli: Umhverfismál	23
8. kafli: Samskipti við stjórnvöld	27
9. kafli: Erlend samskipti	32
10. kafli: Menntamál	39
11. kafli: Útgáfa og kynning	43
12. kafli: Rekstur SA, innra starf og skipulag	47
Skipurit Samtaka atvinnulífsins	50
Áritun endurskoðanda	51
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2006	52
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA	53
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA	54

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Hörður Vilberg
 Ljósmyndir: Bragi Þór Jósefsson, Jóhannes Long, Kristján Maack, Hreiðar Þór Björnsson, Lárus Karl Ingason, starfsfólk SA o.fl.
 Hönnun og umbrot: Oddi ehf.
 Prentvinnsla Oddi ehf.

ÁVARP FORMANNS



Ingimundur Sigurpálsson
formaður Samtaka atvinnulífsins

Í júní á síðastliðnu ári hafði verðlag hækkað um 5% á fjórum mánuðum í kjölfar fimmtungs lækkunar á gengi krónunnar. Árshraði verðbólgunnar þessa mánuði var rúm 15% og verðbólguvæntingar fyrirtækja og almennings fóru vaxandi. Ekkert virtist geta komið í veg fyrir uppsögn allra kjarasamninga á samningssviði Samtaka atvinnulífsins, auk samninga ríkisstarfsmanna, í lok árs 2006 á grundvelli endurskoðunarákvæðis þeirra, en það tók mið af því að verðbólga yrði í námunda við markmið Seðlabanka Íslands. Hverfandi líkur voru á því að samkomulag gæti náðst í forsendunefnd samningsaðila í nóvember síðastliðnum, þar sem líklegur útgjaldaauki, sem aðilar hefðu hugsanlega horfst í augu við, var hærrí en svo að fyrirtækin í landinu gætu undir honum staðið. Í fyrsta lagi var verðbólguþvingun upp á 6-9%, í öðru lagi taxtahækkanir til að lagfæra misvægi á milli launataxta í samningum SA annars vegar og í kjarasamningum opinberra aðila hins vegar og í þriðja lagi hefði mátt vænta launakrafna á grundvelli þess launaskriðs, sem vaxandi verðbólga hefði hrint af stað.

Við þessar aðstæður var einsýnt, að illgerlegt yrði að ná sátt um endurnýjun kjarasamninga, og má öllum ljóst vera, hverjar afleiðingar slík staða í aðdraganda kosninga hefði haft á stöðu efnahagsmála og atvinnureksturinn í landinu. Það var því mikið í húfi um mitt síðasta ár, þegar samkomulag tókst milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og ASÍ og landsambanda þess hins vegar um breytingar á gildandi kjarasamningum, sem tryggði gildistíma kjarasamninga almennt út árið 2007, eins og áður hafði verið stefnt að, en sumir samningar eru til lengri tíma.

Meginmarkmið samkomulagsins var að slá á fyrirsjáanlega verðbólgu á árinu 2007, þannig að á síðari hluta ársins mætti vænta þess að hún yrði í takt við 2,5% verðbólguþvingun Seðlabanka Íslands. Ríkisstjórnin kom að þessu samkomulagi með yfirlýsingu um tilteknar aðgerðir, sem miðuðu að því að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði. Á sama tíma lögðu ASÍ og SA fram sameiginlegar tillögur um skýrar og markvissar leikreglur á vinnumarkaði, sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins skuldbundu sig til að fylgja eftir, en mikil fjölgun erlendra starfsmanna, sem margir höfðu verið ráðnir í gegnum starfsmannaleigur, kallaði á auknið eftirlit með því að farið væri eftir settum reglum. Opnun vinnumarkaðar fyrir starfsmönnum frá nýjum aðildarríkjum ESB í A-Evrópu þann 1. maí 2006 var tvímæla-laust áhrifaríkasta og skjótvirkasta efnahagsaðgerðin gegn ofþenslu og ofhitnun á íslenskum vinnumarkaði og stuðlaði ótvírætt að því,

ásamt samkomulagi ASÍ og SA um framhald samninga, að verðbólga tók að hjaðna á ný á síðari hluta ársins 2006.

Gildistími helstu kjarasamninga á samningssviði SA er til ársloka 2007. Þá hafa runnið sitt skeið lengstu almennu kjarasamningar, sem gerðir hafa verið hér á landi. Þeir tóku til fjögurra ára eins og samningarnir þar á undan, en áður höfðu tveggja ára samningstímabil fest sig í sessi með undantekningu, sem fólst í þriggja ára samningstíma á árunum 1997 til 1999. Forsenda þess, að samningar hafa náðst um fjögurra ára samningstíma, er fólgin í ákvæðum um endurskoðun á viðmiðum, sem samningarnir byggja á. Því miður hefur reynt á þau í öllum tilvikum og í því skyni að greiða fyrir farsælli niðurstöðu hefur ríkisvaldið verið kallað að viðræðum í tengslum við endurskoðun þeirra. Ástæður þess að á samningsforsendur hefur reynt er meiri þensla í efnahagslífinu en ætlað var í aðdraganda samninga, tilheyrandi verðbólga, sem þenslunni fylgir, og afdrifaríkar breytingar á íbúðalánamarkaði, sem leitt hafa til verðbreytinga á fasteignum, en síðast en ekki síst hafa kjarasamningar hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, itrekað vikið frá markaðri launastefnu á almennum vinnumarkaði og hafa þeir valdið verulegri áraun á forsendur samninga. Á þessum rúma áratug langra samningstímabila hefur kaupmáttur á almennum vinnumarkaði vaxið meira en áður eru dæmi um. Það hagvaxtarskeið, sem ríkt hefur í landinu að undanförunu, á ekki hvað síst rætur í þeim stöðugleika, sem kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hafa tryggt. Á næstu misserum verður það meginverkefni Samtaka atvinnulífsins að undirbúa nýja kjarasamninga og stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði.

Samskipti aðila á vinnumarkaði hafa á undanförunum árum þróast mjög í jákvæða átt og verið með miklum ágætum. Skipst er á skoðunum og tekist á um mál með vel rökstuddum og yfirveguðum hætti og sameiginlega leita menn lausna, sem augljóslega hafa skilað umbjóðendum samningsaðila verulegum árangri, þegar horft er til meiri kaupmáttarauka og stöðugleika en dæmi eru fyrir um. Hagsmunirnir eru enda gagnkvæmir og samtvinnaðir og er afar mikilvægt, að andrúmsloft trausts og gagnkvæms skilnings milli samningsaðila haldist.

Á liðnu starfsári hafa Samtök atvinnulífsins haldið úti öflugum starfi og lagt félagsmönnum lið við túlkun og framkvæmd kjarasamninga, námskeið hafa verið haldin á ýmsum sviðum og leitast hefur verið við að veita félagsmönnum ráðgjöf og upplýsingar um fjölmörg atriði, sem spurst hefur verið fyrir um og atvinnurekstri tengjast.

Samtök atvinnulífsins telja afar mikilvægt, að íslensk stjórnvöld tryggja íslensku atvinnulífi ávallt sem best samkeppnisskilyrði. Á vettvangi Evrópusambandsins fer nú fram mikið átak til að draga úr regluþyngni. Ætlunin er að draga úr leyfisveitingum, minnka skrifinnsku og auðvelda samskipti við hið opinbera. Enginn vafi er á því, að íslensk stjórnvöld geta unnið mikið og þarft verk á þessu sviði og eru Samtök atvinnulífsins reiðubúin til þess að taka virkan þátt í samstarfi um það verk, sem getur spannað allt svið opinberrar stjórnsýslu.

Ingimundur Sigurpálsson

STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



1.1. AÐALFUNDUR SA 2006

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 25. apríl 2006. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

1.2. FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður
Íslandspóstur hf.

Vilmundur Jósefsson varaformaður
Gæðafæði ehf.

Bjarni Ármannsson
Glitnir banki hf.

Helgi Magnússon
Samtök iðnaðarins

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Hrund Rudolfsdóttir
Eignarhaldsfélagið L&H hf.

Kristín Jóhannesdóttir
Gaurmur ehf.

Áheyrnarfulltrúi
Grímur Sæmundsen
Bláa Lónið hf.

1.3. STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður SA
Íslandspóstur hf.

Vilmundur Jósefsson, varaformaður
Gæðafæði ehf.

Arnar Sigurmundsson
Samtök fiskvinnslustöðva

Bjarni Ármannsson
Glitnir banki hf.

Björgólfur Jóhannsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Brynjólfur Bjarnason
Siminn hf.

Eiríkur Tómasson
Þorbjörn-Fiskanes hf.

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Grímur Sæmundsen
Bláa Lónið hf.

Guðmundur Ásgeirsson
Nesskip hf.

Gunnar Karl Guðmundsson
Skeljungur hf.

Gunnar Sverrisson
Íslenskir aðalverktakar hf.

Helgi Bjarnason
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Helgi Magnússon
Samtök iðnaðarins

Hrund Rudolfsdóttir
Eignarhaldsfélagið L&H hf.

Jens Pétur Jóhannsson
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs ehf.

Jón Karl Ólafsson
Icelandair Group hf.

Kristín Jóhannesdóttir
Gaurmur ehf.

Loftur Árnason
Ístak hf.

Rannveig Rist
Alcan á Íslandi hf.

Sveinn Hannesson
Samtök iðnaðarins

Áheyrnarfulltrúi
Friðrik Sophusson
Landsvirkjun

1.4. STJÓRN VINNUDEILUSJÓBS SA

Sveinn Hannesson, SI
Porgeir Baldursson, Kvos hf.
Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ

1.5. STJÓRN RÉTTARVERNDARSJÓBS SA

Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
Jón Steindór Valdimarsson, SI
Ragnar Árnason, SA

1.6. AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA

Stjórn LÍÚ

Björgólfur Jóhannsson, formaður
Adolf Guðmundsson
Einar Valur Kristjánsson
Eiríkur Tómasson
Guðmundur Kristjánsson
Guðrún Lárusdóttir
Gunnar Ásgeirsson
Hjörtur Gíslason
Kristján Loftsson
Magnús Kristinnsson
Ólafur H. Marteinnsson
Ólafur Rögnvaldsson
Sigurgeir B. Kristgeirsson
Þorsteinn Már Baldvínsson
Þorsteinn Erlingsson

Stjórn Samorku

Franz Árnason formaður
Ásbjörn Ó. Blöndal
Friðrik Sophusson
Guðmundur Þóroddsson
Júlíus Jónsson
Tryggvi Þór Haraldsson
Þórður Guðmundsson

Stjórn SAF

Jón Karl Ólafsson formaður
Anna Sverrisdóttir
Gunnar Guðmundsson
Lára B. Pétursdóttir
Ólafur Torfason
Steingrímur Birgisson
Sævar Skaptason

Stjórn SART

Jens Pétur Jóhannsson formaður
Arnbjörn Óskarsson
Ármann Ármannsson
Ásmundur Einarsson
Guðmundur G. Breiðfjörð
Guðmundur H. Jóhannsson
Jóhann Kristján Einarsson
Magnús Gíslason
Óskar Smári Haraldsson
Sævar Óskarsson
Tómas R. Zoëga

Stjórn SF

Arnar Sigurmundsson formaður
Aðalsteinn Helgason
Ágúst Torfi Hauksson
Einar Sigurðsson
Erla Kristinsdóttir
Gestur Geirsson
Guðmundur Smári Guðmundsson
Gunnar Tómasson
Haukur Björnsson
Hermann Stefánsson
Jóhann Pétur Andersen
Jóhannes Pálsson
Jón E. Friðriksson
Kristján G. Jóakimsson
Öðinn Gestsson
Sigurður Viggósson
Svavar Svavarsson

Stjórn SFF

Bjarni Ármannsson formaður
Ásgeir Baldurs
Friðrik Jóhannsson
Guðmundur Hauksson
Halldór J. Kristjánsson
Helgi Bjarnason
Hreiðar Már Sigurðsson
Sævar Helgason
Valgeir Pálsson

Stjórn SI

Helgi Magnússon formaður
Aðalheiður Héðinsdóttir
Anna María Jónsdóttir
Ingvar Kristinnsson
Loftur Árnason
Sigurður Bragi Guðmundsson
Tómas Már Sigurðsson
Þorsteinn Víglundsson

Stjórn SVP

Hrund Rudolfsdóttir, formaður
Ásbjörn Gíslason
Björn Árni Ágústsson
Brynjólfur Bjarnason
Finnur Árnason
Guðmundur Arason
Ingvi I. Ingason

1.7. SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA EIGA AÐILD AÐ

VINNUMARKAÐSMÁL

Atvinnuleysistryggingasjóður - stjórn

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Aðalm: Ragnar Árnason, SA
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Ábyrgðasjóður launa

Aðalm: Álfheiður M. Sívertsen, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

Stjórn Vinnuálastofnunar

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Ragnar Árnason, SA

Vinnumarkaðsráð

SA skipa þrjá aðalmenn og varamenn þeirra í átta vinnumarkaðsráð á landinu.

Útlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Aðalm: Ragnar Árnason, SA
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

Ráðgjafarnefnd á sviði vinnuverndar

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam: Pétur Reimarsson, SA

Nefnd um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Gústaf Adolf Skúlason, Samorka

ALPJÓÐAMÁL

ILO-þing árið 2006 - fulltrúar SA

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Jón H. Magnússon, SA

Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Ráðgjafarnefnd EFTA

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson SA
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

Samstarfsnefnd um atvinnuleyfi útlendinga

Aðalm: Ragnar Árnason, SA
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Starfshópur vegna rannsóknar og undirbúnings á stofnun átaks í Evrópu í anda Iceland's Naturally.

Aðalm: Gunnar Már Sigurfinnsson, Icelandair ehf.

Starfshópur um norðurslóðamál

Pétur Reimarsson, SA

Efnaðags- og kjaramál

Kjararannsóknarnefnd

Hannes G. Sigurðsson, SA
Sigurður Jónsson, SVP

Kaupskrárnefnd varnarsvæða

Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam: Ragnar Árnason, SA

Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA
Varam: Álfheiður M. Sívertsen, SA

Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA

Nefnd SA og ASÍ um samningsforsendur

Vilhjálmur Egilsson, SA
Hannes G. Sigurðsson, SA

Samráðshópur um launakannanir

Hannes G. Sigurðsson, SA

Starfshópur til að undirbúa lagasetningu um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga

Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

Notendahópur Hagstofu Íslands um þjóðhagsreikninga

Hannes G. Sigurðsson, SA

Nefnd til að skoða kosti og galla verðtryggingar lánsamninga og meta áhrif þess á innlent fjármálakerfi

Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam: Guðlaugur Stefánsson, SA

Nefnd til að fara yfir skattkerfið og varpa ljósi á hvaða þættir gera Ísland samkeppnishæft og skilvirkt

Vilhjálmur Egilsson, SA

Nefnd til að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu

Hannes G. Sigurðsson, SA

FÉLAGSDÓMUR

Aðalm: Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin hf.
Varam: Pétur Guðmundarson, Logos sf.

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisráð

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, Samorka
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

LÍFEYRISSJÓDIR

SA tilnefna 25 fulltrúa atvinnurekenda og varamenn þeirra í stjórnir 9 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.

MENNTAMÁL

SA tilnefna í ýmis ráð og nefndir er fjalla um menntamál. Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.

SAMGÖNGUMÁL

Flugráð

Aðalm: Jens Bjarnason, Tækniþjónustan ehf.
Varam: Hallgrímur Jónsson, Icelandair ehf.
Aðalm: Árni Gunnarsson, Flugfélag Íslands ehf.
Varam: Friðrik Adolfsson, Flugfélag Íslands ehf.

Hafnaráð

Aðalm: Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
Varam: Guðmundur Nikulásason, Eimskip ehf.





SAMGÖNGUMÁL frh.

Nefnd til að yfirfara núverandi vegalög og vinna drög að lagafrumvarpi

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA
Aðalm: Árni Jóhannsson, SI

UMHVERFISMÁL

Nefnd um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga

Bryndís Skúladóttir, SI

Nefnd til að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun um raf- og rafeindaúrgang 2002/96/EB
Pétur Reimarsson, SA

Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA

Pétur Reimarsson, SA
Bryndís Skúladóttir, SI
Sigurður Jónsson, SVÞ

Umhverfisfræðsluráð

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA
Varam: Jónína Gissuradóttir, SA

Fimmta umhverfisþing

Pétur Reimarsson, SA

Dagur umhverfisins 25. apríl 2006 – ákvörðun um veitingu viðurkenninga

Bryndís Skúladóttir, SI

Stjórn Matvælarannsóknna hf.

Arnar Sigurmundsson, SF

UPPLÝSINGA- OG TÖLVUMÁL

Samráðshópur um fjarskiptaáætlun 2005–2010

Guðni B. Guðnason, ANZA hf.
Guðfinnur Johnsen, LIÚ

Stýrihópur um tilraunasamfélög fyrir rafræn

viðskipti í Evrópu
Haukur Oddsson, Glitnir hf.

Starfshópur um auðlindir í allra þágu

Hörður Vilberg, SA

Undirbúningsnefnd vegna Orkupings

Guðstaf Adolf Skúlason, Samorka

Einfaldara Ísland, aðgerðaáætlun

Hannes G. Sigurðsson, SA

Starfshópur um fjarskiptasamband við útlönd

Guðmar Guðmundsson, SUT TM-Software

Stefán Jóhannesson, Þekking hf.

Fjarskiptaráð

Gestur G. Gestsson, Og Vodafone

Hjörtur Þorgilsson, Icelandair ehf.

Páll Ásgrímsson, Síminn hf.

ÚTFLUTNINGSMÁL

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um

utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð

Vilhjálmur Egilsson, SA

Stjórn Útflutningsráðs Íslands (tilnefnd af SA og FÍS)

Aðalm: Valur Valsson, formaður

Aðalm: Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun ehf.

Aðalm: Finnþogi Jónsson, Samherji ehf.

Aðalm: Pétur Björnsson, Ísfell ehf.

VINNUVERNDAR-, ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Vinnueftirlit ríkisins – stjórn

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA

Varam: Ragnheiður Héðinsdóttir, SI

Varam: Ásbjörn Einarsson, Mjöll-Frigg hf.

Heilsuvernd starfsmanna

Aðalm: Pétur Reimarsson, SA

Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

HEILBRIGÐISNEFNDIR

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Aðalm: Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

Varam: Erna Hauksdóttir, SAF

Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Aðalm: Jón Rafn Högnason, Hótel Glymur/
Njörður ehf.

Varam: Trausti Gylfason, Norðurál ehf.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Aðalm: Einar Valur Kristjánsson,
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.

Varam: Áslaug Alfreðsdóttir, Hótel Ísafjörður

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra

Aðalm: Steinar Svavarsson,
Þormóður rammi-Sæberg hf.

Varam: Kristinn R. Guðmundsson,
Staðarskáli ehf

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra

Aðalm: Kristín Halldórsdóttir, Norðurmjólk ehf.

Varam: Sigurgeir Höskuldsson, Norðlenska ehf.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

Aðalm: Benedikt Jóhannsson, Eskja hf.

Varam: Auður Ingólfssdóttir, Hótel Hérað

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Aðalm: Niels Hjaltason,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Varam: Guðmundur Geir Gunnarsson,
MS Selfossi

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Aðalm: Stella Marta Jónsdóttir, Kaffitár ehf.

Varam: Magnús Már Jakobsson,
Bláa lónið ehf.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Aðalm: Gestur Pétursson, InPro ehf.

Varam: Guðrún Þóra Magnúsdóttir, Alcan á Íslandi hf.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Aðalm: Þóra Gréta Þórisdóttir, Plastprent hf.

Varam: Guðni Þórðarson, Borgarplast hf.

ÝMSAR NEFNDIR

Brunamálaráð

Aðalm: Gestur Pétursson, InPro ehf.

Varam: Kári Arngrímsson,
Keflavíkurverktakar hf.

Starfshópur til að fjalla um efni tilskipana

ESB um bann við mismunun með hliðsjón af

aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Kærunefnd lausafjár og þjónustukaupa

Aðalm: Guðrún B. Bjarnadóttir, SA

Varam: Álfheiður M. Sívertsen, SA

Verkefnisráð um réttindi til að stjórna

vinnuvélum

Árni Jóhannsson, SI

Atvinnumálahópur á Húsavík

Helgi Pálsson, Skipaafgreiðsla Húsavíkur

ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum

Jón H. Magnússon, SA

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Pétur Reimarsson, SA

Staðlaráð Íslands

Margrét Sigurðardóttir, ANZA hf.

Samráðshópur til að semja drög að lyffastefnu

og nýjum lyfjalögum

Þórbergur Egilsson, Lyfja hf.

Starfshópur sem fer yfir málefni útlendinga á

íslenskum markaði

Ragnar Árnason, SA

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Árangur einkavæðingar skipaskoðunar

Pétur Reimarsson, SA

Nefndir á vegum BUSINESSEUROPE

Fastafulltrúi: Pétur Reimarsson, SA

Varafastafulltrúi: Sigrún Kristjánsdóttir, SA

Hannes G. Sigurðsson, SA – nefnd um

efnahagsmál

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA – nefnd um

félagsmál

Pétur Reimarsson, SA – nefnd um

umhverfismál

Landsnefnd Alþjóða verslunarráðsins

Ari Edwald, 365 hf.

Stjórn NEMIA

Vilhjálmur Egilsson, SA

EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

2.1 HÆGIR Á VEXTI Í ÞJÓÐAR-
BÚSKAPNUM

Eftir öran vöxt í þjóðarbúskapnum allt frá því að uppsveifla hófst árið 2003 sjást nú merki hjóðunar. Eftir yfir 7% árlegan vöxt landsframleiðslu á árunum 2004 og 2005, áætla Hagstofan nú að hagvöxtur hafi minnkað í 2,6% á árinu 2006. Þjóðartekjur, sem taka einnig tillit til launa- og eignatekna frá útlöndum að frádregnum samsvarendi gjöldum, eru taldar hafa dregist saman um 1,7% á liðnu ári. Þessi niðurstaða er háð nokkurn veginn réttu mati á utanríkisviðskiptum, en eins og fjallað er um síðar má halda því fram að viðskiptahalli hafi verið ofmetinn síðustu árin, en sé það raunin, er vöxtur í þjóðarbúskapnum jafnframt vanmetinn.

Þegar horft er fram á veg er ekki útlit fyrir raunverulegan samdrátt í efnahagsstarfseminni – þrátt fyrir þörf fyrir aðlögun í utanríkisviðskiptum. Er því spáð í þjóðhagsspa fjármálaráðuneytisins frá janúar 2007 að landsframleiðsla vaxi um 2,2% á þessu ári en aukist síðan um 3,1% á árinu

2008. Á hinn bóginn spáði greiningardeild Glitnis í marsmánuði aðeins 1,5% hagvexti á þessu ári en 3,5% vexti á því næsta.

2.2 FJÁRFESTING OG EINKANEYSLA
DRAGAST SAMAN


Vöxt landsframleiðslu undanfarin þrjú ár hefur öðru fremur mátt rekja til aukinnar fjárfestingar og einkaneyslu, en á móti vegur vaxandi innflutningur umfram aukningu útflutnings.

Á árinu 2005 jókst fjárfesting í heild um 34,3%, einkum vegna mikillar aukningar á fjárfestingu atvinnuveganna í tengslum við virkjanir og álver. Á árinu 2006 er talið að fjárfesting hafi vaxið um 13%, en fjármálaráðuneytið spáir 15-20% samdrætti á þessu ári og því næsta og er þar ekki gert ráð fyrir neinum nýjum stóriðjuframkvæmdum.

Í kjölfar breytinga á húsnæðislánmarkaði á árinu 2004 hljóp mikill vöxtur í íbúðabyggingar, sem raunar hafa vaxið samfellt frá árinu 2000. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði hafði þannig liðlega tvöfaldast að magni til á árinu 2006 frá árinu 1999. Methækkun fasteignaverðs á árunum 2004–2005 örvaði framkvæmdaáform. Fasteignamarkaðurinn hefur síðan farið kólnandi, sérstaklega eftir mitt síðasta ár. Velta á íbúðamarkaði hefur minnkað og dregið hefur verulega úr hækkun fasteignaverðs. Hækkunar hafa þó á ný komið fram í byrjun þessa árs og hefur hækkun á lánshlutfalli íbúðalánasjóðs og aukið lánsframboð bankanna í kjölfar hennar kynt undir þeim. Væntanlega er hér þó um að ræða tímabundið frávik frá almennri þróun til hóflegri verðbreytinga. Með hliðsjón af þessu og óvenju miklu framboði nýrra íbúða eru líkur á að íbúðafjárfesting dragist saman á næstu miss-erum. Spáir fjármálaráðuneytið 5% samdrætti á árinu 2007 og 2% á árinu 2008.


Einkaneysla jókst um 12,9% á árinu 2005, en árið 2006 er áætlað að hún hafi aukist um 4,6%. Fjármálaráðuneytið spáir 2% samdrætti einkaneyslu á árinu 2007. Minni sveiflur hafa verið í samneyslu, sem vaxið hefur um 2-4% árlega undanfarin ár. Þjóðarútgjöld í heild jukust um 15,5% á árinu 2005 og um 7,4% á árinu 2006, en fyrir árið 2007 spáir fjármálaráðuneytið 5% samdrætti. Aukning einkaneyslu á árinu 2005 skýrðist af hagstæðu árferði, einkum auknum kaupmætti ráðstöfunartekna, hækkun eignaverðs og skuldbreytingu íbúðalána. Sömu öfl voru að verki framan af ári 2006, en í kjölfar verulegrar veikingar á gengi krónunnar á öðrum ársfjórðungi og hækkandi vaxta tók að hægja

Hagvöxtur á Íslandi og að meðaltali í OECD-rikinum



Heimild: Hagstofan, OECD, Fjármálaráðuneyti (spár 2007–2008)

Viðskiptajöfnuður – Hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofan, áætlanir SA



mjög á vexti einkaneyslu. Til marks um viðsnúning í einkaneyslu má nefna að þrátt fyrir aukningu framan af ári, dróst nýskráning fólksbifreiða saman um 12% á árinu 2006, en á árinu 2005 var aukningin 59%.

Nýjstu vísbandingar um þróun einkaneyslu er m.a. að finna í tölum um greiðslukortaveltu. Á síðustu mánuðum hefur dregið jafnt og þétt úr kortaveltu að teknu tilliti til gengis- og verðlagsþróunar, en í janúar og febrúar 2007 minnkadi hún um riflega 2% miðað við sama tíma árið áður. Þá hefur innflutningur neysluvöru dregist saman síðustu mánuðina. Þó má benda á að væntingavísitala Gallup hefur farið hækkandi undanfarna mánuði og mældist í febrúar 2007 hærrí en frá upphafi mælinga í mars 2001 og gæti þessi bjartsýni ýtt undir aukna neyslu. Þá var tekjuskattur lækkaður í upphafi þessa árs og virðisaukaskattur og vörugjald á matvæli o.fl. frá mars 2007. Er því nokkur óvissa um hver þróun einkaneyslu verður á næstunni, en fjármálaráðuneytið spáir að hún muni dragast saman um 1,7% á þessu ári og verða nánast óbreytt árið 2008.

2.3 MIKILL EN OFMETINN VIÐSKIPTAHALLI

Miklum vexti þjóðarútgjalda undanfarin ár umfram aukna framleiðslu hefur fylgt ójafnvægi, aukin erlend lántaka og vaxandi viðskiptahalli. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti Seðlabanka Ís-

lands um greiðslujöfnuð við útlönd nam viðskiptahalli á árinu 2006 305 milljörðum króna eða 27,5% af landsframleiðslu. Er þetta mesti halli sem mælst hefur hér á landi og gríðarlega hár í alþjóðlegu samhengi. Ástæðurnar eru hátt fjárfestingarstig í hagkerfinu, mikil neyslugleði almennings, mikil erlend skuldasöfnun og hækkandi vextir á erlendum lánum. Jafnframt verður að vekja athygli á að miklir veikleikar virðast vera í upplýsingaöflun um þann hluta utanríkisviðskipta sem lýtur að þjónustu og þáttatekjum, eins og endurteknar leiðréttingar aftur í tímann gefa til kynna. Má færa rök að því að uppgjör Seðlabankans á viðskiptajöfnuði feli í sér verulegt ofmat á viðskiptahalla.

Viðskiptajöfnuður greinist í vöruskipta-, þjónustu- og þáttatekjujöfnuð. Hinn mikli halli á árinu 2006 á rætur í öllum þessum undirliðum. Var vöruskiptahalli um 148 ma.kr., halli á þjónustuviðskiptum um 53 ma.kr. og halli á þáttatekjum um 104 ma.kr. Stór hluti vöruskiptahallans var fyrirsjáanlegur og til kominn vegna gríðarlega mikils innflutnings sem tengist fjárfestingum í álverum og virkjunum. Slíkur halli er ekki hættu-merki þar sem hann er tímabundinn og arður af fjárfestingunni mun greiða niður erlendar lántökur vegna þeirra.

Miklar breytingar hafa orðið á utanríkisviðskiptum þjóðarinnar undanfarin ár með vaxandi vægi þjónustuviðskipta og margföldun erlendra eigna og skulda þjóðarbúsins og hefur jöfnuður þáttatekna að sama skapi vaxið mikið. Þannig hafa erlendar eignir liðlega tífaldast að nafnvirði síðustu fimm ár, úr 412 ma.kr. í árslok 2001 í 4.500 ma.kr. í árslok 2006. Þar af jókst skráð verðmæti erlendra markaðsverðbréfa úr 193 ma.kr. í 2.000 ma.kr. Því skiptir nú mun meira máli en áður að framsetning þjóðhagsreikninga á fjármagnstekjum og –gjöldum endurspegli raunverulega ávöxtun eigna og skulda, en því er nú verulega áfátt í þeim uppgjörsaðferðum sem beitt er.

Í áætlun um greiðslujöfnuð á árinu 2006 er gert ráð fyrir að útflutt þjónusta hafi numið 127 ma.kr. og hafi nánast staðið í stað að nafnvirði og því dregist verulega saman að raunvirði. Ástæða er til að ætla að hér sé um vanmat að ræða. Útflutt þjónusta skiptist í liðina samgöngur, ferðalög og önnur þjónusta. Samkvæmt áætluninni dragast tekjur af samgöngum saman úr 68 ma.kr. á árinu 2005 í 58 ma.kr. á árinu 2006, en vandséð er að svo mikill samdráttur hafi verið í þessari starfsemi.

Ört vaxandi halli á jöfnuði þáttatekna er áhyggjuefni en vekur einnig alvarlegar spurn-




ingar um uppgjörsaðferðir. Jöfnuður þáttatekna er í aðalatriðum munurinn á launum, vöxtum og ávöxtun hlutafjár Íslendinga frá erlendum aðilum annars vegar og samsvarandi greiðslum frá Íslendingum til erlendra aðila hins vegar. Það er einkum tvennt sem veður efasemdir um að núver-

andi uppgjörsaðferð gefi rétta mynd. Í fyrsta lagi er mat á fjármagnstekjum af erlendum fjárfestingum mjög varfærið, þótt það sé samkvæmt erlendri fyrirmynd. Arðgreiðslur og endurfjárfesting hagnaðar í því sem skilgreint er sem bein erlend fjárfesting (10% eignarhlutur eða hærri) eru taldar til tekna, en óinnleystar verðbreytingar eru ekki taldar með, hvorki vegna breytinga á markaðsverði né á gengi íslensku krónunnar. Vextir af erlendum lánum koma hins vegar almennt að fullu til gjalda. Uppgjörsaðferðin felur því í sér vanmat á erlendum fjármagnstekjum og þar með ofmat á viðskiptahalla, þegar verð á erlendum hluta- og verðbréfum er hækkandi. Virðist skorta á samhengi í flæðistærðum í greiðslujöfnuði og stofnstærðum í erlendri stöðu þjóðarbúsins. Má nefna að á árinu 2006 eru erlendar fjármagnstekjur (ávöxtun hlutafjár og vaxtatekjur) í greiðslujöfnuði um 158 ma.kr., en erlendar eignir um 3.502 ma.kr. miðað meðáttal ársloka 2005 og 2006. Í þessu felst aðeins um 4,5% ávöxtun af erlendum eignum. Þessi lága ávöxtun veður undrun í ljósi velgengni og mikils hagnaðar af starfsemi útrásarfyrirtækja á síðasta ári og er lægri en meðalvextir af erlendum skuldum þjóðarinnar. Ef þess í stað væri gert ráð fyrir 8% ávöxtun fælist í þessu ofmat á halla á þáttatekjum og viðskiptajöfnuði sem nemur um 122 ma.kr. og vanmat sem nemur hátt í 12% af þjóðartekjum. Á móti vegur að hluta að fjármagnsgjöld út úr landinu eru líklega einnig vanmetin, en þar er þó um mun lægri fjárhæðir að ræða.


Í öðru lagi skiptir skilgreining á innlendum og erlendum aðilum máli í uppgjöri greiðslujafnaðar. Innlendir aðilar teljast einstaklingar og lögaðilar sem hafa fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs. Umtalsverður hluti fjármálfyrirtækja og annarra skráðra og óskráðra fyrirtækja sem starfa hér á landi telst því skv. flokkunarreglunum í eigu erlendra aðila, bæði eignarhaldsfélaga og Íslendinga með skráða búsetu erlendis. Að svo miklu leyti sem viðkomandi fyrirtæki teljast í eigu erlendra aðila stuðlar mikill hagnaður þeirra upp á síðkastið að auknum viðskiptahalla. Á árinu 2006 námu þannig fjármagnsgjöld sem tengjast ávöxtun erlendra aðila á hlutafé í íslenskum fyrirtækjum um 100 ma.kr. og hafa aldrei verið hærri, en um 91% af þessum hagnaði var endurfjárfest á Íslandi. Hagnaðurinn kemur fram sem bein erlend fjárfesting á Íslandi og skapar því ekki raunverulegt flæði milli landa. Á móti þarf að taka tillit til endurfjárfestingar erlendis. Sé þetta gert má, að mati greiningardeildar Kaupþings,

Verðbólga með og án húsnæðisliðar




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga og verðbólguþáttur Seðlabanka



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Vísitala gengisskráningar



Heimild: Seðlabanki Íslands

ætla að viðskiptahalli sé af þessari ástæðu ofmetinn um u.þ.b. 2% af landsframleiðslu.

Af framangreindu er ljóst að raunverulegt ójafnvægi í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar er umtalsvert minna en opinberar hagtölur gefa til kynna og brýnt að kanna til hlítar hvort ekki er unnt að taka upp framsetningu á greiðslujöfnuði ásamt eigna- og skuldastöðu þjóðarbúsins sem endurspeglar betur tekjur og eignir, þótt þær hafi ekki verið innleystar.

Þegar lítið er fram á veg bendir flest til þess að halli á vöruviðskiptum dragist saman á þessu ári. Gera má ráð fyrir minni innflutningi á fjárfestingarvörum í ár en á síðasta ári. Þá hefur neyslutengdur innflutningur dregist saman undanfarna mánuði og eru líkur á að sú þróun haldi áfram. Á sama tíma mun útflutningur áls aukast og gert er ráð fyrir að verð á helstu útflutningsvörum haldist hátt. Spáir fjármálaráðuneytið því að vöruútflutningur aukist um 17% á þessu ári, en vöruinnflutningur dragist saman um 6%. Telur ráðuneytið horfur á að viðskiptahalli verði 14,5% af landsframleiðslu árið 2007 en lækki í 7% árið 2008 og eru spár greiningerdeilda bankanna í svipuðum dúr.


2.4 SAMKOMULAG Á VINNUMARKADI MIÐAR AÐ HJÖÐNUN VERÐBÓLGU

Í kjölfar lækkunar gengis krónunnar í mars á síðasta ári jókst verðbólga hröðum skrefum og stefndi í ófni í byrjun sumars. Var fyrir séð að verðlagsforsendur kjarasamninga, sem forsendunefnd SA og ASÍ var ætlað að leggja mat á í nóvember, myndu ekki standast. Við þessar aðstæður ákváðu SA og ASÍ að ganga til viðræðna sem leiddu til samkomulags þann 22. júní um breytingar á kjarasamningum, sem tryggði að þeir giltu áfram út samningstímann (sjá kafla 3 um efni samkomulagsins). Í tengslum við samkomulagið sendi ríkisstjórn Íslands frá sér yfirlýsingu um aðgerðir í tengslum við það.

Meginmarkmið samkomulagsins og aðgerða ríkisstjórnarinnar var hjöðnun verðbólgu. Leiðin að því marki var að draga úr verðbólguvæntingum, koma launaþróun í viðráðanlegan farveg og stuðla að betra jafnvægi í efnahagslífinu með opinberum aðgerðum til að draga úr eftirspurn. Mat samningsaðila var það að ef ekki yrði gripið í taumana myndi verðbólga fara vaxandi, verulegar líkur væru á uppsögn kjarasamninga og við tæki mikið óvissuástand í aðdraganda Alþingis kosninga.


Við gerð samkomulagsins töldu samningsaðilar að fyrst í stað myndi verðbólga óhjákvæmilega

Launaþróun á Íslandi og í viðskiptalöndunum



Heimild: Hagstofan, Fjármálaráðuneyti (spá 2007–2008), OECD

Hlutfurð launa og tengdra gjalda í verðmætasköpuninni (skiptingin milli launa og fjármagns)



Heimild: Hagstofan, vefur Eurostat, mars 2007

vaxa en hjaðna síðan hratt á árinu 2007 og verða komin að 2,5% verðbólguþröngun kjarasamninga og Seðlabankans í árslok. Í verðbólguþröngun frá því í júlí taldi Seðlabankinn hins vegar að sú viðbótarlaunahækkun sem samið var um myndi auka verðbólguþröngun. Með hliðsjón m.a. af þessu sem og af lægra gengi krónunnar spáði bankinn því að verðbólga myndi vaxa í um 11% á 4. ársfjórðungi 2006 og að það háa verðbólguþröngun héldist áfram á fyrri helmingi ársins 2007, en lækkaði síðan hægt. Ennþá yrði verðbólga þó 4-6% í lok spátímabilsins á 2. ársfjórðungi 2008 og því fjarri því að 2,5% verðbólguþröngun næðist á næstu tveim árum.

Sem betur fer gekk verðbólguþröngun Seðlabankans frá júlí 2006 ekki eftir og árangur í hjöðnun verðbólgu orðið töluvert betri en varfærnar áætlanir SA og ASÍ. Þegar miðað er við 12 mánaða verðbólgu aftur í tímann, náði verðbólgan hámarki í ágúst mánuði, 8,6%, en hefur síðan farið lækkandi og standa vonir til að 2,5% verðbólguþröngun verði náð upp úr miðju þessu ári.




Með samstilltu átaki aðila á vinnumarkaði og stjórnvalda hafa verðbólguvæntingar minnkað og óvænt launaskrið hefur ekki komið fram, gagnstætt því sem Seðlabankinn spáði. Þá hefur smám saman dregið úr eftirspurnarþenslu í hagkerfinu. Framboðshlið hagkerfisins er mun öflugri eftir opnun vinnumarkaðarins og meiri framleiðslugetu vegna fjárfestinga í atvinnulífinu. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkun skattlagningar á mat- og drykkjarvörum og langþráð samræming skattlagningar þeirra, sem kom til framkvæmda 1. mars síðastliðinn, hefur að vísu ekki varanleg áhrif til lækkunar verðbólgu en leiðir til þess að hún gengur hraðar niður á þessu ári og verðbólgu markmiðið næst fyrr en áður var ætlað.

2.5 LAUNAHÆKKANIR MUN MEIRI EN Í VIÐSKIPTALÖNDUNUM

Laun hér á landi hafa hækkað mikið undanfarin tvö ár eða um 6,9% að meðaltali á árinu 2005 og 9,6% á árinu 2006 samkvæmt vísitölu launa, sem tekur til alls vinnumarkaðarins. Launahækkanir á

Framleiðsla á vinnustund 2002–2006




evru-svæðinu námu að meðaltali 1,8% á síðasta ári og hafa haldist á bilinu 1–2,5% undanfarin ár. Í OECD ríkjunum voru launahækkanir að jafnaði 4,1% á síðasta ári og raunar talsvert meiri en næstu ár á undan. Hækkun launa hér á landi var því riflega fimmföld miðað við breytingar á evru-svæðinu og riflega tvöföld miðað við OECD ríkin. Misvægi milli launahækkana hér á landi og í samkeppnislöndunum hefur því farið vaxandi.


Hagstofa Íslands birti í fyrsta sinn í mars 2007 vísitölu launa eftir atvinnugreinum og starfsstéttum, en vísitalan mælir þróun reglulegra launa á almennum vinnumarkaði og mun birtast ársfjórðungslega. Launahugtakið regluleg laun endurspeglar laun sem greidd eru mánaðarlega fyrir umsamda vinnuskyldu. Regluleg laun innihalda grunddagvinnulaun, vaktaálag, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur og afkastatengdar bónusgreiðslur sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Í reglulegum launum er ekki tekið tillit til yfirvinnugreiðslna, uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna og greiðslna sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, s.s. eingreiðslna, hvort sem þær eru greiddar samkvæmt kjarasamningum eða ekki.

Meðalhækkun vísitölu launa á almennum vinnumarkaði milli árana 2005 og 2006 var 10,3%. Þegar horft er til launabreytinga frá 1. ársfjórðungi 2005 til 4. ársfjórðungs 2006 hækkaði vísitalan hins vegar um 17,1%. Á þessu tímabili varð mest hækkun launa í samgöngum og flutningum eða 21,7%, en minnst í verslun og viðgerðarþjónustu, 15,6%. Sé litið til skiptingar launahækkana eftir starfsstéttum hækkuðu þau mest hjá verkafólki eða 19,2% en minnst hjá iðnaðarmönnum, 14,5%, en þess ber að geta að laun fyrir ákvæðisvinnu eru ekki meðtalin í launa-


Hækkun launa eftir atvinnugreinum frá 1. ársfjórðungi 2005 til 4. ársfjórðungs 2006



Hækkun launa eftir starfsstéttum frá 1. ársfjórðungi 2005 til 4. ársfjórðungs 2006



Fjöldi starfandi fólks og atvinnuþátttaka (%) í hlutfalli við mannafla



visitólum, en þau ráða miklu um launaþróun í byggingariðnaði, og því er líklega um vanmat að ræða hvað iðnaðarmenn varðar.

2.6 LAUNAHLUTFALL SLÆR FYRRI MET

Skipting virðisaukans sem verður til í atvinnurekstri milli launa og vergs rekstrarhagnaðar gefur mikilvæga vísbendingu um hag atvinnurekstrar. Hér á landi hækkaði þetta hlutfall mikið á árunum 1998 og 1999 og hefur síðan oftast haldist á bilinu 63–66%. Nýjustu upplýsingar gefa til kynna að launahlutfallið hafi náð nýjum hæðum og verið um 69% á árinu 2005 og 72% á árinu 2006. Samræmdar upplýsingar um skiptingu landsframleiðslu eftir framleiðsluþáttum ná aftur til ársins 1973 og eru þetta hæstu hlutföllin á öllu þessu tímabili. Í löndum Evrópusambandsins hefur hlutfallið í heild haldist fremur stöðugt og verið 56-57%. Undanfarin ár hefur launahlutfallið hér á landi því verið mun hærra en almennt gerist í ESB-löndum, en áður var hlutfallið hér nær því sem þar gerist. Þetta háa hlutfall hér á landi fær vart staðist til lengdar og mun bitna á fjárfestingum og draga úr hagvexti í framtíðinni.

2.7 MINNKANDI FRAMLEIÐNI

Aukin framleiðni er forsenda fyrir auknum kaupmætti og bættum hag. Hér á landi er engar opinberar hagtölur um framleiðni að finna, ólíkt því sem gerist meðal annarra ríkja, og eru engar upplýsingar fáanlegar um afköst á mann eða vinnustund. Reynt er að bæta úr þessu með því að áætla breytingar á framleiðni vinnuafls á grundvelli útreikninga á framleiðsluvexti (hagvexti) á hverja vinnustund. Ræðst þá heildarfjöldi vinnustunda af fjölda starfandi, atvinnuþátttöku og vinnutíma. Samkvæmt þessari aðferð jókst framleiðni á vinnustund um 3-7% á árunum

2003–2006, en dróst hins vegar saman um tæplega 3% á síðasta ári. Sú niðurstaða er háð því að mat á hagvexti sé rétt, en eins og fram hefur komið má ætla að útflutningur á þjónustu og fjármagnstekjur frá útlöndum séu vanmetin í opinberum hagtölum fyrir síðasta ár, sem hefur í för með sér að landsframleiðsla og þjóðartekjur séu einnig vanmetin.

Framleiðni vinnuafls vex jafnan í upphafi efnahagsbata í hagkerfinu þegar vannytt framleiðslugeta er tekin í notkun. Minnkandi vinnuafslnotkun á árunum 2002 og 2003 bendir til þess að vinnusparandi fjárfestingar fyrri ára, í tölvutækni og hugbúnaði, komi fram með þessari töf. Til skamms tíma eru slíki framleiðniaukningu þó takmörk sett, og leiðir framleiðsluaukning um síðir til aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli, eins og raun varð síðustu tvö árin.




2.8 VÍSBENDINGAR UM VIÐSNÚNING Á VINNUMARKAÐI


Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands bendir til þess að vinnuafslnotkun hafi aukist verulega á flesta mælikvarða á árinu 2006. Þá voru að jafnaði starfandi um 169.600 manns og hafa ekki áður verið fleiri. Nam fjölgunin um 5,1% frá árinu áður. Körlum á aldrinum 25-54 ára fjölgaði mest, eða um 8,5%, og gætti þar án efa áhrifa af erlendu starfsfólki við virkjanir og uppbyggingu stóriðju. Atvinnuþátttaka var einnig með mesta móti á árinu 2006 eða 83,1%, en árið 2005 var hún 82%. Er þetta langmesta atvinnuþátttaka sem fyrir finnst í öllum OECD-ríkjunum. Heildarvinnutími á viku var að jafnaði 42,4 klst. eða svipaður og árið áður.

Allt frá því snemma árs 2004 hefur skráð atvinnuleysi farið minnkandi og náði lágmarki í september og október 2006, þegar það mældist

Atvinnuleysi – árstíðaleiðrétt



Stýrivextir Seðlabankans, ávöxtun íbúðabréfa og gengisvísitala krónunnar frá apríl 2004



Heimild: Seðlabanki Íslands



1%. Atvinnuleysi hefur aukist lítillega undanfarna mánuði og var 1,3% í janúar til mars 2007, en árstíðaleiðrétt atvinnuleysi var þá 1,1%. Er líklegt að atvinnuleysi hafi þegar náð lágmarki í núverandi hagsveiflu.

Erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnu- markaði hefur fjölgað mjög undanfarin ár og hefur það átt stóran þátt í auknu framboði vinnuafis. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands sem byggja á staðgreiðsluskram fjölgaði útlendingum t.d. úr 6.590 á árinu 2004 í 9.010 á árinu 2005 eða í um 5,5% af mannafla. Nýrri upplýsingar samkvæmt sömu heimild liggja ekki fyrir, en áætlanir Vinnuálastofnunar, sem styðjast við útgefin atvinnuleyfi og tilkynningar um ráðningar ríkisborgara frá EES-löndum, gera ráð fyrir að á árinu 2006 hafi um 17.400 erlendir ríkisborgarar verið starfandi hér á landi eða um 9% af heildarmannafla. Er þetta talsvert hærra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndum, en á árinu 2005 var hlutfallið 1,7% í Finnlandi, 3,4% í Danmörku, 4,3% í Noregi og 5% í Svíþjóð.

Hinn 1. maí síðastliðinn féllu niður tíma- bundnar takmarkanir á frjálsum aðgangi ríkis- borgara frá átta nýjum aðildarlöndum ESB og EES að íslenskum vinnu- markaði. Í kjölfarið hefur vinnu- markaðurinn virkað mun betur en áður og umframeftirspurn eftir starfsfólki hefur minnkað. Meginbreytingin fólst í því að fyrirtæki gátu ráðið starfsfólk frá nýju EES- ríkjunum beint og milliliðalaust í stað þess að treysta á starfsmannaleigur eða biða langtímum saman eftir því að geta mannað laus störf. Með þessu varð vinnu- mark- aðurinn miklu hæfari til þess að aðlagast breyttum aðstæðum og mjög hefur dregið úr notkun á þjónustu starfsmannaleiga. Framboðshliðin á vinnu- markaðnum hefur þannig verið efl- d, vinnu- markaðurinn orðið einsleitari þar sem færri starfa

á öðrum forsendum en almennt tíðkast og sam- keppnisstaða fyrirtækja jafnast.

Lítið atvinnuleysi, mikil atvinnuþátttaka, auk- in þátttaka útlendinga á íslenskum vinnu- mark- aði, löng vinnuvika og launahækkanir umfram umsamdar launabreytingar eru allt merki um mikla spennu á vinnu- markaði. Nokkrar vísbend- ingar eru þó um að eftirspurn eftir vinnuafli hafi náð hámarki í núverandi hagsveiflu. Tölur frá fyrstu mánuðum þessa árs um útgáfu atvinnu- leyfa til útlendinga og tilkynningar um ráðningar útlendinga frá A-Evrópu benda til að mynda til ívið minni eftirspurnar, þótt samanburður við fyrri ár sé reyndar vandkvæðum bundinn vegna breytinga á reglum um atvinnuleyfi og skráningu á ráðningum. Þá sýnir könnun Capacent á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja lands- ins, sem gerð er fyrir SA, að jafnvægi aukist á vinnu- markaðnum í desember 2006 og febrúar 2007 þar sem hlutfall þátttökufyrirtækja sem skorti starfsfólk hafði þá lækkað í um 40% úr ríflega 50% í könnunum fyrr á árinu 2006. Þegar liður á árið og hægir á stóriðjuframkvæmdum og annarri fjárfestingu má gera ráð fyrir að það dragi frekar úr spennunni á vinnu- markaði.

2.9 GÓÐ AFKOMA HINS OPINBERA

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam tekjuafgangur hins opinbera á árinu 2006 tæplega 61 ma.kr. eða 5,3% af landsframleiðslu, en árið áður var tekjuafgangur 5,2% af lands- framleiðslu. Verður þessi hagstæða niðurstaða einkum rakin til góðrar afkomu ríkissjóðs, en tekjuafgangur hans á árinu 2006 var tæplega 53 ma.kr., sem svarar til 13,4% af heildartekjum og 4,6% af landsframleiðslu. Með tekjujöfnuði er hér átt við mismun tekna og gjalda á rekstrar- grunni en ekki greiðslugrunni, þ.e. skuldbinding- ar eru færðar til tekna og gjalda þegar til þeirra er stofnað.

Sveitarfélögin skiluðu einnig jákvæðri af- komu á árinu 2006, ríflega 5 ma.kr., sem svarar til 3,6% af heildartekjum og 0,5% af lands- framleiðslu. Samkvæmt endurskoðuðum tölum fyrir árið 2005 var afkoma sveitarfélaganna svipuð á því ári. Eftir langvarandi hallarekstur sveitarfélaganna allt frá árinu 1990 er það fagn- aðarefni að afkoma þeirra hefur nú loks batnað, ekki síst í ljósi aukins mikilvægis sveitarféлага, en hlutfall útgjalda þeirra af heildarútgjöldum hins opinbera jókst úr um 20% á árinu 1990 í rúmlega 30% á árinu 2006. Þótt tekjuafgang- urinn á árunum 2005 og 2006 sé ekki mikill er þetta samt besta afkoma sveitarfélaganna allt

frá árinu 1984 þegar miðað er við hlutfall af landsframleiðslu.

Um 80% af tekjum hins opinbera eru skatttekjur og eru tekjuliðir og afkoma því næm fyrir stöðu efnahagslífsins. Eftir mikinn vöxt síðustu ára hafa tekjur vaxið umfram gjöld. Eftir því sem dregur úr neyslu og fjárfestingu á þessu og næsta ári má hins vegar gera ráð fyrir að tekjur minnki og afkoma versni verulega.

2.10 HÆKKANDI RAUNGENGI OG HÁIR STÝRIVEXTIR PRENGJA AÐ SAMKEPPNISSTÖÐU


Á árinu 2005 var raungengi krónunnar mjög hátt í sögulegu samhengi og samræmdist ekki ytra jafnvægi í þjóðarbúskapnum, enda jókst þá viðskiptahalli hröðum skrefum. Gengislækkun krónunnar í mars og apríl á síðasta ári var tímabær leiðrétting og styrkti um leið samkeppnisstöðu fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni. Á tímabilinu apríl til júlí 2006 var gengisvísitala krónunnar að jafnaði um 129 stig. Eftir það hækkaði gengi krónunnar og hélst gengisvísitala nálægt 122 stigum frá september 2006 til mars 2007. Samkeppnisstaðan hefur því rýrnað af þessum sökum. Vegna mikilla verð- og launahækkana hefur raungengi krónunnar hækkað ennþá meira á sama tíma hvort sem miðað er við hlutfallslegt verðlag eða laun. Þegar litið er til síðustu tveggja ára í heild var raungengi krónunnar miðað við hlutfallsleg laun þannig hið sama að meðaltali á árinu 2006 og árið áður. Mælt á þennan kvarða var því samkeppnisstaða fyrirtækja að jafnaði engu betri á árinu 2006 en árið áður. Á móti vegur að verð á helstu útflutningsafurðum hækkaði talsvert á árinu og standa vonir til þess að hagstætt verð haldist áfram á næstunni.

Frá maí 2004 til desember 2006 hefur Seðlabanki Íslands hækkað stýrivexti sína 17 sinnum, úr 5,3% í 14,25%. Eru núverandi stýrivextir meðal þess hæsta sem þekkist á Vesturlöndum. Þessar ráðstafanir eru mikilvægasti þátturinn í peningamálastjórn bankans en þeim er ætlað að draga úr innlendra eftirspurn með því að hækka vaxtastig og lækka þar með verðbólgu niður að verðbólguþröngmiðri bankans. Skuldir heimila og fyrirtækja eru hins vegar að meirihluta til verð- eða gengistryggðar. Hafa vaxtahækkarnir Seðlabankans aðeins að takmörkuðu leyti haft áhrif á vexti þessara lána og hafa ekki megnað að halda nægjanlega aftur af eftirspurn. Vextir á verðtrygðum lánnum, t.d. útlánnum Íbúðalánasjóds, hafa þó heldur þökast upp á undanförunum mánuðum, en það má þó fremur rekja til




annarra þátta en stýrivaxta Seðlabankans, m.a. hækkingar vaxta erlendis. Áhrif stýrivaxtanna hafa einkum birst í því að styðja við gengi krónunnar, enda hefur vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda mikil áhrif á gjaldeyrisflæði til og frá landinu og þar með á gengi krónunnar. Verðlagsáhrifin felast einkum í því að halda niðri verði á innfluttri vöru og þjónustu, sem um leið hefur orðið til þess að auka á ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og kynda undir viðskiptahalla og erlendri skuldaföfnun.

Þróun raungengis á mælikvarða launa á Íslandi samanborið við meðaltal ESB ríkjanna. 1995=100



Heimild: Seðlabanki Íslands, ECB

Vaxtamunur milli Íslands og Evrópu – Mánuðir þegar vöxtum er breytt eru sýndir



Heimild: Seðlabanki Íslands, ECB

KJARAMÁL OG SAMNINGAR

3.1. KJARASAMNINGAR ENDURSKOÐAÐIR Í JÚNÍ

Á vormánuðum 2006 lá fyrir að allir kjarasamningar yrðu uppsegjanlegir frá ársbyrjun 2007, samkvæmt forsenduákvæðum kjarasamninga, í kjölfar lækkunar á gengi krónunnar og hækkunar vísitölu neysluverðs. Í óformlegum viðræðum SA við forystumenn verkalyðshreyfingarinnar fæddist sú hugmynd að flýta endurskoðun samninga og eyða þannig óvissu um framvindu á árinu 2007 og freista þess að ná verðbólgunni niður að 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans um mitt ár 2007. Þannig yrðu skapaðar forsendur fyrir skynsamlegum kjarasamningum í ársbyrjun 2008 en ella stefndi í mikla og vaxandi verðbólgu. Þann 2. júní lagði SA fram heildstætt tilboð fyrir ASÍ og landssambönd þess, en hugmyndir SA höfðu áður verið til umfjöllunar á fundi fulltrúaráðs SA og í stjórnnum samtakanna. Tillögum þessum var almennt vel tekið en ASÍ lagði jafnframt áherslu á ýmsar úrbætur varðandi reglur um starfsmenn erlendra þjónustufyrirtækja og upplýsingagjöf til útlendinga. Samkomulag var undirritað 22. júní og var það í fjórum liðum:



1. Samkomulag forsendunefndar. Launamönnunum sem voru í starfi í júlíbyrjun 2006 og starfað höfðu samfelt hjá sama vinnuveitanda frá júní 2005 var tryggt að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma. Ef launahækkun starfsmanns hafði verið minni á framangreindu tímabili skyldu laun hans hækka frá 1. júlí um mismuninn á 5,5% og þeirri launahækkun sem hann naut á umræddu tímabili. Með þessu samkomulagi forsendunefndar var tryggt að kjarasamningar myndu halda gildi sínu út umsaminn gildistíma og uppsögn því óheimil.



2. Kjarasamningur um taxtaviðauka milli landsambanda ASÍ og SA. Markmiðið var að taka stórt skref í átt til þess að jafna taxaumhverfið á almenna markaðnum við það sem gildir hjá hinu opinbera. Allir kauptaxtar í kjarasamningum SA hækkuðu um kr. 15.000, jafnt í öllum launaflokkum og launabrepum. Þeir sem höfðu hærri laun en umsamdir taxtar áttu ekki rétt á launahækkun skv. samningnum.
3. Markmið um hjöðnun verðbólgu, þannig að verðbólgu markmiði SÍ náist á síðari hluta 2007.
4. Vinnumarkaðsmál. ASÍ og SA gerðu sérstakt samkomulag vegna erlendra starfsmanna, þar sem þess var sérstaklega gætt að íþyngja ekki fyrirtækjum sem hafa hlutina í lagi en beina aðgerðum þangað sem þeir eru í ólagi.

Í tengslum við samkomulag ASÍ og SA sendi ríkisstjórn Íslands frá sér yfirlýsingu þar sem ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til samstarfs um ákveðnar aðgerðir til að stuðla að áframhaldandi stöðugleika á vinnumarkaði. Í yfirlýsingunni voru gefin fyrirheit um hækkun persónuafsláttar, vaxta- og barnabóta, atvinnuleysisbóta, hækkun framlaga til starfsmenntamála og samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar um málefni erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði. Þá lagði SA mikla áherslu á það í viðræðum við stjórnvöld að íbúðalánasjóður væri ekki leiðandi á íbúðalánamarkaði varðandi lánshlutföll og vexti og að útbúa þyrfti fjármálarreglur fyrir sveitarfélög þannig að þau tækju þátt í hagstjórninni með ríkisvaldinu.

Framangreind sáttargjörð fékk mjög góðar viðtökur í atvinnulífinu, því þótt útgjaldaauki fyrirtækja hafi orðið mikill, hefði hann fyrirsjáanlega orðið mun meiri, og þar með verðbólgan, ef þetta samkomulag hefði ekki náðst.

3.2. ORKUBÚ VESTFJARÐA

Kjarasamningur við Vélstjórufélag Íslands vegna vélfræðinga hjá Orkubúi Vestfjarða hf. var undirritaður 7. júlí 2006 og gildir hann til 31. desember 2008.

STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI

4.1 ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Útgjöld Ábyrgðasjóðs drógust töluvert saman á árinu 2006 og tekjur jukust umtalsvert vegna hækkunar ábyrgðargjaldsins í upphafi ársins. Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 434 m.kr. árið 2006 og hafa þær lækkað um 250 m.kr. eða 36% á milli ára. Þar af voru um 142 milljónir vegna launa og orlofs og um 160 milljónir vegna lífeyrissjóða. Heildartekjur voru um 675 m.kr., sem skiptist í 70 m.kr. vegna úthlutunar úr þrotabúum og ábyrgðargjald 605 m.kr. Skuld sjóðsins við ríkissjóð var um 800 m.kr. í lok árs 2006 að teknu tilliti til fjármagnsgjalda af neikvæðri fjárhagsstöðu sjóðsins. Vonast er til að staða sjóðsins verði orðin ásættanleg innan fárra ára.

4.2 ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Tekjustofn sjóðsins er atvinnuþryggingagjald sem er 0,65% af sama gjaldstofni og almennt tryggingagjald. Eigið fé sjóðsins í árslok 2006 var um 10.000 m.kr. sem er 2.800 m.kr. hærra en í árslok 2005. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins að frádregnum fjármagnstekjuskatti verði um 900 m.kr. fyrir árið 2006 en voru 541 m.kr. árið 2005. Áætlaðar tekjur af atvinnuþryggingagjaldi eru 3.900 m.kr. árið 2006 en voru 3.500 m.kr. 2005. Heildarútgjöld sjóðsins á árinu 2006 voru 2.935 m.kr. en 3.745 m.kr. árið á undan. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 2.214 m.kr. en 3.059 m.kr. árið á undan. Meðal-atvinnuleysi var 1,3% árið 2006 og spá fjármálaráðuneytisins um atvinnuleysi er 1,8% fyrir árið 2007 en spá Vinnuálastofnunar er 1,4-1,6%. Vinnuálastofnun annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn og greiðir sjóðurinn um 300 m.kr. til stofnunarinnar samkvæmt þjónustusamningi og fjárlögum fyrir árið 2007.

Í tilefni af 50 ára afmæli Atvinnuleysisþryggingasjóðs vorið 2006 ákvað stjórn sjóðsins að láta skrifa sögu sjóðsins sem ráðgert var að kæmi út á afmælisárinu en mun frestast til vors 2007.

Lögum um atvinnuleysisþryggingar var breytt í júní 2006 með lögum nr. 54/2006. Meginbreytingar eru þær að bætur eru tekjutengdar fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis og nema 70% af meðaltali heildarlauna, þó að hámarki kr. 180.000. Þá verður ein úthlutunarnefnd fyrir landið allt í stað níu áður og Vinnuálastofnun mun taka yfir alla vinnu við útreikning og afgreiðslu atvinnuleysisbóta. Bætur verða greiddar mánaðarlega í stað tvisvar í mánuði áður sem sparar m.a. póstkostnað við útsendingu



launaseðla um helming. Auk þess sparast vinna á vinnumiðlunum þar sem ekki er gert ráð fyrir að atvinnulausir komi vikulega til skráningar eins og áður heldur komi til viðtals við ráðgjafa með vissu millibili. Lögbundið er að gera skuli þjónustusamning milli sjóðsins og Vinnuálastofnunar og er nauðsynlegt að skoða áhrif lagabreytinga á gerð nýs þjónustusamnings Atvinnuleysisþryggingasjóðs við Vinnuálastofnun.

4.3 VINNUMÁLASTOFNUN

Lög nr. 54/2006 um atvinnuleysisþryggingar og lög nr. 55/2006 um vinnuálastofnunir leiddu til breytinga á starfsemi Vinnuálastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysisþryggingar er Vinnuálastofnun falið að annast fjárvörslu Atvinnuleysisþryggingasjóðs og framkvæmd laganna á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysisþryggingasjóðs. Með því færast öll vinna við útreikning





og afgreiðslu atvinnuleysisbóta til Vinnumálastofnunar sem hafði áður verið unnin af svæðisvinnumiðlum utan höfuðborgarsvæðisins og stéttarfélagunum Eflingu og VR varðandi höfuðborgarsvæðið. Ákveðið hefur verið að opna skrifstofu á Skagaströnd í apríl 2007 til að annast þessa vinnu fyrir allt landið. Með því ætti að vera hægt að ná fram lækkun heildarkostnaðar við útreikning og afgreiðslu atvinnuleysisbóta. Þá hefur fæðingarorlofsjóður verið fluttur frá Tryggingastofnun til Vinnumálastofnunar sem hefur opnað skrifstofu á Hvammstanga til að sinna þeim verkefnum. Fyrir utan hefðbundin verkefni um aðstoð við atvinnuleit er gert ráð fyrir að stofnunin taki að sér að annast um starfsendurhæfingu. Útlit er fyrir hallarekstur stofnunarinnar árið 2007 þar sem stofnuninni

hafa verið falin ýmis ný verkefni undanfarið svo sem varðandi starfsmannaleigur og eftirlit með útlendingum án þess að tilsvarandi fjármagn hafi fylgt.

4.4 SAMKOMULAG SA OG ASÍ UM ERLENDA STARFSMENN O.FL.

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í júní 2006 náðist samkomulag milli SA og ASÍ um tillögur vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi. Markmið tillagnanna var að skýra leikreglur á vinnumarkaði og tryggja að réttur væri ekki brotinn á launafólki. Tillögur þessar voru lagðar fram sem sameiginlegar áherslur SA og ASÍ í nefnd sem félagsmálaráðherra hafði skipað stuttu áður og ætlað var að gera tillögur um styrkingu vinnumarkaðarins. Sérstök áhersla var lögð á stöðu starfsmanna sem sendir eru til Íslands tímabundið á vegum erlendra fyrirtækja og skilaði nefndin af sér drögum að frumvarpi til nýrra laga. Þegar þetta er ritað er nefndarstarfið enn í gangi og unnið að framgangi tillagnanna.

4.5 NEFNDIR OG RÁÐ

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði vinnumarkaðsmála sem SA eiga aðild að.



JAFNRÉTTISMÁL



Jafnréttismálin bar hátt á starfsárinu. SA átti meðal annars aðild að afar fjölsóttri námsstefnu um konur og stjórnun fyrirtækja. Þá skilaði nefnd um endurskoðun jafnréttislaga frumvarpi að nýjum jafnréttislögum eins og fram kemur hér að neðan.

5.1. VIRKJUM KRAFT KVENNA

Námsstefnan *Virkjum kraft kvenna* fór fram fyrir fullu húsi þann 11. janúar á Hótel Nordica. Á fimmta hundrað þátttakendur, að miklum meirihluta konur, hlýddu á fjölbreytt erindi um konur og stjórnun fyrirtækja ásamt því að taka þátt í fjörlegum umræðum. Félag kvenna í atvinnurekstri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Samtök atvinnulífsins stóðu að námsstefnunni. Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, setti námsstefnuna og lagði í erindi sínu mikla áherslu á að það væri mikilvægt hagsmunamál allra að kraftur kvenna væri virkjaður, það væri ekkert einkamál kvenna að ræða þessi mál, karlar þyrftu líka að láta til sín taka á þessum vettvangi.

Að markaðssetja eigin auðlindir

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík talaði um mikilvægi þess að vera í forystu og benti meðal annars á að til að geta markaðssett eigin auðlindir á réttan hátt sé mikilvægt að þekkja sjálfan sig, drauma sína og markmið og marka leiðina að þeim. Aðrir frummælendur voru þær Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, Kaffitárs og ÁTVR sem miðlaði fundarmönnum af reynslu sinni af stjórnarstörfum og Lilja Dóra Halldórsdóttir lögfræðingur, MBA aðjúnkt við viðskiptadeild HR,

sem fjallaði um skyldur og ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum. Líflugar umræður spunnust um konur og karla, stjórnun og stjórnarsetu. Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands, Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lauga Spa, Hrönn Greipsdóttir, hótélstjóri Radisson SAS Hótel Sögu og Steinunn Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Glitnis í London tóku þátt í pallborðsumræðum, m.a. um kynjakvóta en þær sögðust allar mótfallnar slíkum hugmyndum. Í umræðunum kom skýrt fram að með meiri fjölbreytni í atvinnulífinu, jafnari hlut karla og kvenna, myndaðist meiri sköpunarkraftur í þjóðfélaginu og fleiri lausnir yrðu til.

Í umræðum um val í stjórnir tóku þátt Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims, Jafet S. Ólafsson, stjórnarmaður VBS fjárfestingarbanka og Þorkell Sigurlaugsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs HR. Voru þeir á sama máli um að kynjakvótar væru ekki æskilegir í atvinnulífinu – aðrar leiðir væru betur til þess fallnar að greiða konum leið. Það væri jafnframt afar slæmt að nýta ekki helming þjóðarinnar – þann auð sem fólgin er í vel menntuðum konum.



5.2 NEFND UM ENDURSKOÐUN JAFNRÉTTISLAGA

Í júní 2006 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða efni laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Formaður nefndarinnar var Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, en þar áttu sæti fulltrúar stjórnmaflokka auk framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu. Umboð nefndarinnar til endurskoðunar laganna var rúmt en skilaboð ráðherra voru m.a. að mikilvægt væri að kanna hvort unnt væri að kveða nánar á í lögum um aðgerðir sem væru til þess fallnar að stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og huga sérstaklega að kynbundnum launamun. Þá var einnig bent á að mikilvægt væri að gera konum og körlum kleift að samhæfa fjölskyldu- og atvinnulíf, en þótt ákvæði um slíkt væri í lögum þá virtist svo vera að fólk beitti því ekki fyrir sig gagnvart vinnuveitendum. Minnt var einnig á að nauðsynlegt væri að gæta þess að löggin væru í samræmi við Evróputilskipanir á sviði jafnréttismála. Þá var bent sérstaklega á að huga bæri að hlutverki Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs og efla kærunefnd jafnréttismála og gera hana áhrifameiri og einnig að fara þyrfti yfir skilgreiningar laganna þannig að þau væru vel skiljanleg almenningi. Þá var gert ráð fyrir að nefndin hefði samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins, Kvenréttindafélag Íslands og




aðra þá aðila, sem láta sig jafnréttismál varða. Í samræmi við það kom fjöldi aðila á fund nefndarinnar.

Nefndarmönnum kynnt sjónarmið SA

Fulltrúar SA komu tvisvar fyrir nefndina og skýrðu sjónarmið samtakanna. Þá þáði formaður nefndarinnar boð SA um að koma á fund jafnréttishóps SA til að kynna viðhorfum aðildarfyrirtækja samtakanna.

Af hálfu SA var lögð áhersla á að jafnréttislöggjöfin væri ekki flókin og hefði að geyma skýrar grundvallarreglur sem tryggðu jafna stöðu óháð kynferði hvað varðar laun og starfsframa. Að skilgreiningar laganna veittu nægilegt svigrúm til þess að taka meg fullt tillit til rekstrarsjónarmiða og áherslna fyrirtækja varðandi mat á vægi einstakra þátta við ráðningar og launaákvæðanir. Bent var á að miklar og íþyngjandi kvaðir á fyrirtæki í jafnréttislögum hafi neikvæð áhrif á jafnrétti á vinnumarkaði. Virk umræða og upplýsingar séu betri aðferð til að stuðla að jafnari stöðu kynjanna. Nægt framboð af góðum leikskólum, gott skipulag grunnskóla og öflug heilbrigðis- og öldrunarþjónusta skapa grundvallarforsendur fyrir jafnri stöðu kynjanna. Þá var ítrekað að fullyrðingar um að trúnaður um laun stuðli að launamun milli kynja ættu ekki við rök að styðjast. Fyrir því séu engar haldbærar sannanir. Slíkir samningar hindri heldur ekki að starfsmenn geti leitað réttar síns á grundvelli jafnréttis laga. Þá töldu SA ekki ástæðu til að breyta eða herða reglur um upplýsingagjöf fyrirtækja til



Jafnréttisstofu og mæltu eindregið gegn því að úrskurðir nefndarinnar væru gerðir bindandi. Eins að skylda til gerðar jafnréttisáætlana yrði látin ná til fleiri fyrirtækja en nú er, þ.e. þeirra sem eru að jafnaði með færri en 25 starfsmenn. SA tók jafnframt fram að þau styddu aðgerðir til að auka hlut kvenna í atvinnulífinu en höfnuðu valdboði í því efni. Áherslur samtakanna voru skýrðar nánar í ítarlegri umsögn til nefndarinnar.

Tillögur nefndarinnar valda vonbrigðum

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í formi frumvarps til nýrra jafnréttislaga í byrjun mars. Frumvarpið olli SA verulegum vonbrigðum en afar lítið tillit var tekið til sjónarmiða atvinnulífsins og hafa samtökin gagnrýnt það harðlega í umræðum. Þegar þetta er skrifað hefur ekki verið gengið frá formlegri umsögn um tillögurnar.

Hestlu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru stórauknar og í reynd ótakmarkaðar heimildir til handa Jafnréttisstofu til að krefja fyrirtæki og félagasamtök um upplýsingar að viðlögðum dagsektum. Úrskurðir kærunefndar verði bindandi. Jafnréttisáætlunum fyrirtækja fylgi framkvæmdaáætlun sem endurskoða skal á þriggja ára fresti og skýrslu skilað til Jafnréttisstofu um framgang mála að viðlögðum dagsektum. Lagt er til að launamanni sé hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun eða önnur starfskjör sín. Þá er lagt til að taka skuli mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verði annars að komi að gagni í starfinu þegar meta skal hvort ákvæði frumvarpsins um bann við mismunun í kjörum eða við ráðningu hafi verið brotin. Þarna er því enn verið að takmarka stjórnunarrétt vinnuveitanda, þ.e. rétt hans til að meta hvaða þættir það eru sem hann telur rétt að leggja til grundvallar við mat sitt. Einnig er í frumvarpinu lagt til að við tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga verði skylt að tilnefna bæði karl og konu og að skipunaraðili gæti þess að hlutfall hvors kyns verði sem jafnast og ekki minna en 40%.

5.3 JAFNRÉTTISRÁÐ

Meginverkefni Jafnréttisráðs er að vinna að jöfnu rétti kvenna og karla á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Ráðið hefur haldið fundi hjá ýmsum stofnunum og skólum og fræðst um jafnréttisstarfsemi viðkomandi aðila. Má þar nefna Reykjavíkurborg sem kynnti mannréttindastefnu

sína sem ætlað er að koma í veg fyrir að starfsmenn sæti mismunun í starfi. Einnig kynnti ráðið sér jafnréttisviku Menntaskólans í Kópavogi. SA hafa lagt áherslu á að Jafnréttisverðlaun Jafnréttisráðs séu veitt fyrirtækjum. Það gekk eftir 2006. SPRON fékk verðlaunin vegna sérstakrar áherslu á skýra jafnlaunastefnu og afstöðu starfsmanna til stöðu jafnréttis í fyrirtækinu sem könnuð er árlega.

5.4 KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd skilaði álit í 13 málum á starfsárinu. Langflest þessara mála fjalla um stöðuveitingar, eða 10 mál. Eitt mál var um uppsögn starfsmanns, annað um fæðingarorlofsgreiðslu styrktarsjóðs stéttarfélaga opinberra starfsmanna og það þriðja um eftirlaunagreiðslu. Engin kæra laut að launamisrétti. Niðurstaða kærunefndarinnar var að um brot hefði verið að ræða einungis í þremur tilvikum. Flest mál in vörðuðu opinberar stofnanir. Aðeins þrjár kærur voru á hendur fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði. Tvær þeirra voru vegna ráðninga og ein vegna uppsagnar starfsmanns en ekki var talið að um brot á jafnréttislögum væri að ræða í neinu þessara mála.

Lögmenn SA hafa aðstoðað aðildarfyrirtæki samtakanna við að svara erindum kærunefndarinnar sé þess óskað en sum þessara mála kalla á umfangsmikla framlagningu gagna fyrir nefndinni. Sé það gert líklegt að kynferði hafi ráðið ákvörðunum fyrirtækisins ber það sönnunarbyrðina fyrir því að aðrar ástæður, ótengdar kynferði viðkomandi, hafi ráðið ákvörðun þess.

5.5 NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði jafnréttismála sem SA eiga aðild að.



LÍFEYRISMÁL



6.1 STAÐA LÍFEYRISJÓÐANNA

Eftir sameiningarhrinu undanfarinna missera hefur lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA sem taka á móti iðgjöldum fækkað úr þrettán í níu. Þetta eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Stafir lífeyrissjóður (sameinaðir lífeyrissjóðir Lif-iðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins), Stapi lífeyrissjóður (sameinaðir lífeyrissjóðir Norðurlands og Austurlands), Festa lífeyrissjóður (sameinaðir lífeyrissjóðir Suður- og Vesturlands), Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Lífeyrissjóður Rangæinga. Auk þessara sameininga sjóða á samningssviði ASÍ og SA rann Lífeyrissjóður Bolungarvíkur inn í Frjálsa lífeyrissjóðinn. Eignir framangreindra sjóða námu líðlega 800 milljörðum króna í árslok 2006 eða rúmum helmingi eigna lífeyrissjóðanna í heild.

Heildareignir allra lífeyrissjóða landsmanna, en þeir eru nú 42 samtals, námu 1.500 milljörðum króna í árslok 2006 sem nemur 135% af vergri landsframleiðslu. Eignir þeirra jukust um 15% að raunvirði á árinu 2006 eftir að hafa aukist um 16-19% að raunvirði á árunum 2003–2005.

Frjáls viðbótarlífeyrissparnaður hefur vaxið hratt undanfarin ár. Árið 2005 nam þessi sparnaður launamanna, sem er frádráttarbær frá tekjuskatti, 9,5 milljörðum og að viðbættu 2% móttframlagi launagreiðenda má ætla að þessi sparnaður hafi numið 16 milljörðum króna. Aukningin var 25% milli ára en til samanburðar námu iðgjaldsgreiðslur launamanna (4% iðgjaldið) í samtryggingarsjóðina 18,5 milljörðum króna og jukust um 12%.

6.2 LÆKKUN OG JÖFNUN Á ÖRORKUBYRÐI SJÓÐA

Greiðslur lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og

SA til örorkulífeyrisþega námu 4,3 milljörðum króna á árinu 2005 sem svaraði til 30% af heildarlífeyrisgreiðslum þeirra. Greiðslur örorkulífeyris hvíla mispungt á sjóðunum og námu þær 44% allra lífeyrisgreiðslna þar sem þær voru hlutfallslega hæstar en 12% þar sem hlutfallið var lægst. Aukning örorkulífeyrisgreiðslna sjóðanna í heild nam 85% milli 1997 og 2005 á föstu verðlagi.


Í tengslum við samkomulag ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga, þann 15. nóvember 2005, lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún væri reiðubúin til þess að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldstofni, samkvæmt nánari útfærslu milli aðila, sem kæmi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009. Í nóvember 2006 komust ASÍ og SA að samkomulagi um aðferð við þessa jöfnun sem markaðist af þeim áherslum samningsaðila að bæði lækka og jafna örorkubyrði sjóðanna. Framlaginu skyldi skipt milli sjóða með þeim hætti að miða annars vegar við greiddan örorkulífeyri næstliðins árs og hins vegar við tryggingafræðilegt mat á skuldbindingum sjóðanna til greiðslu örorkulífeyris í framtíðinni. Fyrri reglunni er einkum ætlað að stuðla að markmiðinu um lækkan á örorkubyrði en seinni reglunni er ætlað að jafna byrðina.

Alþingi samþykkti breytingar á lögum um tryggingagjald þann 9. desember sem tryggði fjármuni til þessarar lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða með þeirri breytingu að frá og með árinu 2010 verður gildissviðið útvíkk- að og nær til allra lífeyrissjóða og verður framlagið hækkað úr 0,25% í 0,325% frá og með því ári. Aðferðin við jöfnun og lækkan er bundin í lögin en nánari útfærslu er að finna í reglugerð fjármálaráðuneytisins sem annast úhlutun og greiðslu framlaga til lífeyrissjóða.

6.3 TILLÖGUR ÖRORKUNEFNDAR FORSÆTISRÁÐHERRA

Nefnd sú sem forsætisráðherra skipaði í kjölfar samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins þann 15. nóvember 2005 um áframhaldandi gildi kjarasamninga hafði það verkefni að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst yrði horft til getu einstaklinga til að afla sér tekna og leiðir til að efla starfsendurhæfingu skilaði álitum þann 5. mars 2007.

Eignir lífeyrissjóða – Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Fjármálaeftirtíð, SI

Tillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

1. Að breytingar verði gerðar á skilgreiningu á örorku og rétti til örorkulífeyris og viðmiðanir um örorkumat í almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu verði samræmdar.
 - a. Annars vegar verði færnimat eftir heilsutjón þar sem metin er þörf á stoðþjónustu.
 - b. Hins vegar verði tekið upp mat á getu einstaklingsins til að afla tekna í kjölfar sjúkdóms eða slyss.
2. Lagt er til að skipulag endurhæfingar verði bætt þar sem eftirfarandi atriði verði höfð til hliðsjónar:
 - a. Saman fari læknisfræðileg endurhæfing og starfsendurhæfing eftir því sem við á og að hún hefjist eins fljótt og auðið er.
 - b. Gerðir verði þjónustusamningar um starfsendurhæfingu við einkaaðila, fyrirtæki á vegum stéttarféлага, opinber fyrirtæki eða opinberar stofnanir ríkis eða sveitarfélaga. Endurhæfingaraðgerðir verði skipulagðar á grundvelli mats sérfræðinga á starfs-hæfni eða vinnugetu
 - c. Beitt verði snemmtækri íhlutun þannig að endurhæfing hefjist sem fyrst eftir að starfsþrek einstaklingsins skerðist.
 - d. Komið verði á fót einstaklingsmiðaðri þjónustu með leiðbeinanda sem heldur utan um einstaklinginn og hans mál til lengri tíma og verði tengiliður hans við ýmsa aðila,
 - e. Mikilvægt er að tengslum viðkomandi einstaklings við vinnumarkaðinn verði haldið við með því að greiða fyrir áframhaldandi ráðningarsambandi við hlutaðeigandi vinnuveitanda.
 - f. Gert er ráð fyrir því að stjórnvöld, lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins komi sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða sem hafa það að markmiði að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði.
 - g. Gildandi reglur um tekjuskerðingu örorkubóta og greiðsluþátttöku vegna stoðþjónustu verði endurskoðaðar þannig að þær letji ekki frá vinnu.
 - h. Þeir sem eru á örorkubótum þegar breytingin á sér stað hafi, í tiltekinn tíma, val um hvort þeir fari yfir í nýtt kerfi eða ekki.
 - i. Hugað verði að forvörnum og leitast við að koma í veg fyrir að vinnuáðstæður verði til þess að starfsorka einstaklinga skerðist.

Tillögur nefndarinnar kalla á umtalsverðar breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi örorkumats- og örorkubótakerfisins. Til þess að tryggja framgang ofangreindra tillagna var sérstakri framkvæmdanefnd falið að fylgja þeim eftir.

6.4 SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalmenn í stjórnnum lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins (miðað við 10. mars 2007).

GILDI - LÍFEYRISSJÓÐUR

Ari Edwald
Friðrik J. Arngrímsson
Sveinn S. Hannesson
Vilhjálmur Egilsson

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

(Stafir lífeyrissjóður varð til 1. janúar 2007 við sameiningu Lífeyrissjóðsins Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins).

Arnbjörn Óskarsson
Erna Hauksdóttir
Guðbrandur Þ. Guðbrandsson
Guðmundur Hjaltason

STAPI LÍFEYRISSJÓÐUR

(Stapi lífeyrissjóður varð til 9. mars 2007 með sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands)

Aðalsteinn Ingólfsson
Anna María Kristinsdóttir
Þorbjörg Þorfinnsdóttir

LÍFEYRISSJÓÐUR RANGÆINGA

Óskar Pálsson
Ragnar Pálsson

FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

(FESTA lífeyrissjóður varð til 19. júní 2006 við sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Vesturlands)

Bergþór Baldvinsson
Bergþór Guðmundsson
Sigrún Helga Einarsdóttir

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Hrund Rudolfsdóttir

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Áslaug Alfreðsdóttir
Einar Valur Kristjánsson

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTMANNAEYJA

Arnar Sigurmundsson
Hörður Óskarsson
Sigurgeir B. Kristgeirsson

SAMEINAFI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Haraldur Þ. Ólason
Þorgeir Jósefsson
Örn Jóhannsson



UMHVERFISMÁL

Umhverfismál eru mikilvægur þáttur í starfsemi Samtaka atvinnulífsins. Samtökin hafa mótað áherslur sínar á þessu sviði og í október 2006 samþykkti stjórn SA sérstakar áherslur í loftslagsmálum sem birtar eru hér í kaflanum. Umhverfihópur samtakanna hittist reglulega og tekur fyrir ýmis mál og lagði meðal annars línurnar fyrir fundaröð samtakanna um atvinnulíf og umhverfi sem staðið hefur yfir síðustu mánuði. Samtökin eru stöðugt með til umfjöllunar mál sem berast frá ráðuneytum, stofnunum og félagsmönnum og tengjast umhverfismálum á einn eða annan hátt.

7.1 UMHVERFISMÁL

Loftslagsbreytingar

Stöðugt eykst fullvissa manna um að útstreymi gróðurhúsalofttegunda eigi þátt í loftslagsbreytingum sem m.a. koma fram í hlýnun andrúmslofts jarðar. Útstreymið í heiminum er komið til vegna brennslu jarðefnaeldsneytis (61,4%), breytinga á landnotkun (18,2%), landbúnaðar (13,5%), úrgangs (3,5%) og vegna iðnaðarferla (3,2%). Ísland er aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna en á grundvelli hans var gerð svokölluð *Kyoto-bókun* þar sem nokkur ríki

skuldbundu sig til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 2008–12 miðað við grunnárið 1990. Á alþjóðavettvangi fara fram viðræður um hvað taka skuli við eftir 2012 en þar sem aukning útstreymis er mest í þróunar-ríkjunum verða þau að taka þátt í að draga úr útstreyminu ef raunverulegur árangur á að nást. Þótt útstreymi í Evrópu verði orðið mjög lítið um miðja öldina mun það einungis hafa lítil áhrif á heildarútstreymi og einungis skerða samkeppnisstöðu og lífskjör íbúa Evrópu án merkjanlegra áhrifa á loftslagsbreytingar. Á vettvangi loftslagssamnings SP verður unnið að því að finna lausnir um hvernig halda skuli á spilum eftir 2012 en ólíklegt er að niðurstöður fáið fyrr en eftir tvö til þrjú ár.

Áherslur atvinnulífsins í loftslagsmálum

Í október 2006 samþykkti stjórn Samtaka atvinnulífsins áherslur samtakanna í loftslagsmálum eftir undirbúning sérstaks starfshóps sem skipaður var til þeirra verka. Áherslurnar er að finna á bls. 26, en þar segir m.a. að þekking Íslendinga á endurnýjanlegum orkugjöfum geti nýst víða um heim. Mikilvægt er að ekki verði lagðar hömlur á atvinnustarfsemi héraendis sem nýta myndi kol, olíu eða jarðgas til orkuframleiðslunnar annars staðar, enda uppfylli sú starfsemi þær ströngu kröfur sem gerðar eru hér á landi í umhverfismálum. Loks er mikilvægt að gæta aðhalds í orkunotkun og nýta orkumiðla sem leiða til minna útstreymis þegar slíkt verður gert með hagkvæmum hætti. Íslensk stjórnvöld verða að taka tillit til þeirrar staðreyndar að útstreymi gróðurhúsalofttegunda er alþjóðlegur vandi og að einu gildi hvort dregið er úr útstreymi hér á landi eða í þróunarrikkjunum.

Atvinnulíf og umhverfi

Á haustdögum 2006 hófst á vegum SA fundaröð undir yfirskriftinni *Atvinnulíf og umhverfi*. Á fyrsta fundinum var fjallað um útstreymi frá samgöngum á sjó og landi þar sem m.a. kom fram að mjög hefur dregið úr útstreymi frá flutningabilum vegna framþróunar í gerð bílvéla, betri nýtingar flutningatækja og betri vega. Á sama hátt hafa sparneytnar vélar í skipum í för með sér mikinn samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda og ýmissa mengandi efna. Íslensk fyrirtæki taka t.a.m. þátt í alþjóðlegum þróunarverkefnum á þessu sviði.

Álfyrirtæki á Íslandi í fremstu röð

Á fundi um útstreymi gróðurhúsalofttegunda



frá álverum kom fram að íslensku fyrirtækin eru í allra fremstu röð á þessu sviði og að útstreymi á hvert tonn af áli hefur minnkað um 80% frá árinu 1990 til 2005 hjá Alcan í Straumsvík. Auk þess var sérstaklega fjallað um umhverfismál álversins í Straumsvík en þar kom fram að flúormengun í gróðri mælist nú svipuð og áður en álverið hóf starfsemi sína árið 1967, að brennisteinsmengun á Hvaleyrarholti mælist einungis lítið brot af viðmiðunarmörkum og að ekkert samband er á milli vindáttar frá álverinu í Straumsvík og styrks svifrys og brennisteinsdíoxíðs á Hvaleyrarholti.

Loftslagsmálin og atvinnulífið

Í byrjun desember flutti dr. Nick Campbell, formaður nefndar Evrópusamtaka atvinnulífsins um loftslagsbreytingar, erindi á fundi um loftslagsmál og atvinnulífið. Campbell fjallaði um ýmsar leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. aukna áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, áherslu á tæknipróun, sveigjanleika og markaðslausnir. Með sveigjanleika á Campbell við að ávallt verði að vera hægt að taka tillit til þeirrar þróunar sem verður, ekki síst á sviði vísinda og nýrrar tækni. Byggja þurfi upp hnatt-rænt markaðskerfi með losunarheimildir til langs tíma svo fyrirtæki verði viljugri til að leggja út í þær fjárfestingar sem til þyrfti í nýrri tækni og að ESB væri of lítið eitt og sér til að geta staðið undir nauðsynlegum fjárfestingum í rannsóknum og nýsköpun og nægjanlega öflugum markaðskerfi. Þá sagði Campbell verkefnið engan veginn einskorðast við atvinnulífið, t.d. yrðu heimilin og aðrir einnig að taka þátt. Hann sagði þá fullyrðingu að atvinnulífið væri ekkert að gera í þessum efnum vera víðs fjarri raunveruleikanum, það væri nær lagi að frumkvæði væri einungis að finna í atvinnulífinu og fjallaði hann um þann árangur sem m.a. hefur náðst í evrópsku atvinnulífi í þessum efnum.

Á sama fundi kom fram í máli Jóns Karls Ólafssonar, forstjóra Icelandair Group, að Alþjóðasamtök flugfélaga hafa að eigin frumkvæði ákveðið að minnka losun um 10% milli árunna 2000 og 2010, en á síðustu 40 árum hefur losun á hvern floginn farþegakílómetra minnkað um 70%.

Árni Magnússon forstöðumaður orkumála hjá Glitni sagði bankann geta boðið umheiminum aðgang að gríðarlegri þekkingu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, með sérstakri áherslu á jarðhita, en áætlað er að eingöngu um 5% af



virðjanlegum jarðhitasvæðum séu nú í notkun og sóknarfærin því mikil. Glitni er um þessar mundir þátttakandi í verkefnum á þessu sviði m.a. í Bandaríkjunum, Kína, Evrópu og Suður-Ameríku.

Umhverfisvæn framleiðsla og hlutverk stjórnvalda

Í maí 2006 flutti dr. Patrick Egan, prófessor í verkfræði við háskólann í Wisconsin – Madison erindi um umhverfisvæna framleiðslu og lagði áherslu á að fyrirtæki tækju tillit til umhverfismála bæði við hönnun afurða og við framleiðsluna sjálfa. Eignkona hans var með í för, dr. Lloyd L. Egan, en hún er forstjóri auðlindadeildar fylkisstjórnarinnar í Wisconsin. Lagði hún mikla áherslu á að stjórnvöld umbunuðu fyrirtækjum fyrir góða frammistöðu í umhverfismálum.

Efnalöggjöf ESB (REACH)

Í lok árs 2006 var endanlega samþykkt ný efnalöggjöf ESB sem byggir á því að öll efni sem skráð hafa verið hjá nýrri Efnastofnun Evrópu í Helsinki má nota á Evrópska efnahagssvæðinu án frekari skilyrða en þau sem stofnunin setur. Framleiðendum og innflytjendum efna ber að skrá þau hjá stofnuninni og á ákveðnu árabili er gert ráð fyrir að fyrirtækin sýni fram á hvaða áhrif efnin hafi á heilsu og öryggi fólks og á umhverfið. Í gildi verður ákveðið forskráningartímabil þar sem gert er ráð fyrir einfaldaðri málsmeðferð en gilda mun um ný efni. Kröfur sem gerðar eru til





áhættumats eru þeim mun strangari sem notkun efnanna verður meiri. Í október 2006 skrifuðu Samtök atvinnulífsins bréf til umhverfisráðherra þar sem þess var óskað að REACH löggjöfin yrði innleidd hér á landi sem fyrst til að íslenskum fyrirtækjum gefist kostur á að nýta forskráningartímabilið á sama hátt og fyrirtækjum í öðrum ríkjum EES.

Á fundi í febrúar 2006 kynnti Bryndís Skúladóttir, efnaverkfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, þessa nýju löggjöf og afleiðingar hennar en þar kom fram að REACH löggjöfin tekur gildi 1. júní 2007 og að hún leysir af hólmi 40 ólíka lagabálka. Löggjöfin felur m.a. í sér almenna skyldu fyrir framleiðendur og innflytjendur að skrá öll efni, hrein eða í efnablöndum, sem eru framleidd eða flutt inn í meira magni en einu tonni á ári af viðkomandi aðila. Reglugerðin verður samhljóða í öllum löndunum EES og engar breytingar verða gerðar í innleiðingarferli hennar í einstaka löndum.

Auknar kröfur vegna matvæla

Stöðugt aukast þær kröfur sem gerðar eru til framleiðenda og innflytjenda matvæla. Umhverfisráðuneytið gaf í júní 2006 út nýja reglugerð sem skyldar þá sem framleiða eða flytja inn matvæli með viðbættum vítamínum og steinefnum að sækja um sérstakt leyfi hjá Umhverfisstofnun vegna íblöndunarinnar. Samtök atvinnulífsins mótmæltu þessari reglugerð harðlega enda eiga þessar kröfur sér ekki hliðstæðu á EES svæðinu. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í nýjum reglum ESB, sem samþykktar voru í desember 2006, að öllum vítamínum og steinefnum sem eru á jákvæðum lista sem ESB gefur út megi bæta í matvæli án þess að um sérstakt leyfi þurfi að sækja eða tilkynna um bætinguna. Vonast er til að umhverfisráðuneytið breyti hinni umdeildu reglugerð innan tíðar. Samtökin hafa einnig haft til umfjöllunar drög að nýrri reglugerð umhverfisráðuneytisins þar sem skylt verður að merkja öll matvæli sem

innihalda erfðabreytt efni. Samtökin hafa bent á að ekki hafi verið sýnt fram á að notkun slíkra efna hafi neinar hættur í för með sér og að merking matvæla myndi fyrst og fremst vekja ástæðulausan ugg í huga neytenda. Því var lagt til að útgáfu reglugerðarinnar yrði frestað. Samtökin hafa um árabíl staðið í bréfaskiptum við landbúnaðarráðuneytið til að fá upplýsingar um raunkostnað og gjaldtöku eftir búgreinum vegna eftirlits með sláturdýrum. Loks eftir að Umboðsmaður Alþingis hafði tekið málið upp sl. haust, tókst að fá einhverjar upplýsingar um þennan kostnað. Þær upplýsingar reyndust hins vegar ófullkomnar, því ekki var haldið sundurgreindum kostnaði vegna eftirlits með mismunandi afurðaflokkum. Vonast er til að haustið 2007 muni fullnægjandi upplýsingar um raunkostnað liggja fyrir og þá verði unnt að lögfesta nútímaleg lagaákvæði sem endurspeglar raunkostnað við eftirlit og áhættu við framleiðsluna. Samtök atvinnulífsins hafa einnig hvatt til þess að einkareknum faggitlum skoðunarstofum verði falið þetta eftirlit.

7.2 VINNUMHVERFI

Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa í 9 manna ráðgefandi stjórn Vinnueftirlits ríkisins þar sem eiga sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins auk formanns sem ráðherra skipar án tilnefningar. Fram til ársins 2003 gaf stjórnin út reglur samkvæmt lögum en síðan er stjórnin ráðgefandi. Stjórnin veitir umsögn um reglur og stendur að undirbúningi að reglum á sviði vinnuverndar sem félagsmálaráðherra gefur út.

Félagsmálaráðherra gaf á árinu út reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum þar sem m.a. eru skýrð nánar ákvæði í lögum frá 2003 um áhættumat og heilsufarsskoðanir. Félagsmálaráðherra gaf einnig út reglugerðir um varnir gegn álagi af hávaða á vinnustöðum og um varnir gegn álagi vegna titrings á vinnustöðum. Við birtingu síðustu reglugerðarinnar kom í ljós að ákvæði hennar voru mun strangari en ætlunin var bæði samkvæmt ESB tilskipuninni sem og þeim drögum sem hin ráðgefandi stjórn hafði haft til umsagnar. Ekki hefur fengist nein skýring á því hvers vegna þetta varð en líklega er um mistök að ræða sem enginn fæst til að viðurkenna og hvað þá leiðréttu þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á stofnuninni var birt í mars 2007.



Aherslur Samtaka atvinnulífsins í loftslagsmálum

Samþykkt af Stjórn SA 3. október 2006

- *Umgengni fyrirtækja við náttúru landsins, auðlindir og umhverfi hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum, nýting aðfanga hefur batnað og ústreymi gróðurhúsalofttegunda er hér lítið.*
- *Mikilvægt er að hafa í huga að loftslagsbreytingar eru alþjóðlegur vandi. Leggja verður áherslu á að draga úr ústreymi með rannsóknun, tækniþróun, bindingu gróðurhúsalofttegunda og fræðslu auk aðlögunar að loftslagsbreytingum*
- *Ein grunnforsenda loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er sú að leggja áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda þar sem Íslendingar geta lagt sitt af mörkum til alþjóðlegra tækniþræðinga.*
- *Mikilvægt er að ekki verði lagðar hömlur á atvinnustarfsemi hérlendis sem nýta myndi kol, olíu eða jarðgas til orkuframleiðslunnar annars staðar, enda uppfylli sú starfsemi þær ströngu kröfur sem gerðar eru hér á landi í umhverfismálum.*
- *Mikilvægt er að leitað verði hagkvæmstu leiða til að draga úr ústreymi og nýta þær heimildir og úrræði sem alþjóðlegir samningar á sviði loftslagsmála kveða á um, sbr. sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar.*
- *Íslensk stjórnvöld geta ekki tekið ákvörðun um að hætta nýtingu orkulindanna. Slíkar ákvarðanir stangast á við öll sjónarmið um sjálfbæra þróun og markmið loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna um aukna nýtingu endurnýjanlegrar orku á heimsvísu.*

Atvinnulíf sýnir ábyrgð

Umgengni fyrirtækja við náttúru landsins, auðlindir og umhverfi hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum. Umtalsverður árangur hefur náðst vegna frumkvæðis fyrirtækjanna sjálfra og vegna almennra viðhorfsbreytinga. Alþjóðlegar reglur og skuldbindingar hafa jafnframt hvatt til umbóta ásamt stefnumörkun stjórnvalda. Fyrirtækin hafa bætt umhverfi sitt og nýtingu aðfanga og njóta með því aukins efnahagslegs ávinninga og aukinnar velferðar sem kemur bæði starfsmönnum og samfélaginu í heild til góða. Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að þessi þróun haldi áfram enda hefur hún í för með sér betri nýtingu auðlinda, minni mengun, aukid öryggi og meiri velmegun.

Sjálfbær þróun mikilvæg

Til að velferð sé tryggð í landinu þarf að hlúa að stöðum sjálfbærar þróunar. Jafnvægi þarf að ríkja á milli efnahagslegra og félagslegra sjónarmiða og umhverfisins. Tryggja þarf samkeppnishæf starfsskilyrði fyrirtækja þegar horft er til skemmi tíma án þess þó að missa sjónar á langtímahagsmunum þjóðarinnar. Stefna ber að þessu marki í samstarfi við sveitarfélög, stjórnvöld og íbúa landsins.

Ísland hluti af alþjóðasamfélaginu

Umhverfismál eru í eðli sínu alþjóðleg og Ísland er aðili af fjölmörgum samningum sem er til dæmis ætlað að draga úr mengun vegna þrávirkra lífrænna efna, þungmálma, geislaavirkra efna og ósoneyðandi efna. Ísland er auk þess aðili að samningum um varnir gegn mengun hafnsins. Á Evrópska efnahagsvæðinu gilda svo samræmdar reglur sem eiga að tryggja að samkeppnishæf atvinnulífsins séu sambærileg á öllu svæðinu. Samtök atvinnulífsins styðja alþjóðasamvinnu sem miðar að því að draga úr eða koma í veg fyrir mengun láðs, lagar og lofts og eru reiðubúin að leggja sitt af mörkum við undirbúning og framkvæmd samninga á þessu sviði og aðild Íslands að þeim. Ústreymi gróðurhúsalofttegunda er hér lítið og hvort sem lítið er til ústreymsis á hvern íbúa eða í tengslum við landsframleiðslu stendur Ísland vel að vígi þegar borid er saman við vestran ríki.

Loftslagsmál eru mikilvæg

Síaukið magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu getur valdið breytingum á loftslagi jarðar en meginuppspretta þeirra er brennsla jarðefnaeldsneytis, þ.e. kola, olíu og jarðgass. Á næstu áratugum verður lögð gríðarmikil áhersla á að draga úr ústreymi gróðurhúsalofttegunda með aðgerðum sem byggja á rannsóknum, tækniþróun, aðlögun og fræðslu. Lögð verður áhersla á framleiðslu orku sem ekki hefur í för með sér ústreymi gróðurhúsalofttegunda og aukna nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Íslenskar orkulindir gegna mikilvægu hlutverki í þessu samhengi og lykiliatriði er að alþjóðlegir samningar, sem Íslendingar eru aðilar að, heimili almenna nýtingu þeirra.

Ríki eiga misauðvelt með að draga úr ústreymi gróðurhúsalofttegunda

Gæta þarf þess að mjög misjafnt er hve einstök ríki eða svæði eiga auðvelt með að draga úr ústreymi. Þannig getur Evrópusambandið gefið yfirlýsingar um mikinn samdrátt sem í raun er mun minni en virðist. Þetta er vegna þess að grunnárið 1990 var mengun í fjölmörgum ríkjum Austur-Evrópu afar mikil og nýtur ESB þess þegar kemur að því að meta hve mikið er unnt að draga úr ústreymi í ríkjunum 27 sem verða undir hatti sambandsins. Enginn vafi er á að mjög misjafnt er hve mikið einstök ríki munu geta dregið úr losun eins og augljóst er af því sem gerst hefur á tímabilinu 1990–2005. Að auki geta aðgerðir ESB beinst að aukinni nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, aukinni nýtingu kjarnorku, betri orkunýtingu og svo framvegis. Öll þessi atriði geta haft áhrif til þess að draga úr ústreymi í Evrópusambandinu og um þessar mundir fer fram ítarlegt mat á þessum kostum, efnahagslegum sem og öðrum áhrifum þeirra. Sambærilegar aðgerðir og þessar standa ekki til boða hér á landi þar sem nánast öll raf- og hitaorka er unnin úr endurnýjanlegum orkulindum. Þá hefur á síðustu áratugum mjög víða verið gripið til aðgerða til að bæta orkunýtingu almennt, m.a. með því að auka einangrun bygginga. Gríðarlega mikilvægt er að fram fari ítarlegt mat á þeim kostum sem til greina geta komið þegar kemur að því að móta þá stefnu sem Íslendingar vilja fylgja. Engin leið er til að Íslendingar geti sett sér svipuð markmið og farið sömu leiðir og ESB því til þess eru aðstæður allt of líkjar.

Alþjóðlegir samningar um loftslagsmál tryggja að vandin verði ekki fluttur til

Samtök atvinnulífsins styðja aðild Íslands að alþjóðlegum samningum sem ná til allra þeirra ríkja sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum. Viðtæk samstaða er forsenda þess að árangur náist. Á næstu áratugum verður mjög mikil aukning á ústreymi gróðurhúsalofttegunda í þróunarrikjum. Áherslu verður að leggja á að ná sem viðtækastri samstöðu um að draga úr ústreymi og þótt ríki Evrópu bjóðist til að draga úr ústreymi heima fyrir hefur það einungis mjög takmörkuð áhrif ef önnur ríki fylgja ekki með. Hætt er við að efnahagsstarfsemi flytjist til þeirra svæða sem gera minnstar kröfur á þessu sviði. Mikilvægt er að niðurstæða í alþjóðlegum samningum tryggja þátttöku Bandaríkjanna, Kanada, Japans, Ástralíu, Kóreu, Indlands og Kína í nauðsynlegum aðgerðum til að draga úr ústreymi, en að þeir byggji ekki á einhliða yfirlýsingum einstakra tiltölulega fámennra ríkja sem mun einungis gera ofangreindum ríkjum erfiðara að taka á málum í viðtækri alþjóðlegri sátt.

Rannsóknir og nýsköpun

Mikilvægt er að hafa í huga að aukning gróðurhúsáhrifa er alþjóðlegur vandi. Íslendingar geta líkt og önnur ríki haft áhrif á þróun gróðurhúsáhrifa einkum með framlagi til alþjóðlegrar tækniþróunar en ekki síður með notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Til lengri tíma lítið

mun alþjóðleg tækniþróun og fjöldaframleiðsla vélbúnaðar sem byggir á nýjum orkumiðlum og nýrri tækni skipta sköpum. Íslendingar munu ekki móta alþjóðlega tækniþróun en geta hins vegar með jákvæðum hætti lagt sitt af mörkum til alþjóðlegrar tækniþróunar í samstarfi við öfluga erlenda aðila. Viðtæk alþjóðleg markmið þar sem horft er til langs tíma hvetja til rannsókna og nýsköpunarverkefna sem eiga þá greiðan aðgang að markaði um allan heim.

Endurnýjanlegar orkulindir

Ein grunnforsenda loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er sú að leggja áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Hér á landi er til mikil þekking á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa sem nýst getur víða um heim auk þess sem mikilvæg rannsóknarverkefni fara fram á þessu sviði og öðrum sem tengjast betri nýtingu orkunnar.

Eins er mikilvægt að ekki verði lagðar hömlur á atvinnustarfsemi hérlendis sem nýta myndi kol, olíu eða jarðgas til orkuframleiðslunnar annars staðar, enda uppfylli sú starfsemi þær ströngu kröfur sem gerðar eru hér á landi í umhverfismálum. Loks er mikilvægt að gæta aðhalds í orkunotkun og nýta orkumiðla sem leiða til minna ústreymsis þegar slíkt verður gert með hagkvæmum hætti.

Markaðslausnir

Íslensk stjórnvöld verða að taka tillit til þeirrar staðreyndar að ústreymi gróðurhúsalofttegunda er alþjóðlegur vandi og að einu skiptir hvort dregið er úr ústreymi hér á landi eða í þróunarrikjunum. Því er mikilvægt að leitað verði hagkvæmstu leiða til að draga úr ústreymi og nýta þær heimildir og úrræði sem alþjóðlegir samningar á sviði loftslagsmála kveða á um. Sérstaklega verður að nýta sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar á sama hátt og önnur ríki hafa gert þannig að verkefni sem unnið er að í þróunarrikjum og víðar geti nýst til að uppfylla skuldbindingar gagnvart bókuninni. Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum þarf því að fela í sér blöndu af leiðum við að draga úr ústreymi gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. rannsóknir og nýsköpun, nýtingu alþjóðlegrar tækniþróunar, sveigjanleikaákvæði, sameiginlega framkvæmd með öðrum ríkjum, bindingu gróðurhúsalofttegunda og viðskipti með losunarheimildir.

Horft til framtíðar

Ekkert liggur fyrir um hvað taka muni við að loknu tímabili Kyoto-bókunarinnar eftir 2012. Ekki er líklegt að niðurstæða náist í samningum fyrr en á árunum 2008–9. Fram að þeim tíma er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld geri rækilega úttekt á því hvaða leiðir er unnt að fara hér á landi, hvaða áhrif má búast við að alþjóðleg tækniþróun hafi og hver eru efnahagsleg áhrif þeirra kosta sem til greina koma. Íslenskt atvinnulíf verður reiðubúið til að vera áfram í fremstu röð þegar lítið verður til ústreymsis á framleiðslueiningu og aðra mælikvarða þar sem bornar eru saman atvinnugreinar á milli landa. Mikilvægt er að hafa í huga að á meðan ekki eru lagðar kvaðir á þær þjóðir sem dæla ótakmörkuðu magni jarðefnaeldsneytis upp á yfirborð jarðar, með tilheyrandi mengun þar eða annars staðar í heiminum þar sem þau eru brennd, er með öllu óraunhæft að leggja slíkar kvaðir á nýtingu sjálfbærra orkulinda á Íslandi þótt náttúruverndarsjónarmið eða önnur landnýting valdi því að tiltekin svæði verði friðuð. Íslensk stjórnvöld geta ekki tekið ákvörðun um að hætta nýtingu orkulindanna. Slíkar ákvarðanir stangast á við öll sjónarmið um sjálfbæra þróun og markmið loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna um aukna nýtingu endurnýjanlegrar orku á heimsvísu.

3. október 2006

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

8.1. UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 133. löggjafarþingi, 2006–2007, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (*miðað við 13. mars 2007*).

Stjórnarfrumvörp um

- losun gróðurhúsalofttegunda, heildarlög
- meginreglur umhverfisréttar, heildarlög
- breytingu á lagaákvæðum er varða tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða, aukin heimild
- breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum, gildissvið laganna, fyrirkomulag rannsókna
- réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, heildarlög
- breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004
- breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005
- breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting)
- vegalög, heildarlög
- breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, öryggi í fjarskiptum og aukin neytendavernd
- breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, úthlutun byggðakvóta
- breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn

fiskveiða, skilgreining veiða í atvinnuskyni

- Vatnajökulsþjóðgarð, heildarlög
- breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, fjárhæð gjalds á umbúðir
- breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES-reglur o.fl.
- breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðis skoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, gjaldtökuákvæði
- breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003
- breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum
- breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum, refsíákvæði og tímabundin lækkun olíugjalds
- breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum, framlenging umsylslugjalds
- breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur
- breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.
- breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd, EES-reglur
- niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála
- breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi, með síðari breytingum, álagningarhlutföll
- breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, með síðari breytingum, hlutverk og starfsemi sjóðsins
- opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, heildarlög
- embætti landlæknis, heildarlög
- um heilbrigðisþjónustu, heildarlög
- breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, lágmarksíðgjald og breytingar á samþykktum sjóða
- opinber innkaup, heildarlög
- breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum, lækkun tekjuskatts o.fl.
- breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, vaxtabætur



- Ríkisútvarpið ohf., heildarlög
- breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníu-
hljómsveit Íslands, rekstraraðilar
- gatnagerðargjald, heildarlög

Þingmannafrumvörp um

- breytingu á lögum um rannsóknir í þágu-
atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um
stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, yfirstjórn haf-
rannsókna, heildaraflamark.
- breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna
stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, upplýs-
ingaskylda, málshöfðunarréttur
- brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr.
134/1993, með síðari breytingum

Umsagnir til ráðuneyta

- um drög að reglugerð til laga um merkingu
erfðabreyttra matvæla
- um drög að frumvarpi til laga um aðild starfs-
manna að evrópskum samvinnufélögum
- um drög að frumvarpi um breytingu á sam-
keppnislögum nr. 44/2005
- um drög að frumvarpi til laga um opinber inn-
kaup

8.2. LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

Breyting á lögum um frjálsa för og atvinnu- réttindi útlendinga

Með lögum nr. 21/2006 var ákveðið að at-
vinnurekandi sem ræður ríkisborgara frá Eist-
landi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu,
Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi, skuli til-
kynna um það til Vinnuálastofnunar fram
til 1. maí 2009. Tilkynning skal berast innan
tíu virkra daga frá ráðningu og fylgja ráðn-
ingarsamningur sem tryggir starfsmanninum
laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum
lögum og kjarasamningum. Vinnuálastofnun
skal halda sérstaka skrá yfir starfsmenn sem
koma frá framangreindum ríkjum. Brot á lög-
unum varða dagsektum.

Aukatekjur ríkissjóðs – nýtt dvalarleyfis- gjald

Með lögum nr. 56/2006, var lögum um auka-
tekjur ríkissjóðs breytt þannig að nú er í fyrsta
sinn tekið gjald fyrir afgreiðslu Útlendinga-
stofnunar á umsókn útlendinga um dvalar-
eða búsetuleyfi. Gjaldtakan er óháð því hvort
dvalarleyfi fáiast og er gjaldið 4.000 kr. vegna EES
borgara en 8.000 vegna útlendinga frá ríki utan
EES svæðisins.



Lög um stofnun Matvælarannsóknna hf.

Með lögum nr. 68/2006 var heimilað að stofna
hlutfélagið Matvælarannsóknir hf. um rekstur
Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Matvæla-
rannsóknir á Keldnaholti, skv. samstarfssamningi
milli Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskól-
ans, og um rannsóknastofu Umhverfisstofnunar.
Tilgangur nýja hlutfélagsins er að sinna rann-
sóknnum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu
atvinnulífsins.

Lög um breytingu nr. 6/2002 um tóbaks- varnir

Með lögum nr. 83/2006 var gerð breyting á
lögum um tóbaksvarnir. Aðalfundur Samtaka
ferðapjónustunnar samþykkti í apríl 2005 að
ganga til viðræðna við stjórnvöld um að allir
veitinga- og skemmtistaðir yrðu reyklausir frá
og með 1. júní 2007. Með lagabreytingu er
þessi samþykkt veitingamanna lögfest og verða
veitinga- og skemmtistaðir því reyklausir frá 1.
júní 2007.

Lög um evrópsk samvinnufélög

Með lögum nr. 92/2006 var reglugerð EB nr.
1435/2003 um samþykktir fyrir evrópsk sam-
vinnufélög (SCE) veitt lagagildi hér á landi. Um
evrópskt samvinnufélag, sem skráð er hér á
landi, gilda lög um bókhald og lög um ársreikn-
inga sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um
evrópsk samvinnufélög. Evrópskt samvinnufélag
getur fengið heimild ársreikningaskrár, sem ríkis-
skattstjóri starfrækir, til að færa bókhald sitt í
erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga
um bókhald og semja og birta ársreikning sinn
í erlendum gjaldmiðli í samræmi við lög um árs-
reikninga.

Lög um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum

Markmið laga nr. 151/2006 er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og stuðla að því að fulltrúar starfsmanna og fyrirtæki vinni í anda samvinnu við tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs, að teknu tilliti til hagsmuna beggja aðila. Lögin eru sett til innleiðingar á tilskipun 2002/14/EB og ná til fyrirtækja þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar m.a. um nýliðna þróun og horfur varðandi starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins, stöðu, skipulag og horfur í atvinnumálum í fyrirtækinu og um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegar eru, einkum ef atvinnuöryggi er ógnað og ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna. Í framhaldi af upplýsingagjöf skal fulltrúum starfsmanna gefast kostur á samráði með því að eiga fund með atvinnurekanda og fá viðbrögð frá honum við því álitum sem þeir kunna að setja fram.

Breyting á upplýsingalögum – endurnot opinberra upplýsinga

Með lögum nr. 181/2006 voru innleiddar samræmdar lágmarksreglur EB um endurnot opinberra upplýsinga skv. tilskipun nr. 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Markmið þessara reglna er að auka endurnot opinberra upplýsinga til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.

Lög um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði

Með lögum nr. 167/2006 var ýmsum lögum um lífeyrissjóði breytt. Lögfest er að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 12% af iðgjaldstofni, eins og felst í almennum kjarasamningum SA og ASÍ um lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði. Lögin fela þannig í sér 2% hækkun lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða, úr 10% í 12% af gjaldstofni.

Lög um lækkun tekjuskatts, virðisaukaskatts og vörugjalda (matarskattur)

Með lögum nr. 174/2006 var tekjuskattur lækkaður úr 22,75% í 21,75% eða um 1%. Jafnframt var persónuafsláttur hækkaður úr 356.180 kr. í 385.800 kr. á ári. Skattleysismörk einstaklinga hækkaðu þannig úr 79 þús. kr. í 90 þús. kr. á mánuði, eða um 14%. Lögbundið er nú að persónuafsláttur verði endurskoðaður árlega, í fyrsta sinn frá 1. janúar 2008. Fjárhæðin breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs næstliðinna tólf mánaða, þ.e. annars vegar gildandi vísitölu 31. desember 2006 og hins vegar 31. desember 2007.

Með lögum nr. 175/2006 var ákveðin lækkun virðisaukaskatts úr 14% í 7% á matvörur og aðrar vörur til mannelis og á sölu veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu. Lækkunin tók einnig til geisladiska, hljómlatna og segulbanda. Vörugöld af matvælum í ákveðnum tollskránum voru einnig felld niður.

Lög um um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra

Lögin voru samþykkt á Alþingi 16. mars 2007 og koma í stað laga nr. 54/2001 um sama efni. Þau eru afrakstur nefndar félagsmálaráðherra sem SA og ASÍ áttu aðild að og byggja á samkomulagi SA og ASÍ um málefni útlendinga sem gert var í júní 2006 í tengslum við endurskoðun kjarasamninga. Í lögnum er m.a. nýmæli um upplýsingaskyldu erlendra fyrirtækja. Ef þjónusta á að vara lengur en tíu virka daga hér á landi skal fyrirtæki veita Vinnuálastofnun upplýsingar um starfsemi sína og þá starfsmenn sem það sendir til Íslands. Vinnuálastofnun getur einnig kallað eftir þjónustusamningi og ráðningarsamningum við starfsmenn. Stofnunin staðfestir að hafa fengið upplýsingarnar og erlenda fyrirtækið skal afhenda íslenska notendafyrirtækinu þessa





staðfestingu. Notendafyrirtækinu ber einnig að kalla eftir þessari staðfestingu áður en þjónustan er veitt. Fyrirtæki sem veitir þjónustu á Íslandi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum skal hafa fulltrúa hér á landi. Ekki er þó skylt að tilnefna fulltrúa ef færri en sex starfsmenn starfa að jafnaði hér á landi á vegum fyrirtækis. Erlendu starfsmennirnir skulu vera slysatryggðir við störf sín hér á landi.

8.3 DÓMSMÁL

Félagsdómur – túlkun kjarasamnings

Flugfreyjufélag Íslands höfðaði tvö mál um túlkun kjarasamnings gegn Icelandair. Í fyrra málinu (nr. 9/2006) var krafist viðurkenningar á því að fyrirtækið hefði brotið gegn kjarasamningi með því að telja kjarasamningsbundinn hvíldardag starfsmanna sem orlofsdag í ákveðnum tilvikum. Niðurstaða dómsins var að sú framkvæmd hafi verið venjuhelguð. Túlkun fyrirtækisins á hinum umdeildu ákvæðum hafi verið með þessum hætti um árabíl og hafi verið athugasemdalæus af hálfu stéttarfélagsins allan þann tíma og var fyrirtækið því sýknað af kröfum stéttarfélagsins.

Seinna málið (nr. 10/2006) varðaði skyldu flugfreyja til að bera nafn á persónuskilríki farþega saman við brottfararspjald hans í stað þess að ganga úr skugga um að viðkomandi farþegi sé með rétt brottfararspjald eins og áður var. Taldi dómurinn að þetta breytta verklag feli ekki í sér neina eðlisbreytingu á þátttöku flugfreyja í aðgangsstjórnun að flugvélum fyrirtækisins og því sé ekki um nýjar starfsskyldur félagsmanna stefnanda að ræða í skilningi kjarasamnings aðila. Fyrirtækið var því sýknað af kröfum stéttarfélagsins.

Forgangsréttarákvæði

Flugvirkjafélag Íslands krafðist viðurkenningar á því að Flugfélagið Atlanta ehf. hefði brotið gegn ákvæðum kjarasamnings aðila um uppsagnir og forgangsrétt við uppsögn flugvirkja, (mál nr. 7/2006). Í kjarasamningnum er annars vegar

ákvæði um að við uppsögn vegna samdráttar í rekstri skuli fara eftir starfsaldri og hins vegar um forgangsrétt flugvirkja fyrirtækisins til starfa. Samkvæmt því skulu þeir hafa forgang að þeim flugvirkjastörfum sem um sé að ræða á hverjum tíma á vegum fyrirtækisins. Þau flugvirkjastörf sem um var deilt í málinu voru unnin í verktöku á erlendum starfsstöðvum fyrirtækisins, svo sem í París, Jeddah og Malasíu. Félagsdómur túlkaði forgangsréttinn rúmt sem fyrr þrátt fyrir gagnstæðar niðurstöður Mannréttindadómstóls Evrópu og sérfræðinganevndar Evrópuráðsins um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu. Niðurstaða dómsins var að fallist var á að þeir flugvirkjar sem sagt var upp hafi haft forgangsrétt til flugvirkjastarfa hjá fyrirtækinu hvort sem störfin voru unnin samkvæmt vinnusamningi eða verktakasamningi. Með því að forgangsréttarins var ekki gætt var dæmt að fyrirtækið hafi brotið gegn kjarasamningnum.

HÆSTIRÉTTUR

Aðilaskipti að fyrirtæki

Mál nr. 222/2006, G.P.G. Fiskverkun ehf. Málavextir voru þeir að Jökull ehf. tilkynnti í maí um endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækisins. Unninn yrði léttsaltaður þorskur í stað lausfrystra flakabita og blokkarvinnslu, stöðugildum fækkað úr 50 í 20 og breytingar gerðar á húsakynnum og vélakosti. Öllu starfsfólkinu var sagt upp störfum. Um sumarið tók G.P.G. við verkefninu og leigði allar húseignir Jökuls og tæki sem nýta mátti, auk þess sem Jökull ehf. kostaði að hluta nauðsynlegar breytingar á tækjakosti. Um 20 fyrrverandi starfsmenn Jökuls ehf. voru ráðnir til starfa hjá G.P.G., þ. á m. G sem framleiðslustjóri. G fékk greidd lægri laun en áður og þegar honum var sagt upp störfum í júlí 2004 fékk hann einungis eins mánaðar uppsagnarfrest. G taldi að G.P.G. hefði verið bundið af ákvæðum laga nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og hann ætti því 6 mánaða uppsagnarfrest. Í niður-



stöðu dómsins kemur fram að um aðilaskipti sé að ræða í skilningi laga nr. 72/2002 ef fyrirtæki heldur „einkennum sínum“. Þegar atvik málsins voru skoðuð í ljósi meginmarkmiðs laganna um verndun launamanna við þær aðstæður þegar nýir vinnuveitendur taka við atvinnustarfsemi og viðmiðanna við túlkun á hugtakinu „aðilaskipti“, var talið að aðilaskipti í skilningi laganna hefðu átt sér stað. Hafi G.P.G. því borið á grundvelli laganna að virða þau launakjör og starfsréttindi sem G hafði áunnið sér.

Einn dómara skilaði sérákvæði. Þar tekur hann meðal annars fram að líta þurfi til þess um hvaða tegund fyrirtækis er að ræða, hvort áþreifanleg verðmæti eru framseld, hvort meirihluti starfsmanna flyst til hins nýja vinnuveitanda og hvort framsalshafi heldur viðskiptamönnum framseljanda. Þessi atriði beri að meta heildstætt með samanburði á starfseminni eins og hún var fyrir ætluð aðilaskipti við þá starfsemi sem rekin er eftir þau. Skiptir í þeim efnum ekki máli að ætluður framseljandi rekstrarins hafi sjálfur haft uppi áform um að breyta rekstri sínum ef þau áform voru ekki komin til framkvæmda. Eins og sjá má af þessum ummælum byggir meirihluti dómsins samanburð sinn ekki á því hvernig starfsemin var hjá fyrri rekstaraðila heldur áformum hans en sú niðurstaða fær ekki staðist.

Notendafyrirtæki telst ekki vinnuveitandi leigustarfsmanna

Mál nr. 267/2006, Impregilo SpA, útibú á Íslandi. Deilt var það hver væri vinnuveitandi A, leigustarfsmanns sem starfaði við verkefni I við Kárahnjúka á grundvelli þjónustusamnings I við S, portúgalska starfsmannaleigu, og bæri sem slíkur ábyrgð á launagreiðslum hans. A krafðist þess

að I yrði gert að greiða honum mismun á launum sem honum hefðu annars vegar borið aðallega sem trésmiður í vaktavinnu, samkvæmt kjarasamningum, sem á virkjunarsvæðinu giltu, og hins vegar þeim launum sem hann fékk greidd frá S. Ekki var fallist á að samningur I og S hefði verið málamyndagerningur, enda ekkert sem benti til þess að honum hafi ekki verið ætlað að hafa réttaráhrif samkvæmt efni sínu. Þá var ekki fallist á með A að líta bæri fram hjá ráðningarsambandi hans og S og telja I vinnuveitanda hans. Talið var að A ætti samkvæmt því að fá mismun á lágmarkslaunum hans reiknuðum samkvæmt sér-samningi um nettólaun milli I og landsambanda ASÍ. Tekið var fram að samkvæmt samningi I og S skyldi I bera kostnaðinn af muninum á íslensku laununum og þeim portúgölsku. Í ljósi þess að I hefði þannig, áður en félagið gekk til fyrrgreindra samninga við fulltrúa landsambands ASÍ, tekið að sér gagnvart S að bera þennan kostnað beint var talið eðlilegt að líta svo á að í yfirlýsingu í öðrum samningnum um að I „ábyrgist greiðslur umræddra starfsmanna skv. framanskráðu“ fælist að félagið tæki að sér beina greiðsluskýldu gagnvart starfsmönnum á þeim mun, sem reynast kynni á reiknuðum íslenskum lágmarkslaunum og launum samkvæmt ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns við S. Ágreiningslaust var að A starfaði ekki við trésmiðar á vegum I. Þá hafði hann engin gögn lagt fram til að færa sönnur á að hann hafi fullnægt kröfum sem gerðar eru til staðfestingar á starfsréttindum iðnaðarmanna. Við útreikning á launum A var því talið að miða yrði við verkamannalaun og beita vaktálagi. Samkvæmt útreikningi voru íslensku launin með vaktavinnu hærrí en þau portúgölsku og var I gert að greiða A þann mismun.



ERLEND SAMSKIPTI

9.1 AF EVRÓPUVETTvangi

Allt frá því að tillögu að stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins (ESB) var hafnað í Þjóðaratkvæðagreiðslu í Hollandi og Frakklandi á árinu 2005 hafa áform um að dýpka enn frekar samstarf aðildarríkja ESB ekki átt upp á pallborðið. Ágreiningur hefur verið innan sambandsins um hvert beri að stefna varðandi framtíð sáttmálans og varð lítil hreyfing á því máli á árinu 2006. Á fyrri helmingi ársins 2007 fara Þjóðverjar með formennsku í ráðherraráði ESB og stefna þeir að því að ná samstöðu meðal aðildarríkja á tímabilinu um hvernig staðið skuli að endurbótum á stofnsáttmálanum, en þær eru taldar nauðsynlegar m.a. vegna stækkunar sambandsins.

Á vettvangi ESB hefur stækkun sambandsins borið hvað hæst undanfarin misseri. Mesta stækkun í sögu sambandsins kom til framkvæmda 1. maí 2004, með því að aðildarríkjum fjölgaði úr 15 í 25 þegar átta ríki Mið- og Austur-Evrópu gengu í sambandið auk Möltu og Kýpur. Frá sama tíma stækkaði einnig Evrópska efnahagssvæðið (EES) að sama skapi. Aðildarríkjum ESB fjölgaði síðan í 27 með inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu, sem kom til framkvæmda frá ársbyrjun 2007, en við það urðu íbúar ESB um 460 milljónir. Tyrkland, Króatía og Makedónía eiga nú í aðildarviðræðum við ESB, auk þess sem fleiri lönd á Balkanskaga hafa gert samstarfs-

samninga við ESB sem er venjulegur undanfari aðildarviðræðna.

Viðræður um aðild Rúmeníu og Búlgaríu að EES-samningnum hófust í júlí 2006. Vegna ágreinings um framlög þróunarsjóðs EFTA náðist hins vegar ekki samkomulag fyrir árslok 2007 og gat aðild Búlgaríu og Rúmeníu að EES-samningnum því ekki komið til framkvæmda á sama tíma og aðild þeirra að ESB. Er það bagalegt vegna viðskiptahagsmuna EFTA-landanna og vegna þess að fríverslunarsamningar EFTA við Búlgaríu og Rúmeníu féllu úr gildi við aðild þeirra að ESB. Þegar þetta er skrifað í mars 2007 standa þó vonir til að samningar takist fljótlega.

Við stækkun ESB árið 2004 var aðildarríkjum heimilað að takmarka tímabundið aðgang launþega frá hinum nýju aðildarríkjum að vinnumarkaði sínum og hið sama gildi um EFTA-ríkin innan EES. Að Bretlandi, Írlandi og Svíþjóð undanskildum nýttu öll aðildarríkin sér heimild til takmörkunar og sömuleiðis Ísland og Noregur. Fyrir 1. maí 2006 þurftu ríkin síðan að tilkynna hvort þau teldu nauðsynlegt að beita áfram slíkum takmörkunum. Samtök atvinnulífsins bentu á að aðstæður á íslenskum vinnumarkaði væru með þeim hætti að ekki væru forsendur til að takmarka áfram frelsi íbúa nýrra aðildarríkja til að leita vinnu hér á landi, auk þess sem reynsla þeirra landa sem ekki hefðu beitt takmörkunum





væri almennt góð. Niðurstaðan varð sú að íslensk stjórnvöld ákváðu að falla frá slíkum takmörkunum.

Fjölpætt löggjafarstarf hefur að vanda átt sér stað á vettvangi ESB á umliðnu ári, m.a. löggjöf um ýmis svið hins innri markaðar. Má sem dæmi nefna nýja efnalöggjöf ESB (skammstafað REACH), en markmið hennar er að gera framleiðslu og notkun efna öruggari fyrir starfsmenn og neytendur og minnka skaðleg áhrif á umhverfið.

Meðal nýrrar löggjafar sem hefur viðtæka þýðingu fyrir atvinnulífið má nefna tilskipun um þjónustuviðskipti. Í ársbyrjun 2004 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að slíkri tilskipun, en hún mætti andstöðu meðal aðildarríkja og í Evrópuþinginu og var m.a. gagnrýnd fyrir að stuðla að félagslegum undirboðum, kalla á einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og draga úr neytendavernd. Vorið 2006 náðist hins vegar samkomulag um að takmarka gildissvið tilskipunarinnar og fella brott ákvæði sem vörðuðu útsenda starfsmenn og heilbrigðisþjónustu. Á grundvelli hennar hefur tilskipunin síðan verið samþykkt. Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi margvíslegum hindrunum sem standa í vegi frjálsrar þjónustustarfsemi á innri markaðnum. Sú tilskipun sem samþykkt var er önnur og lakari kostur en fólst í upphaflegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Gildissviðið hefur verið takmarkað og horfið var frá svonefndri upprunalandsreglu, en í því fólst að þjónustuveitandi sem uppfyllti skilyrði laga í heimalandi um að veita þjónustu hefði heimild til að veita með sama hætti þjónustu í öðrum aðildarríkjum. Tilskipunin mun engu að síður auðvelda þjónustufyrirtækjum sem staðsett eru í einu aðildarríki að koma sér fyrir í öðru aðildarríki eða veita þar þjónustu. Er yfirvöldum

í hverju landi skylt að ryðja úr vegi hindrunum í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem standa í vegi þessa og tilkynna um þær breytingar fyrir 28. desember 2009. Mun löggjöfin greiða fyrir því að til verði einn evrópskur markaður fyrir þjónustuviðskipti líkt og þegar er almennt orðið varðandi vöruviðskipti. Gildissvið tilskipunarinnar er sem fyrr sagði takmarkaðra en upphaflega var ráðgert og verða jákvæð áhrif á viðskipti, atvinnu og aukna fjölbreytni neytenda því minni en ella, en sem vísbendingu um þýðingu þessa má nefna að um 70% landsframleiðslu ESB-ríkja er þjónusta.

9.2 RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) er vettvangur samtaka úr atvinnulífi aðildarríkjana. Nefndin fjallar um hvaðeina sem tengist starfssviði samtakanna, bæði fríverslunarsamninga og EES-samninginn. Gefur nefndin álit og ráðleggingar um slík málefni, með sérstöku tilliti til hagsmuna fyrirtækja og launafólks í EFTA ríkjunum, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni ráðherraráðs EFTA eða fastanefndar aðildarríkjana. Frá Íslandi eiga SA, SI, ASÍ, BSRB og Viðskiptaráð fulltrúa í nefndinni, en áheyrnarfulltrúi er frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin heldur alla jafna um fjóra fundi á ári innbyrðis auk árlegra funda með ráðherrum EFTA ríkjanna og með fastanefnd EFTA. Þá myndar nefndin EFTA-hluta ráðgjafarnefndar EES, á móti efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Nefndin hefur samráð við þingmannanefnd EFTA og halda nefndirnar sameiginlegan fund einu sinni til tvisvar á ári.

Á árinu 2006 hélt nefndin fjóra reglulega fundi. Árlegur fundur nefndarinnar með ráðherrum EFTA-ríkjana var að þessu sinni haldinn hér á landi í júní, á Höfn í Hornafirði, en þar var einnig haldinn fundur nefndarinnar með þingmannanefnd EFTA, fundur ráðgjafarnefndar EES, auk innbyrðis fundar ráðgjafarnefndar EFTA. Þá var haldinn fundur með fastanefnd EFTA-ríkjana sem og með vinnuhópi EFTA um hið svonefnda Lissabon-ferli o.fl. Í apríl 2006 skipulagði nefndin fund í Brussel um þjónustuviðskipti. Í nóvember hélt nefndin í samstarfi við þingmannanefnd EFTA ráðstefnu í Genf um fríverslun í heimi alþjóðavæðingar og í desember tók nefndin þátt í námsstefnu EFTA um þjónustuviðskipti og námsstefnu um vinnulöggjöf og sveigjanlegan vinnumarkað.

Ráðgjafarnefndin forgangsraðar verkefnum í sem nánustum tengslum við hagsmuni aðildarríkjana og viðfangsefni ESB hverju sinni. Á þessu starfsári beinir nefndin m.a. kröftum sín-

um að þróun innri markaðarins, Lissabon-ferlinu og stefnumörkun um hagvöxt og atvinnusköpun, löggjöf um frjálsa för launafólks, hinni svonefndu norðlægu vidd í viðskiptasamstarfi Evrópuríkja, stækkun ESB og EES og fjármögnun Þróunarsjóðs EFTA sem og samskiptum EFTA við svonefnd þriðju ríki og undirbúningi og gerð fríverslunarsamninga.

9.3 BUSINESSEUROPE – EVRÓPU-SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

BUSINESSEUROPE er nýtt heiti á Evrópusamtökum atvinnulífsins sem áður flöggðu heitinu UNICE. Nafnabreytingin átti sér stað í byrjun árs 2007 en BUSINESSEUROPE leggja sem fyrr aðaláherslu á aukna samkeppnishæfni Evrópu á heimsvísu. Það sem samtökin hafa m.a. lagt áherslu á er að ný störf verði sköpuð, innri markaðurinn eflur og að barist verði gegn verndarstefnu einstakra aðildarríkja. Evrópusamtökin telja að auka verði snerpu stofnana ESB jafnframt því að auka sveigjanleika á vinnumarkaði í aðildarríkjum til að fjölga vinnandi fólki og fá það til að vinna lengur. Þá verði að huga að því að laga lífeyriskerfi Evrópubúa að nýjum aðstæðum vegna breyttrar aldursamsetningar Evrópubjóða.

Í ár hafa BUSINESSEUROPE m.a. lagt mikla áherslu á áframhaldandi innleiðingu Lissabon-markmiðanna (um aukinn hagvöxt og fleiri störf í Evrópu), orkumál, DOHA samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, félagsmál og umhverfismál, einkum loftslagsbreytingar. Taka verður fram að gríðarleg umfjöllun hefur verið á Evrópuvettvangi um loftslagsmál og þá stefnu ESB að setja einhliða kröfur á Evrópuríki um takmörkun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda, enda eru slíkar kröfur íþyngjandi fyrir evrópsk fyrirtæki sem eiga í stöðugt aukinni samkeppni við önnur iðnríki heims.

BUSINESSEUROPE vinna mjög ötullega að því að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri við æðstu ráðamenn. Starfsfólk samtakanna fundar reglulega með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og einnig eiga forseti og framkvæmdastjóri BUSINESSEUROPE tíða fundi með æðstu valdamönnum í Evrópu m.a. í kringum „Tripartite Social Summit“ þar sem aðilum vinnumarkaðarins er boðið að koma á framfæri sínum sjónarmiðum við ráðherra aðildarríkja ESB. Í febrúar hittu forseti BUSINESSEUROPE, Ernest-Antoine Seillière, Verheugen og Dimas í framkvæmdastjórn ESB til þess að ræða orku- og umhverfismál. Auk þess má nefna að forseti og

framkvæmdastjóri BUSINESSEUROPE hafa staðið í bréfaskriftum við æðstu ráðamenn s.s. til kanslara Þýskalands, Angelu Merkel og forseta framkvæmdastjórnarinnar, José Manuel Barroso.

9.4 SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM KJARASAMNINGUM

Samningaviðræður BUSINESSEUROPE við ETUC, Evrópusamtök launafólks, um einelti og ofbeldi á vinnustað tóku lengri tíma en áætlað var. Samningsumboð BUSINESSEUROPE og ETUC voru takmörkuð en samkomulag náðist þó um miðjan desember. Að öðrum kosti hefði framkvæmdastjórn ESB gripið til þess ráðs að setja tilskipun um málið sem fæstir töldu góðan kost. Aðkoma framkvæmdastjórnarinnar felst í því að tryggja verði að samkomulaginu sé hrint í framkvæmd í aðildarríkjunum. Það er annars alfarið á ábyrgð samningsaðilanna sjálfra, þar á meðal SA og ASÍ. Ríkisstjórnir aðildarríkja bera þar engar skyldur. Það er mat SA að þessi samningur gangi ekki lengra en gildandi reglur hér á landi, sbr. reglugerð 1000/2004 um einelti á vinnustöðum. Innleiðing hans hér á landi eigi því ekki að valda erfiðleikum.

Innleiðing Evrópusamninga hér á landi

SA og ASÍ gerðu samkomulag sín á milli um fjarvinnu 5. maí 2006 og innleiddu með því samning BUSINESSEUROPE og ETUC um sama efni frá 2002. Samkomulagið er efnislega samhljóða Evrópusamningnum og er birt á heimasíðum samtakanna.

9.5 EVRÓPUSKRIFSTOFA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Starfsemi Evrópuskrifstofu SA mótast mjög af því starfi sem fram fer hjá Evrópusamtökum atvinnu-





Forstöðumaður Evrópuskrifstofunnar sinnir einnig að nokkru leyti málefnum tengdum Evrópusambandinu (ESB), stofnunum evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), auk þess sem skipst er á upplýsingum við íslensku sendinefndina í Brussel eins oft og tækifæri gefst til. Utan þessa sinnir skrifstofan m.a. upplýsingaöflun um hin ýmsu Evrópumál.

9.6 ALPÝÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN, ILO

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um málefni ILO sem í eiga sæti fulltrúar SA og ASÍ fjallaði samkvæmt venju um framkvæmd alþjóðasamþykktar stofnunarinnar hér á landi og mögulega fullgildinguna á nýjum og ófullgiltum samþykktum. Aðildarríkin eiga val um það hvort þau fullgildi einstakar samþykktir stofnunarinnar.

Eins og fram kemur í síðustu ársskýrslu hefur fullgilding ILO samþykktar nr. 158 um uppsögn starfs verið til umræðu að kröfu ASÍ. SA leggja eindregið gegn fullgildingunni samþykktarinnar þar sem samtökin vilja standa vörð um sveigjanleika íslensks vinnumarkaðar eins og fram kemur í svari þeirra til félagsmálaráðuneytisins. Var því ljóst að grundvallarágreiðingur var um þetta atriði og var ráðherra gerð grein fyrir því með minnisblaði formanns samráðsnefndarinnar þann 18. október 2005. Í niðurlagi minnisblaðsins er afstaða heildarsamtakanna dregin saman. Þar kemur fram að Alþýðusamband Íslands telur málið fyrst og fremst snúast um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um ástæður uppsagnar og hvort þær byggja á málefnalegum ástæðum. Það fjalli ekki um rétt atvinnurekanda til að segja upp starfsmanni. Fullgilding hafi því hverfandi áhrif á sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands leggur til að ILO-samþykkt nr. 158 verði fullgilt og kallar eftir afstöðu stjórnvalda til þess. Samtök atvinnulífsins eru á öndverðum meiði. SA telur að samþykkt ILO nr. 158 feli í sér bann við uppsögn af hálfu atvinnurekanda nema að hann geti sýnt fram á að ástæða uppsagnarinnar sé samdráttur í rekstri eða að fyrir henni séu gildar ástæður sem varði hæfni eða háttsemi starfsmannsins. Fullgilding drægi því verulega úr sveigjanleika í íslensku atvinnulífi, viðbragðsflýti og snerpu fyrirtækja. Vilji fyrirtækja til nýráðningar yrði einnig minni. Samtök atvinnulífsins væru þar af leiðandi andvíg fullgildingunni samþykktarinnar.

Það næsta sem gerðist var að SA barst á vordögum afrit af bréfi félagsmálaráðuneytis

lífsins. SA eru aðildarsamtök að BUSINESS-EUROPE ásamt 39 öðrum aðildarsamtökum frá 33 Evrópulöndum.

Forstöðumaður Evrópuskrifstofunnar, sem jafnframt er varafastafulltrúi SA hjá BUSINESS-EUROPE, hefur aðsetur í BUSINESS-EUROPE byggingunni. Með þátttöku í starfi BUSINESS-EUROPE gefst SA mikilvægt tækifæri til að taka á óbeinan hátt þátt í að móta löggjöf ESB. Jafnframt fæst með því greiður aðgangur að upplýsingum um það sem efst er á baugi í atvinnulífinu í Evrópu og um það sem framundan er. Forstöðumaður skrifstofunnar sækir stóran hluta þeirra funda sem lögð er áhersla á að sækja af hálfu SA. Að jafnaði eru haldnir fundir fastafulltrúa aðildarsamtaka BUSINESS-EUROPE á tveggja vikna fresti þar sem farið er yfir helstu mál sem eru á dagskrá í Evrópusambandinu enda markast starfsemi BUSINESS-EUROPE að miklu leyti af því sem er efst á baugi í Evrópumálum hverju sinni.

Innan BUSINESS-EUROPE starfa sjö stefnumótunarnefndir og hefur stefnan verið sú að sækja fundi í þeim flestum, þótt félagsmál, umhverfismál og málefni innri markaðarins sæti forgangi. Bæði sækja starfsmenn SA á Íslandi þessa fundi og þá oft forstöðumaður Evrópuskrifstofunnar einnig. Undir hverja stefnumótunarnefnd heyra fjölmargir vinnuhópar. Þessir vinnuhópar BUSINESS-EUROPE eru að jafnaði með afmörkuð umfjöllunarefni. Sem dæmi um vinnuhóp má nefna starfshóp um REACH tilskipunina, starfshóp um þjónustutilskipunina, starfshóp um loftslagsmál, starfshóp um minni reglubyrði og starfshóp um jafnrétti. Sækja sérfræðingar frá SA eða aðildarfélögum fundi í vinnuhópnum þegar tilefni er til, auk þess sem forstöðumaður Evrópuskrifstofunnar hefur tekið þátt í vinnu nokkurra þeirra.



til ASÍ þar sem tilkynnt er að Rannsóknarsetri vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst hafi með bréfi frá 5. maí 2006, verið falið að semja tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Þegar tillagan að leiðbeiningarreglum liggja fyrir verði hún lögð fyrir ILO-nefndina. Markmiðið sé að sátt geti tekist með aðilum vinnumarkaðarins hér á landi um að leiðbeiningarreglurnar verði viðmið þegar þær aðstæður skapast að nauðsynlegt kunni að vera að segja starfsmönnum upp störfum. SA hefur mótmælt þessari málsmeðferð allri harðlega.

Samráðsnefndin hefur einnig rætt um fullgildinguna á alþjóðasamþykktum nr. 81 og 129, um vinnuvernd. Leitað var umsagnar Vinnueftirlits ríkisins sem svaraði því til að aðstæður á Íslandi séu að flestu leyti í samræmi við ákvæði samþykktarinnar nema hvað varði eftirlit með launagreiðslum enda sé það ekki meðal verkefna Vinnueftirlitsins hér á landi. ILO-nefndin leitaði síðastliðið haust nánari skýringa starfsmanna alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í Genf á umræddum ákvæðum. Svar hefur ekki borist.

Aðildarríkjum ILO er skylt að kynna lögjafarsamkomu landsins þær samþykktir sem Alþjóðavinnuálagstofnunin afgangið. Hér á landi hefur það verið gert með skýrslu félagsmálaráðherra en þar eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgangið. ASÍ hefur haldið fram að kynningin hafi verið ófullnægjandi þar sem ekki hafi fylgt tillaga um það hvað gera skuli í framhaldinu og kvartað yfir framkvæmdinni við ILO. Niðurstaða sérfræðinganeftirlits Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar barst í lok febrúar 2007. Þar er áréttað að afstaða hlutaðeigandi stjórnvalda til framkvæmdar á umræddum gerðum ILO þurfi að koma fram við kynningu fyrir Alþingi. Jafnframt er tekið fram í niðurstöðum nefndarinnar að það sé á forræði ríkisstjórnarinnar að leggja til að samþykkt verði fullgilt, að hún verði ekki fullgilt eða að ákvörðun um fullgildinguna verði frestað.

Alþjóðavinnuálagstofnunin

Árlegt vinnuálagstofnun ILO, það 95. í röðinni var haldið í Genf dagana 31. maí til 16. júní 2006. Þátttakendur voru um 4000. Fulltrúar SA voru Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon. Fastir liðir eru umræða um skýrslu forstjóra sem fjallaði að þessu sinni um breytt vinnuálagstofnun

sem getur gefið ILO tækifæri til að endurheimta fyrri áhrif og beita sér fyrir verkefnum sem draga úr höftum á stofnun fyrirtækja og atvinnusköpun. Hnattvæðingarskýrslan (global report) er þáttur í eftirfylgni með yfirlýsingu ILO um grundvallarreglur og réttindi við vinnu. Eitthvert fjögurra meginviðmiða yfirlýsingarinnar kemur til skoðunar ár hvert. Viðfangsefni síðasta árs var uppræting barnavinnu. Almenn samstaða var um það á þinginu milli ríkisstjórna, launþega og vinnuveitenda að allir aðilar verði að vinna áfram að því að útrýma barnavinnu. Önnur mál-efni á dagskrá þingsins voru meðal annars önnur umræða um vinnuvernd og afgreiðni þingið samþykkt og tilmæli um það efni. Markmiðið er að hvetja aðildarríkin til að móta stefnu í vinnuvernd og til að setja áætlan á landsvísi um aðgerðir á sviði vinnuverndar sem miði að því að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnusjúkdóma. Ekki var teljandi ágreiningur um þá samþykkt. Um er að ræða almennt orðaða rannsóknir sem flest ríki ættu að geta fullgilt án mikilla tafa. Sama verður ekki sagt um tillögu að tilmælum varðandi ráðningarsamband vinnuveitenda og launafólks sem einnig var til umfjöllunar á þinginu. Skoðanir voru mjög skiptar í því máli. Það átti einkum við um tvö atriði. Annars vegar þríhliða vinnusamband og hins vegar viðmið til ákvörðunar á því hvort um vinnuréttarsamband sé að ræða. Launþegahópurinn vann með vinnuveitendum að því að reyna að finna lausn á þessum erfiðu atriðum. Ríkisstjórnarfulltrúarnir ollu hins vegar vonbrigðum þar sem þeir gerðu lítið til að finna lausnir sem allir gætu sætt sig við. Skrifstofa ILO var heldur ekki til mikillar hjálpar og virti ekki efnisatriði samkomulagsins frá 2003 sem endurupptaka





Þessa máls byggði á. Niðustaðan varð texti sem í veigamiklum atriðum var óásættanlegur fyrir vinnuveitendur. Það á sérstaklega við um ákvæði 11. gr. um hvenær ganga megi út frá því að ráðningarsamband sé til staðar og 13. gr. um viðmið við mat á því hvort um ráðningarsamband sé að ræða. Tillagan var að endingu samþykkt með 329 atkvæðum, 94 á móti og 40 sem sátu hjá. Þá var umræða á þinginu um hlutverk ILO varðandi tækniástoð. Textinn endurspeglar þörfina á að styrkja vinnuveitendastarfseminu til að auka möguleika samtaka þeirra til þátttöku í aðgerðum ILO í verkefninu um mannsæmandi vinnu.

9.7 FASTANEFND NORRÆNU ATVINNU-REKENDASAMTAKANNA

Fundur var haldinn í fastanefnd forystumanna í heildarsamtökum norrænna atvinnurekenda seinni hluta ágústmánaðar í Helsinki. Finnsku atvinnurekendasmötökin stóðu fyrir fundinum sem fram fór á Savoy veitingahúsinu. Samtök vinnuveitenda og iðnrekenda hafa verið sameinuð í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð en ekki á Íslandi og í Danmörku. Þessi samtök hafa hins vegar fundað sameiginlega síðustu ár. Fjallað var um allmörg mál á fundinum en fulltrúar hvers lands um sig gerðu grein fyrir einhverju áhugaverðu efni sem á erindi við aðra í hópnum. Framsaga SA og SI var um sveigjanleika á vinnumarkaði en þar hefur Ísland sérstöðu ásamt Danmörku að hluta til. Á fundinum var kynnt sameiginleg skýrsla á vegum norrænu samtakanna *In Search Of Best Nordic Practice* og fékk hún góðar viðtökur. Ákveðið var að halda áfram gerð skýrslna af þessu tagi og næsta skýrsla mun fjalla um vel heppnaða nýsköpun á Norðurlöndum og munu íslensku samtökin leiða starfið.

9.8 ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn var haldinn í Stykkishólmi um miðjan ágúst 2006. Fastur liður á þessum fundum er að fjalla um stöðu efnahags- og kjaramála í hverju landi en einnig er fjallað um efni sem hvert land velur sjálft. Danir fjölluðu um hvort og hvernig norrænu ríkin gætu haft meiri áhrif á kröfur Eurostat um upplýsingar ásamt því að lýsa líkani sem þeir nota til þess að meta niðurstöður kjarasamninga. Þá fjölluðu þeir um nýjar kröfur jafnréttislaga um kynskiptar launaupplýsingar frá fyrirtækjum, en fyrirtæki með fleiri en 35 starfsmenn verða árlega að gera grein fyrir launum og launabreytingum eftir kynjum

og störfum. Finnar fóru yfir nýlega ákveðnar lækkanir tekjuskatta einstaklinga þar í landi og nýjar kröfur til fyrirtækja varðandi upplýsingar í jafnréttisáætlunum, m.a. launakortlagningu. Norðmenn fóru yfir það hvernig unnt væri að auka atvinnuþátttöku í Noregi, og tóku Ísland sem fyrirmynd, sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að stór varasjóður vinnuafis er þar í landi. Svíar gerðu einnig grein fyrir nýjum kröfum í jafnréttislögum til fyrirtækja sem fela í sér kortlagningu og greiningu á launamun milli kynja og ber fyrirtækjunum ekki einungis að bera saman og greina störf sem teljast lík heldur einnig að bera saman störf sem teljast hefðbundin kvennastörf við hefðbundin karlastörf. Umfjöllun af hálfu Íslands var um ástæður fyrir háu matvælavæðingum á Íslandi.

9.9 FUNDUR SKATTASÉFRÆÐINGA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Árlegur fundur skattasérfræðinga norrænu atvinnurekendasmotakanna var haldinn í Reykjavík í lok ágúst 2006. Á fundinum var fjallað um nýjustu breytingar á skattlagningu fyrirtækja, þ.m.t. á afskriftarreglum, tekjuskatti launamanna, eignarsköttum og óbeinum sköttum. Þá var fjallað um fjármögnun skattalækkanana, þ.e. þau rök að framboðsáhrif geti fjármagnað lækkun tiltölulega hárra skatthlutfalla (dýnamísk áhrif), samskattlagningu móður- og dótturfélaga sem starfa í mörgum löndum og alþjóðlega þróun í skattamálum fyrirtækja, einkum sameiginlega skilgreiningu skattstofna fyrirtækja innan ESB, Common Consolidated Corporate Tax Base (CCCTB) og loks var farið yfir breytingar á skattlagningu gengishagnaðar af hálfu Íslands.

9.10 LÖGFRÆÐINGAMÓT NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamótið var haldið í Skagen í Danmörku í lok ágúst. Aðalefni fundarins var umfjöllun um samkeppnisákvæði í ráðningarsamningum. Hver samtök skiluðu samkvæmt venju ítarlegri skýrslu um réttarstöðuna í sínu landi. Vandamálin reyndust vera svipuð en reglurnar að einhverju leyti mismunandi eftir löndum en í sumum tilvikum hafa verið settar reglur í kjarasamninga um framkvæmdina. Auk þess var á fundinum fjallað um breytingar á löggjöf og dómaframkvæmd. Sú umfjöllun gaf gott yfirlit yfir réttarþróun og dómaframkvæmd í vinnurétti á Norðurlöndum.

9.11 FUNDIR UMHVERFISDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDA-SAMTAKANNA

Á árinu 2006 voru haldnir tveir fundir, báðir í Brüssel. Fund í janúar sótti fulltrúi Samtaka iðnaðarins en í september sótti fulltrúi SA fundinn. Helstu mál á dagskrá hafa tengst nýrri löggjöf ESB s.s. efnalöggjöfinni (REACH), úrgangslöggjöf, og löggjöf um loftgæði. Á fundina hafa komið embættismenn framkvæmdastjórnarinnar og auk þess fulltrúi forystuþjóðar ESB og hafa fjallað um þau mál sem efst eru á baugi. Næsti fundur umhverfiseildanna verður á Íslandi í maí 2007.

9.12 ÁRSFUNDUR VINNUMHVERFIS-DEILDA NORRÆNU ATVINNU-REKENDASAMTAKANNA

Fundurinn var að þessu sinni í Stokkhólmi og sóttu tveir fulltrúar fundinn af hálfu SA en alls voru þátttakendur 14. Fram kom að það vantar fólk til starfa í flestum löndunum. Mikið var fjallað um örorkumál, sjúkratryggingakerfi, fjarvistir frá vinnu og lagaumhverfið í löndunum. Fjallað var um breytingar á lögum sem orðið hafa síðustu ár og þau áhrif sem lagasetningin hefur haft. Viða er unnið að einföldun reglna.

9.13 FUNDUR SAMSKIPTASVIÐA NORRÆNU ATVINNUREKENDA-SAMTAKANNA

Forstöðumenn samskiptasviða norrænu atvinnurekendasamtakanna funduðu í Reykjavík 28. júní, til þess að bera saman bækur um áherslur og vinnubrögð. Í öllum löndunum fimm starfa samtök atvinnurekenda m.a. að því að halda uppi umræðu um þau tækifæri sem fólgin eru í hnattvæðingu og alþjóðlegri samkeppni, og um þann veruleika að hnattvæðingin verður ekki umflúin. Okkar eini kostur í stöðunni er að keppast við að búa atvinnulífi okkar samkeppnishæft starfsumhverfi. Fjallað var um aðferðir og leiðir í þessari umræðu og í skyldum málum, svo sem varðandi aðgang erlends starfsfólks að vinnu-mörkuðum landanna, tilhneigingu til verndarstefnu í sumum ríkjum, sameiginleg útgáfuverkefni (sjá kafla 11 um útgáfumál) og margt fleira.

9.14 FUNDUR NORRÆNNA FLUG-VINNUVEITENDA

Þessir fundir eru haldnir árlega en SA hefur ekki sótt þá reglulega hingað til. Í þetta sinn var fundurinn í Marstrand utan við Gautaborg seinni hluta september. Skipst var á upplýsingum um verkefni samtakanna og starfssvið svo og kjarasamningamál og réttarframkvæmd. Spunnust af því gagnlegar umræður.

9.15 SAMRÁÐSFUNDUR NORRÆNNA ATVINNUREKENDASAMTAKA FJÁRMÁLA- OG TRYGGINGA-FYRIRTÆKJA

Fundurinn var haldinn í Osló um mánaðamótin ágúst – september. Fundurinn var sóttur af SA í stað fulltrúa SBV sem hefur áður tekið þátt í þessu samstarfi. Á dagskrá fundarins voru umræður um þróunina á árinu innan samtakanna, samskipti við samningsaðila, samningsgerð og vinnumarkaðsmál. Fjallað var um fyrirtæki sem hafa samnorrænar starfsmannadeildir og samstarfsnefndir á grundvelli reynslu þáttökulandanna. Einnig var rætt um bónusa, afkomutengd laun og aðra breytilega launaþætti svo og vinnudeilur. Þá sögðu fulltrúar Dana frá verkefni sem þeir eru með og felst í að virkja erlent starfsfólk með háskólamenntun til starfa innan bankans. Málin voru rædd nokkuð ítarlega og margt var að spyrja. Skipulag samtakanna og áherslur voru þó nokkuð misjafnar eftir löndum.

9.16 AF STARFI NEMIA

SA eiga aðild að gagnkvæmu vátryggingarfélagi norrænu atvinnurekendasamtakanna, *Nordic Employers Mutual Insurance Association*. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða samtakanna vegna bótagreiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið starfar í Lúxemborg og réttur til félagsaðildar er bundinn við hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. Vinnudeilusjóður SA (VDS) greiðir árgjald til NEMIA sem nam rúmlega 0,5 m.kr. í fyrra. Greiðslur NEMIA til Íslands undanfarin ár hafa miðast við greiðslur vegna kostnaðar við að afstýra verkföllum. Að undanförunni hafa verið nokkrar umræður um framtíð félagsins og fyrirhuguð er breyting á samþykktum þess í því skyni að treysta stöðu þess með nákvæmari ákvæðum um áhættudreifingu.



MENNTAMÁL

Samtök atvinnulífsins, aðildarsamtök þeirra og félagsmenn sinna mennta- og fræðslumálum með margvíslegum hætti. Helstu samstarfsaðilar eru samtök launafólks og opinberir aðilar. Menntahópur SA sem er skipaður starfsfólki SA, fulltrúum aðildarfélaganna og áhugafólki úr atvinnulífinu fjallar um stefnu samtakanna í menntamálum. Menntastefnan er birt í stefnumörkun samtakanna, *Áherslum atvinnulífsins*. Menntahópurinn hélt tvo fundi á starfsárinu 2006-2007.

10.1 FRÆÐSLUSJÓÐIR

Samtök atvinnulífsins hafa frá árinu 2000 starfrækt fræðslusjóði í samstarfi við helstu viðsemjendur sína, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnumarkaði. Sjóðirnir eru: Starfsafli, með félögum í Flóabandalaginu, Landsmennt, með Starfsgreinasambandinu, Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks með VR og Landsambandi íslenskra verslunarmanna og Sjómennt með Sjómannasambandi Íslands.

Starfsafli og Landsmennt voru fyrstu árin fjármagnaðir af Atvinnuleysisstryggingasjóði þangað sem atvinnurekendur greiða tryggingagjald og með framlagi stéttarfélaganna. Ákveðin tímamót verða í lok árs 2007 sem er síðasta árið sem sjóðirnir eru fjármagnaðir að hluta í gegnum Atvinnuleysisstryggingasjóð, en í kjarasamningnum vorið 2004 var samið um beinar greiðslur atvinnurekenda í þessa sjóði. Frá 1. janúar 2006 er gjaldið 0,05% af launum, en verður 0,15% frá 1. janúar 2007. Sjómennt er fjármagnaður með framlagi úr Atvinnuleysisstryggingasjóði til ársloka 2007.

Á árinu 2006 námu styrkveitingar Starfsafls alls 34,5 milljónum króna. 1081 einstaklingur fékk styrk til náms þar af rúmlega 36% til náms í íslensku. Heildarupphæð einstaklingsstyrkja var 30,4 milljónir króna. Styrkir til fyrirtækja námu rúmlega 4 milljónum og fóru 75% af því fé til íslenskukennslu.

Úr Landsmennt voru veittir 1.866 styrkir samtals að upphæð 45,6 m. kr. Þá fengu 79 verkefni fyrirtækja styrki á árinu sem námu samtals rúmlega 17 milljónum. Samtals voru veittir styrkir hjá Landsmennt að upphæð 62,6 m. kr.

Heildarframlag úr Atvinnuleysisstryggingasjóði til Sjómenntar á árunum 2004-2007 nema 45 milljónum króna. Árið 2006 greiddi Sjómennt alls rúmlega 4,9 milljónir í styrki til 123 einstaklinga og um 430 þúsund krónur vegna þriggja fræðsluverkefna innan fyrirtækja.

Atvinnurekendur hafa frá upphafi greitt 0,15% starfsmenntagjald af heildarlaunum félagsmanna innan VR og aðildarfélaganna Landsambands íslenskra verslunarmanna til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Stéttarfélagin greiða mótframlag sem svarar einum þriðja af framlagi atvinnurekenda. Fyrirtæki með virka endurmenntunarstefnu og þar sem kostnaður vegna menntastefnu er meiri en 0,15% af heildarlaunum geta sótt um að greiða lægra gjald eða 0,05%. Meginhluti þess fjár sem er úthlutað fer til einstaklinga en fyrirtæki innan SA geta einnig sótt um styrki til sjóðsins vegna starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Árið 2006 voru veittir tæplega 5.200 styrkir til einstaklinga úr sjóðnum samtals að upphæð 118,3 milljónir króna. Styrkir til fyrirtækja og félaganna námu 7,7 milljónum 2006.

Samtök atvinnulífsins og Starfsgreinasamband Íslands fóru þess á leit við ríkisstjórnina með bréfi í október að stjórnvöld tækju aukna ábyrgð á íslenskukennslu útlandinga. Starfsmenntasjóðirnir, Landsmennt og Starfsafli höfðu undanfarin ár varið æ meira fé í þetta verkefni og einstök ár fór upp undir helmingur ráðstöfunarfjár þeirra til íslenskukennslu. Samtökin höfðu efasemdir um að sjóðum sem ætlað var að sinna starfsfræðslu ásamt sí- og endurmenntun ófaglærðs fólks á vinnumarkaði bæri að standa undir þessari kennslu í svo miklum mæli. Fólki sem kemur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar til starfa hefur fjölgað mjög á undanföllum árum og eru einstaklingar með erlent ríkisfang um 6% af íbúum landsins. Í árslok 2006 voru þeir rúmlega 18.500 og hafði fjöldi þeirra tvöfaldast frá árinu 2000. Tungumálakennsla er brýnt verkefni



og grundvallarforsenda fyrir aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Ríkisstjórnin ákvað því í nóvember 2006 að stofna til sérstaks verkefnis um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Á næstu þremur árum er gert ráð fyrir að 1000 - 2000 manns njóti kennslunnar á hverju ári en áhersla verður lögð á nám sem mætir þörfum byrjenda í íslensku, óháð bakgrunni þeirra. Ákveðið var að verja 100 milljónum króna á árinu 2007 úr ríkissjóði til verkefnisins en miðað er við að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við kennsluna verði 75%. Í mars var 90 milljónum króna úthlutað til 60 aðila til að kenna 3.360 nemendum. Ekki fengust framlög til að fjármagna íslenskukennslu fyrir um 1.300 starfsmenn og því ljóst að þörf á íslenskukennslu fyrir útlendinga er mikil. Starfsmenntasjóðirnir munu koma áfram að því verkefni.

10.2 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002. Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur þeirra sem að henni standa um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. FA er fyrst og fremst ætlað að sinna þeim hópi fólks sem ekki hefur lokið framhaldsskóla. Á íslenskum vinnumarkaði er þessi hópur mjög stór. FA var í upphafi ætlað að skilgreina menntunarfærir fyrirtækja, starfsstétta og einstaklinga og byggja upp framboð á gæðavottuðu námi fyrir markhópin, námi sem fengist metið til eininga innan hins formlega skólakerfis. Mikilvægt hlutverk er einnig að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og þeirri færni sem fólk hefur aflað sér utan skóla, meðal annars á vinnumarkaði.

Í janúar 2007 var gerður nýr þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið um að greiðslur FA til fræðsluaðila yrðu hækkaðar úr 100 m.kr. í 215 m.kr. árið 2007, og framlag vegna verkefna sem unnin eru hjá FA hækkuð úr 66 m.kr. í tæpar 70 m.kr.

10.3 MENNT

Miklar breytingar hafa orðið í starfsumhverfi Menntar og ákvað stjórn hennar á síðari hluta árs 2006 að endurskipuleggja starfsemina. Mennt er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla var stofnuð 1998 til að vera vettvangur fyrir samræður aðila vinnumarkaðarins og skóla um menntamál. Þegar hefur verið ákveðið að Mennt framkvæmi ekki önnur verkefni en þau sem tengjast



umræðu og upplýsingamiðlum, og að starfið framvegis skuli felast í reglulegum félagsfundum tvisvar á ári þar sem fram fari umfjöllun um þau mál sem skipta félagsaðila mestu á hverjum tíma. Áætlað er að nýrri stefnumótun fyrir Mennt verði lokið um mitt ár 2007.

10.4 STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum frá 1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Tilgangur ráðsins er að efla starfsmenntun í landinu og úthlutar það meðal annars starfsmenntastyrkjum til menntastofnana og fyrirtækja. Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í Starfsmenntaráð. Samtök atvinnurekenda tilnefna þrjá menn og samtök launafólks aðra þrjá. Ráðherra skipar einn án tilnefningar. Undanfarin ár hefur starfsmenntasjóður Starfsmenntaráðs fengið árlega um 60 milljónir króna úr atvinnuleysistryggingasjóði til úthlutunar. Árið 2006 var úthlutað styrkjum til 30 aðila samtals að upphæð tæpar 55 m. kr. en heildarumsóknir voru um nær þrefalda þá upphæð. Þegar þetta er ritað er unnið að afgreiðslu ráðsins fyrir 2007.

10.5 STARFSMENNTAVERÐLAUNIN 2006

Starfsmenntaverðlaunin árið 2006 hlutu Alcan fyrir stóriðjuskóla fyrirtækisins, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Björg Árnadóttir. Þetta er í annað sinn frá því verðlaunin voru veitt fyrst árið 2000 sem fræðslustarf í álverinu í Straumsvík hlýtur þessa viðurkenningu. Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð í samstarfi við Mennt þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á þessu sviði.



10.6 STEFNUMÓTUN Í FRAMHALDSSKÓLUM – STARFSGREINARÁÐ

Nefnd menntamálaráðherra sem skipuð var í byrjun árs 2006 skilaði skýrslu í júní 2006. Nefndin var einhuga í tillögum sínum og meðal þess sem hún leggur til er að aðgreining náms í framhaldsskólum í bóknám og starfsnám verði afnumin og að nýr framhaldsskóli verði ein heild með fjölmörgum námsleiðum. Í nefndinni sátu fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila, atvinnurekenda, launafólks, Kennarasambandsins, framhaldsskólanna og tveir þingmenn. Í tillögunum er m.a. kveðið á um breytt hlutverk samstarfsnefndar um starfsnám. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort og hvernig hugmyndum nefndarinnar verður hrint í framkvæmd.

Samtök atvinnulífsins tilnefna beint fulltrúa í 9 af 12 starfsgreinaráðum. Starfsgreinaráðin eiga lögum samkvæmt að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og að setja fram markmið með starfsnámi. Þau gera einnig tillögur um skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um nám á vinnustöðum. Ráðin eiga að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytingar á námi og námsskipan og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðin heyra. Með starfi starfsgreinaráða er leitast við að efla tengsl starfsmennta og atvinnulífs og að auðvelda aðilum á vinnumarkaði að taka formlega þátt í ákvörðunum um þróun og fræðsluskipan.

10.7 FULLTRÚAR SA Í NEFNDUM OG RÁÐUM Á SVIÐI MENNTAMÁLA

Starfsmenntaráð

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, Samorka

Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI

Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.

Varam: Jón H. Magnússon, SA

Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF

Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Mennt

Aðalm: Jónína Gissurardóttir, SA

Varam: Ingi Bogi Bogason, SI

Aðalm: Guðrún S. Eyjólfsdóttir, SA

Varam: Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetur
verslunarinnar

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Aðalm: Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetur
verslunarinnar

Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI

Aðalm: Guðrún S. Eyjólfsdóttir, SA

Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Verkefnisstjórn um símenntun

Jónína Gissurardóttir, SA

Stjórn Háskólans í Reykjavík

Aðalm: Sjöfn Sigurgísladóttir, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Varam: Eggert B. Guðmundsson, HB Grandi hf.

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Aðalm: Stefán Kalmannsson, Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Varam: Stefán Logi Haraldsson,
Vírnet Garðastál hf.

Háskólinn á Bifröst – stjórn

Aðalm: Guðjón Rúnarsson, SBV

Aðalm: Finnur Árnason, Hagkaup hf

Varam: Atli Atlason, Kaupþing banki hf.

Varam: Ásbjörn Gíslason, Samskip hf.

Evrópufræðasetur Viðskiptaháskólans á Bifröst – stjórn

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, Samorka

Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands – stjórn

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi

Aðalm: María Guðmundsdóttir, SAF

Aðalm: Guðfinnur Johnsen LÍÚ

Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI

Aðalm: Jón Trausti Harðarson, OPM hf.



Aðalm: Hildur Björgvinsdóttir, Hagkaup.
 Aðalm: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP
 Varam: Erna Hauksdóttir, SAF
 Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF
 Varam: Ingólfur Sverrisson, SI
 Varam: Haraldur Dean Nelson, SI
 Varam: Anna K. Halldórsdóttir, Samskip hf.
 Varam: Ólafur Finnbogason, Íslandspóstur hf.

Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis
SA skipar 22 aðalmenn og varamenn þeirra í eftirtalin 9 starfsgreinaráð:

Bygginga- og mannvirkjagreinar
 Farartækja- og flutningsgreinar
 Hönnunar- og handverksgreinar
 Matvæla-, og veitinga- og ferðaþjónustugreinar
 Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar
 Sjávarútvegs- og siglingagreinar
 Skrifstofu- og verslunargreinar
 Snyrtigreinar
 Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

Stjórn verkstjórnarnámskeiða

Aðalm: Ingólfur Sverrisson, SI
 Varam: Ragnar Árnason, SA

Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Hörður Vilberg, SA

Nefnd um eflingu starfsnáms

Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetur verslunarinnar

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar

Erla Kristinsdóttir, Sjávariðjan Rifi ehf.
 Torfi Þorsteinsson, HB Grandi hf.

Starfshópur vegna starfsnáms á vinnustað

Ingi Bogi Bogason, SI
 Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetur verslunarinnar

Starfsmenntasjóður verslunarmanna

Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.
 Aðalm: Sigurður Jónsson, SVP
 Aðalm: Hildur Björgvinsdóttir, Hagkaup hf.
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI

Landsmennt – Starfsmenntasjóður (SGS)

Aðalm: Arnar Sigurmundsson, SF
 Aðalm: Halldór Frímansson, VÍS hf.
 Aðalm: Gissur Pétursson, Vinnumálastofnun
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI
 Varam: Ragnar Árnason, SA

Starfsafli – Starfsmenntasjóður Flóa

Aðalm: María Guðmundsdóttir, SAF
 Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI
 Aðalm: Gissur Pétursson, Vinnumálastofnun
 Varam: Ragnar Árnason, SA
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

Fagráð verslunar og þjónustugreina

Aðalm: Emil B. Karlsson, Rannsóknarsetur verslunarinnar
 Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.
 Varam: Sigurður Jónsson, SVP
 Varam: Anna Margrét Jónsdóttir, Hagkaup hf.

Stjórn landsskrifstofu Leonardó II – áætlunar Evrópusambandsins um verknám, starfsþjálfun og símenntun

Aðalm: Jónína Gissurardóttir, SA
 Varam: Gústaf Adolf Skúlason, Samorka

Stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

Vísinda- og tækniráð

Aðalm: Kristinn Andersen, Marel hf.
 Varam: Hilmar Janusson, Össur hf.
 Aðalm: Pétur Reimarsson, SA
 Varam: Kristján Þórarinnsson, LÍÚ

Ráðgjafanefnd Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarinnar

Sigfús Thorarensen, ÍSTAK hf.

Stjórn Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands

Hermann Kristjánsson, VAKI-DNG
 Davíð Stefánsson, Capacent ehf.
 Guðrún Hálfánardóttir, Morgunblaðið – Árvakur hf

Vinnuhópur Leonardo „Quality in Mobility“

Jónína Gissurardóttir, SA



ÚTGÁFA OG KYNNING



11.1 VEFUR SA

Vefur SA, www.sa.is, gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Áhersla er lögð á öflugan fréttaflutning af málefnum atvinnulífsins en á vefnum er einnig mikið safn upplýsinga. Auk hefðbundinna upplýsinga um samtökin, svo sem samþykktir, skipulag og starfsemi, er þar að finna margvíslegar upplýsingar fyrir aðila atvinnulífsins. Má þar nefna efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, umhverfismál og samkeppnismál svo fátt eitt sé nefnt.



Vinnuarkaðsvefur SA

Á sérstökum vinnumarkaðsvef Samtaka atvinnulífsins er að finna ítarlegar en aðgengilegar upplýsingar um ráðningar á starfsfólki og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnuarkaðsvefurinn er opin öllum félagsmönnum SA. Leiðin inn á hann er í gegnum kjaramálasíðu á vef SA (bein leið er www.sa.is/vinnumarkadsvefur/). Þegar farið er inn á vefinn í fyrsta sinn úr tiltekinni vinnustöð þarf að slá inn notandanafn og lykilorð sem voru send aðildarfyrirtækjum og aðildarfélögum við opnun vefsins í nóvember 2001 og hafa jafnframt verið send til allra nýrra félagsmanna frá þeim tíma.



11.2 AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en

ítarlegri umfjöllun um hvert mál má nálgast á vef samtakanna. Jafnframt er fréttabréfið nýtt til að koma sjónarmiðum og skoðunum SA á framfæri. Fréttabréfið er sent út fyrsta fimmtudag hvers mánaðar (nema í ágúst, vegna sumarleyfa). Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en einnig má nálgast það á vef SA.

11.3 PRENTÚTGÁFA

Heilbrigður einkarekstur

Heilbrigður einkarekstur – tækifæri til sóknar í íslenskri heilbrigðisþjónustu er heiti á riti sem Samtök atvinnulífsins gáfu út í byrjun júní 2006. Í því er fjallað um þær áskoranir sem íslenskt heilbrigðiskerfi stendur frammi fyrir og settar eru fram ítarlegar tillögur um hvernig bregðast skuli við þeim. Auk greiningar SA eru í ritinu birt viðtöl við sérfróða aðila sem tjá sig um einkarekstur og framtíð íslenskrar heilbrigðisþjónustu. Rætt er við Sigurð Guðmundsson, landlækni, Sigurð Ásgeir Kristinsson, bæklunarlækni og framkvæmdastjóra Orkuhússins, Önnu Birnu Jensdóttur, hjúkrunarforstjóra Sóltúns og framkvæmdastjóra Öldungs hf., Stefán Þórarinsson, stjórnarformann Nýsis, og Grím Sæmundsen, lækni og forstjóra Bláa Lónsins hf.

Í leit að bestu norrænu leiðinni

Í sameiginlegu riti sem samtök atvinnulífsins á Norðurlöndum gáfu út haustið 2006, *Í leit að bestu norrænu leiðinni*, kemur fram að Norðurlöndin státi öll af sterkri stöðu í alþjóðlegri



samkeppni. Margt sé líkt með löndunum fimm en þau geti þó ýmislegt gagnlegt lært hvert af öðru, þar sem ekki er til neitt eitt norrænt módel. Í ritinu er í stuttu máli fjallað um sérstaka styrkleika í hverju landanna fyrir sig, m.a. um skattalagabreytingar á Íslandi, finnska nýsköpunarumhverfið og afnám takmarkana á atvinnufrelsi og innleiðingu samkeppni í sænsku atvinnulífi.

Hagstjórnarumhverfið og sambýli atvinnuvega

Í desember kom út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, *Hagstjórnarumhverfið og sambýli atvinnuvega*, en þar segir m.a. að sveitarfélögin á Íslandi leiki nánast lausum hala. Hallarekstur þeirra og vaxandi útgjöld yti undir þenslu og breyting þurfi að verða á. Í niðurstöðunum kemur jafnframt fram að stjórn peningamála hafi verið of lengi að taka við sér, peningastefnan hafi ekki haft nægan stuðning af ríkisfjármálunum og nýjar aðstæður á fjármálamarkaði kunni að kalla á nýjan gjaldmiðil. Skýrslan var unnin að beiðni Samtaka atvinnulífsins (SA), Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Samtaka ferðapjónustunnar (SAF), Samtaka fiskvinnslustöðva (SF), Samtaka fjármálaframtækja (SFF) og Samtaka iðnaðarins (SI). Skýrsluna má nálgast á vef SA.

Bjartsýni um framtíð Íslands

Í tengslum við aðalfund SA 2006 var gefin út könnun PSN-samskipta fyrir SA meðal 19-20 ára Íslendinga en hún sýndi mikinn hug í unga fólkinu og jákvæðni í garð hnattvæðingar, alþjóðlegrar samkeppni og framtíðar Íslands. 86% aðspurðra töldu hnattvæðingu og vaxandi alþjóðlega samkeppni hafa góð áhrif á sín tækifæri í framtíðinni, en einungis tæp 4% töldu áhrifin slæm. Lang flestir sögðust vilja starfa hjá einkafyrirtæki eða fara út í sjálfstæðan atvinnurekstur, samtals 78%. 13% sögðust helst starfa hjá ríki eða sveitarfélögum. Könnunin var gefin út í tengslum við aðalfund SA 2006.

Útgefnir kjarasamningar

Samtök atvinnulífsins gefa út í bókarformi þá kjarasamninga SA sem gilda fyrir fleiri en eitt fyrirtæki og senda þá til aðildarfyrirtækja þeim að kostnaðarlausu. Þeir eru jafnframt aðgengilegir á vinnumarkaðsvef SA sem opinn er félagsmönnum. Fjöldi samninga hefur verið gefinn út á þessu samningstímabili sem lýkur um næstu áramót. Þá var að vanda gefin út kaupgjaldsskrá SA á starfsárinu.



11.4 OPNIR FUNDIR

Vistfræði í iðnaði

Dr. Patrick D. Eagan hélt áhugaverðan fyrirlestur hjá Samtökum atvinnulífsins 3. maí. Dr. Eagan fjallaði um hönnun, framleiðslu og sjálfbæra þróun, en meginfræðasvið hans er vistfræði í iðnaði og nýting sjálfbærrar þróunar við hönnun og framleiðslu. Auk þess fjallaði hann um samþættingu gæða- og umhverfissjónarmiða við hönnun. Dr. Eagan er prófessor í verkfræði við háskólann í Wisconsin – Madison, og hefur unnið náið með fyrirtækjum í raftækjaframleiðslu og eins með fyrirtækjum á heilbrigðisviði.

Er evran svarið?

Í tilefni af Evrópuþeginum bauð Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi, í samstarfi við Euro Info skrifstofuna, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins, til morgunverðarfundar um evruna 8. maí undir yfirskriftinni: Er evran svarið? Hlutverk evrunnar í alþjóðavæðingunni. Aðalræðumaður á fundinum var Hervé Carré, aðstoðarframkvæmdastjóri stjórnarskrifstofu efnahagsmála hjá ESB og einn af hugmyndasmiðum evrunnar.

Heilbrigður einkarekstur

Heilbrigður einkarekstur – tækifæri til sóknar í íslenskri heilbrigðisþjónustu var yfirskrift morgunverðarfundar sem Samtök atvinnulífsins efndu til í byrjun júní 2006. Um eitt hundrað manns sóttu fundinn sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík. Sigurður Ásgeir Kristinsson, bæklunarlæknir og framkvæmdastjóri Orkuhússins, og Anna Birna Jensdóttir, hjúkrunarforstjóri Sóltúns og framkvæmdastjóri Öldungs, fluttu framsöguerindi en kraftmiklar umræður spunnust að þeim loknum undir stjórn Vilhjálms Egilssonar, framkvæmda-





stjóra Samtaka atvinnulífsins. Stefnuörkun SA um einkarekstur í heilbrigðisþjónustu var lögð fram á fundinum en í henni er m.a. lagt til að nýsköpun í heilbrigðisþjónustu verði eflð og samkeppnisstaða einkaaðila, sjálfseignarstofnana og opinberra aðila í heilbrigðisþjónustu verði jöfnuð. SA telja jafnframt æskilegt að starfsfólk í heilbrigðisþjónustu verði hvatt til þess að stofna fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu og veittur faglegur stuðningur til þess.

Fundaröð um atvinnulíf og umhverfi

Fimm fundir voru haldnir í fundaröð Samtaka atvinnulífsins um atvinnulíf og umhverfi 2006–2007. Þar var fjallað um íslensk fyrirtæki og áhrif þeirra á umhverfið og staða umhverfismála á Íslandi sett í alþjóðlegt samhengi. Í desember kom til landsins einn helsti sérfræðingur Evrópusamtaka atvinnulífsins í loftslagsmálum, dr. Nick Campbell, og fjallaði um loftslagsbreytingar og atvinnulífið. Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group og Árni Magnússon, forstöðumaður orkumála hjá Glitni, fjölluðu um málið út frá sjónarhóli ferðaþjónustu og fjármálfyrirtækja. Nánar er fjallað um fundaröðina í kafla 7 um umhverfismál.

Evrópusamvinnan og lýðræðið

Evrópufræðasetur á Bifröst, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, ASÍ, BSRB og Samtök iðnaðarins, efndi til morgunfundar þann 15. nóvember um Evrópusamvinnuna og lýðræðið á Grand Hótel Reykjavík.

Virkjum kraft kvenna

Boðið var upp á fjölbreytta og glæsilega dagskrá á námsstefnunni *Virkjum kraft kvenna* á Hótel Nordica fimmtudaginn 11. janúar. SA ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Félagi kvenna í atvinnurekstri stóðu að námsstefnunni þar sem fjallað var um konur og stjórnun fyrirtækja út frá ýmsum sjónarhornum. Metþátttaka var á námsstefnunni en fjallað er nánar um *Virkjum kraft kvenna* í 5. kafla um jafnréttismál.

Skattadagurinn 2007

Skattadagur Deloitte, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs Íslands og Viðskiptablaðs Morgunblaðsins var haldinn þann 12. janúar. Þar kallaði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, eftir skýrum skilaboðum frá öllum stjórnmalaflokkum um það hvert þeir ætli að stefna í skattamálum atvinnulífsins. Hvort þróa ætti áfram samkeppnishæft skattkerfi á Íslandi eða taka til baka það sem vel hefði tekist. Vilhjálmur kom víða við í erindi sínu og fjallaði um samkeppnishæfni íslensks skattkerfis út frá ótal þáttum og benti á það sem betur mætti fara.

Hagsæld í Hafnarfirði

Samtök atvinnulífsins og Alcan á Íslandi efndu til stefnumóts fyrirtækja í Hafnarfirði 2. febrúar í Hafnarborg. Þar var rætt um framtíðarþróun atvinnulífs í Hafnarfirði, stækkun álversins í Straumsvík og um kosningu Hafnfirðinga um nýtt deiliskipulag við álverið. Leitað var svara við áleitnum spurningum og spunnust fjórugar umræður á fundinum sem var vel sóttur.

Viðurlög við efnahagsbrotum

Samtök atvinnulífsins og Samtök fjármálfyrirtækja efndu til morgunverðarfundar 13. febrúar þar sem rætt var um fyrirhugaðar breytingar á samkeppnislögum og frumvarp til laga um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis kynntu lagabreytingarnar og fulltrúar atvinnulífsins lýstu viðhorfum sínum til þeirra. Í máli þeirra kom m.a. fram að í frumvörpunum væri gengið lengra en í nágrannalöndum Íslands og lagðar til strangari refsheimildir en þar tíðkist gagnvart einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja. Fram kom að Samtök atvinnulífsins telji bannákvæði samkeppnislaga mikilvæg og þau beri að virða en gæta verði meðalhófs við ákvörðun refsiramma vegna brota á lögum. Því hafi ekki verið svarað hvers vegna Íslendingar eigi að ganga lengra en önnur ríki í þessum efnum.



Námskeiðaröð SA um starfsmannamál

Samtök atvinnulífsins efndu í febrúar og mars 2007 til námskeiða um starfsmannamál fyrir félagsmenn sína, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni. Boðið var upp á almenn námskeið um túlkun og framkvæmd kjarasamninga og námskeið um nýjungar í kjarasamningum og lögum og sérhæfða þætti starfsmannamála. Námskeiðin voru mjög vel sótt og heppnuðust vel.

Ný tækifæri til atvinnuþátttöku

Þann 22. mars efndu Öryrkjabandalag Íslands og Vinnumálastofnun til ráðstefnu um ný tækifæri til atvinnuþátttöku í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Þar fjallaði Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, m.a. um aðkomu atvinnurekenda að starfsendurbjálfun. Sagði hann að finna þyrfti form á frjálsum samningum á milli fyrirtækja og þeirra aðila sem fari með málefni þeirra sem búa við skerta starfsorku. Sníða þurfi ráðningarsamninga að þörfum þessa hóps með sveigjanlegum vinnutíma og afkastakröfum og láta kostnað vegna greiðslu launa í veikindum falla á sameiginlegan sjóð. Hannes sagði íslenskan vinnumarkað sveigjanlegan sem kæmi fólki með veika stöðu vel. Forðast ætti að grípa til íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana til að tryggja aukna atvinnuþátttöku öryrkja sem óhjákvæmilega yrðu umdeildar og gætu skapað hættu á útbreiddri sniðgöngu meðal fyrirtækja.

Auk framangreindra funda tóku Samtök atvinnulífsins þátt í fjölda funda og ráðstefna, meðal annars til að sinna fundarstjórn, flytja erindi og taka þátt í pallborðsumræðum. Þá styrktu samtökin ýmiss konar verkefni og fundahald þar á meðal ráðstefnu Háskólans í Reykjavík um samfélagslega ábyrgð sem haldin var á Hótel Nordica 15. nóvember.

11.5 RANNSÓKNIR OG FLEIRA MEÐ STUÐNINGI SA

Samtök atvinnulífsins styðja við fjölda rannsókna og verkefna af ýmsu tagi. Má þar nefna:

- *Evrópufræðasetur við Viðskiptaháskólann á Bifröst*, vettvangur fyrir rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál, þar sem sérstök áhersla er lögð á málefni sem snerta atvinnulífið.
- *Þróunarverkefni um mat á stöðu jafnréttis í fyrirtækjum*. Samstarfsverkefni nokkurra aðila unnið af Rannsóknasetri vinnuréttar

og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

- *Global Entrepreneurship Monitor*. Fjölbjóðlegt rannsóknarsamstarf sem gerir kleift að bera saman frumkvöðlastarf hér og erlendis. Háskólinn í Reykjavík fer með framkvæmd fyrir Íslands hönd.
- *Tilraunaverkefni um rafrænt samfélag*, fjölbjóðlegt verkefni sem Staðlaráð Íslands hefur unnið í samstarfi við stjórnvöld og atvinnulíf.
- *Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands*. Vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsókna sem meðal annars er ætlað að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila.
- *Kvennaslóðir*. Vefur sem hefur að geyma nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins, starfræktur af Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu.



REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG



12.1 STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Hótel Nordica þriðjudaginn 25. apríl 2006. Ingimundur Sigurpálsson formaður samtakanna setti fundinn kl. 14:00 og var Halldór J. Kristjánsson kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefndi Álfheiði M. Sívertsen sem fundarritara.

Venjuleg aðalfundarstörf

Ingimundur Sigurpálsson formaður flutti fundinum skýrslu stjórnar fyrir næstliðið starfsár og fór yfir áherslur í starfi samtakanna á starfsárinu. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA kynnti reikninga samtakanna og voru þeir samþykktir samhljóða. Þá kynnti Páll Sigurjónsson fulltrúi kjörstjórnar fundinum niðurstöðu úr beinni póstkosningu formanns SA, en Ingimundur Sigurpálsson hafði gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku. Ingimundur hlaut 99,2% greiddra atkvæða og var því réttkjörinn formaður SA starfsárið 2006 til 2007. Kosningaþátttaka var 55%. Umsjón með kosningu og talningu atkvæða hafði kjörnefnd sem var skipuð þeim Einari Benediktssyni, Einari Sveinssyni og Páli Sigurjónssyni. Þá var samþykkt tillaga kjörnefndar um 20 menn til setu í stjórn SA starfsárið 2006–2007, sem og tillaga fundarstjóra um PricewaterhouseCoopers sem endurskoðanda SA starfsárið 2006–2007. Loks voru samþykktar breytingar á samþykktum samtakanna um framboðsfresti, áheyrnarfulltrúa í stjórn og rafræna kosningu formanns.

Opin dagskrá – „Meiri árangur – mögnuð áskorun“

Meiri árangur – mögnuð áskorun var yfirskriftn á opinni dagskrá aðalfundar sem hófst kl. 15:00 með ræðu nýkjörins formanns SA, Ingimundar

Sigurpálssonar. Í ræðu sinni fjallaði Ingimundur meðal annars um mikinn árangur íslensks atvinnulífs og sagði forsendur hans og frumskilyrði þess að hægt væri að halda áfram á sömu braut, vera fyrst og fremst efnahagslegan stöðugleika, áframhaldandi umbætur á starfsskilyrðum fyrirtækja, framhald einkavæðingar, öflugt menntakerfi, metnaðarfulla stjórnendur og vel þjálfað starfsfólk, sveigjanleika á vinnumarkaði og öflugt og skilvirkt heilbrigðis-, velferðar- og lífeyriskerfi. Ingimundur sagði stjórnvöld, bæði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, verða að endurskoða sín framkvæmdaáform og forgangsraða þeim með það að markmiði að auka trúverðugleika efnahagsstefnunnar. Ingimundur sagði blíkur á lofti í verðlagsmálum og að ástæða væri til að óttast langvinnt skeið samdráttar í efnahagslífinu ef verðbólgan næði að festast í sessi. Slík þróun væri þó fjarri því óhjákvæmileg og í okkar valdi að koma í veg fyrir hana. Þá fjallaði formaður SA ítarlega um þann gríðarlega kostnað sem verðbólga hefur í för með sér fyrir atvinnulífið jafnt sem heimilin í landinu og sagði auknar launahækkningar fólgra verðbólguvæntingar og ýta undir verðbólgu sjálfa. „Þetta er gamli vítahringurinn, sem hélt raunverulegum framföllum á Íslandi í gíslingu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar,“ sagði Ingimundur og gagnrýndi launahækkunar skuldugra sveitarfélaganna umfram almennan vinnumarkað. Almennt sagði hann sveitarfélögin þurfa að axla meiri ábyrgð í baráttunni gegn verðbólgu og að ríkisvaldið þyrfti einnig að koma þar sterkar inn. Þá fjallaði Ingimundur um ánægjulega bjartsýni unga fólksins sem birtist í skoðanakönnun PSN fyrir SA, kosti einkarekstrar, mikilvægi sveigjanleika á vinnumarkaði og öflugs menntakerfis, mikilvægi rannsókna, nýsköpunar og fleira. Hann sagði fulla ástæðu til að ræða aðild að ESB og upptöku evru af yfirvegun. Hins vegar væri óneitanlega athyglisvert að umræða um evru og ESB skyldi jafnan skjóttast upp þegar við stæðum frammi fyrir efnahagsvanda sem við hefðum sjálf komið okkur í.

Þá ávarpaði fundinn Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Halldór sagði það áskorun til stjórnmalámana að leita allra leiða til að búa til hagfellt umhverfi fyrir atvinnulífið til þróast og þroskast í. Hann sagði jafnframt mikilvægt að skapa fjölskylduvænt samfélag þar sem fólk vilji búa og þar sem því líði vel. Hann fjallaði m.a. um einkavæðingu, aðhald í fjármálum hins opinbera og aukin útgjöld til menntamála. Halldór sagði jafnframt mikilvægt að einfalda sem mest skattlagningu matvæla, fella niður þá skatta sem hafi óæskileg uppsöfnunaráhrif og útrýma gildandi undanþágukerfi. Einnig þyrfti að huga að





álagningu tolla á innfluttar landbúnaðarvörur meðal annars vegna alþjóðasamninga sem væru í burðarliðnum.

Gestur fundarins var Quentin Peel, ritstjóri alþjóðamála hjá Financial Times. Í erindi sínu sagði hann hnattvæðinguna ekki eitthvað sem hægt væri að velja eða hafna heldur staðreynd sem drifin er áfram af kröftum á borð við gríðarlega öra tæknipróun, mikla fólksfjölgun í þróunarríkjum og gríðarlega aukningu í framleiðni. Hann sagði hnattvæðinguna einnig valda ýmsum óöryggi og varaði við vaxandi tillhneigingu til verndarstefnu austan hafs og vestan. Mikilvægt væri að senda réttu skilaboðin um kosti alþjóðlegrar samkeppni. Peel fjallaði um hinn mikla hagvöxt á Íslandi undanfarinn áratug, sem hann taldi m.a. mega rekja til aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu og þess aukna frjálsræðis sem aðildinni fylgdi. Hann sagði þá neikvæðu umræðu sem hefði átt sér stað um íslenska hagkerfið, og áhrif þeirrar umræðu hér, vera dæmi um hvernig heimurinn hafi breyst. Einstök ríki gætu ekki lengur stjórnað hagkerfum sínum eins og áður fyrr, né heldur væri það valkostur að loka fyrir erlend áhrif. Í ljósi efasemdaradda um íslenskt efnahagslíf, ættuðum frá Danske Bank, sagði Peel enga hættu á að Ísland yrði „annað Tailand eða Indónesía“ í efnahagssamdrætti enda um að ræða opið hagkerfi með skýru regluverki. Íslendingar yrðu hins vegar að gera ráð fyrir einhverju tímabili minni hagvaxtar en verið hefði og sagði Íslendinga eiga að vera vana því að sigla í ólgusjó. Þá fjallaði Peel stuttlega um umræðuna hér á landi um kosti og galla aðildar Íslands að ESB. Hann benti á að ESB-aðild hefði yfirleitt reynst litlum ríkjum vel og meiri sátt verið um hana þar en í stærri ríkjum. Þá væri það lærdómur fyrir Íslendinga – í ljósi reynslunnar – að sjálfstæður gjaldmiðill væri engan veginn óhultur fyrir utanaðkomandi áhrifum. Hægt er að horfa á upptöku af erindi ritstjóra Financial Times á vef SA.

Ungir Íslendingar, 19-20 ára, lögðu sitt af mörkum til dagskrár aðalfundar SA en á fundinum voru spiluð stutt myndskíð þar sem þeir

rýndu í framtíðarhorfur lands og þjóðar. Að loknum erindum í opinni dagskrá aðalfundar Samtaka atvinnulífsins tóku við umræður um efni fundarins og framtíðina. Þátt tóku þau Eggert B. Guðmundsson forstjóri HB Granda, Grímur Sæmundsen forstjóri Bláa lónsins, Guðbjörg Gissurardóttir framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs og Sigríður Olgeirsdóttir framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss. Fundarstjóri og stjórnandi umræðna var Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans.

Spurð um hvað hefði helst vakið athygli af því sem fram kom á fundinum sagði Grímur það vera mikilvæg skilaboð að hnattvæðingin væri ekki valkvæð heldur veruleiki. Hann sagði mikilvægt að Íslendingar tækju forystu í að koma á framfæri réttum upplýsingum um stöðu efnahagsmála hérlandis. Eggert lýsti ánægju með bjartsýni unga fólksins og tók undir áherslu Ingimundar Sigurpálssonar á mikilvægi þess að lenda ekki aftur í víxlhækkunum verðlags og launa. Sigríður sagði frábært að heyra mikla jákvæðni hjá unga fólkinu og tók undir áherslu Ingimundar á mikilvægi efnahagslegs stöðugleika. Þá sagði hún ánægjulegt að heyra áherslu forsætisráðherra á mikilvægi þess að búa fyrirtækjum hagstætt starfs- umhverfi. Guðbjörg sagðist vona að sá ólgusjór sem verið hefði í efnahagsmálunum yrði bara til þess að efla okkur og styrkja í framhaldinu.

Spurð um hvað við bærum helst að leggja áherslu á til að stuðla að áframhaldandi árangri lagði Guðbjörg áherslu á hugmyndir, hönnun og nýsköpun. Hún sagði alltof lítið um markvissa hugmyndavinnu og sköpun í fyrirtækjum og lagði áherslu á lykilhlutverk hönnunar í að umbreyta hugmyndum og tækni í markaðsvöru. Grímur sagði okkur hafa örlög okkar í eigin höndum og ítrekaði áherslu sína á eflid almanna- tengsl um stöðu efnahagsmála hérlandis. Þá sagði hann brýnt að efla fjárframlög til nýsköpunar og rannsóknastarfa. Eggert sagði mikilvægt að við töpuðum ekki okkar sérstöðu, svo sem sveigjanleikanum og þeim hæfileika að ganga í fjölbreytt störf og Sigríður lagði áherslu á að við þyrftum að halda ró okkar þrátt fyrir neikvæða umfjöllun og tryggja hér stöðugleika.

12.2. STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Framkvæmdastjórn SA stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við stefnumörkun stjórnar og hélt hún tíu fundi á starfsárinu. Í upphafi starfsársins var ítarlega fjallað um samningamál vegna brostinna forsendna kjarasamninga og leiddu þær umræður til þess að SA lagði í júní fram tilboð til landssambanda ASÍ um breytingar á launalið samninga gegn því að fyrirhuguð





endurskoðun í nóvember félli niður. Breytingar á kjarasamningum voru undirritaðar 22. júní. Á fundum var jafnan fjallað um stöðu efnahagsmála hverju sinni en meðal annarra má nefna frjálsa för launamanna á Evrópska efnahags-svæðinu, málefni erlendra starfsmanna, þjónustutílskipun ESB, hugsanlega upptöku evru, áherslur SA í loftslagsmálum, lífeyrismál, áfalla-tryggingar í kjarasamningum og örorkumál, skattamál, refsíákvæði samkeppnislaga, lækkun matvælavæðs, verðlagseftirlit ASÍ, málefni Íbúðalánasjóðs, Útflutningsráð, Háskólan á Bifrost, Íbúðalánasjóð, aðildarmál Landssambands vörubifreiðastjóra, tilraun til sameiningar SVP og FÍS og hugsanlega stækkun Borgartúns 35.

12.3. STÖRF STJÓRNAR

Stjórn SA kom fjórum sinnum saman á starfsárinu. Stjórnin fékk fjármálaráðherra og Seðlabankastjóra á fundi sína og átti við þá gagnlegar viðræður. Á fundum stjórnarinnar var fjallað um undirbúning aðalfundar, kjarasáttina við landsambönd ASÍ í júní 2006, áherslur SA í loftslagsmálum, lífeyrismál í tengslum við málefni öryrkja, atkvæðagreiðslu um stækkun álvers, skattamál og efnahagsmál almennt.

12.4. FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDA-STJÓRUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjórar SA og aðildarfélaganna átta hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum. Á fundum á starfsárinu var fjallað um fjölda mála sem tengjast starfi samtakanna, rekstri og stefnu. Meðal umfjöllunarefna, auk efnahags- og kjaramála, má nefna opnun vinnu- markaðar fyrir A-Evrópu og erlent starfsfólk, skattamál, endurgreiðslu VSK til ríkisstofnana af keypri þjónustu af einkaaðilum, undirboðstolla, skýrslu Hagfræðistofnunar um efnahagsstjórn og sambýli atvinnuvega, lækkun matvælavæðs, nýtt úrvinnsluferfi í tengslum við Úrvinnslusjóð, aðgerðir Samkeppniseftirlits gagnvart samtökum atvinnurekenda, málefni Próunarsamvinnustofnunar, Útflutningsráð, Nýsköpunarsjóð, Icepro, refsíákvæði samkeppnislaga og laga um eftirlit með fjármálastarfsemi, kosningu um stækkun álversins í Straumsvík, áfalla-tryggingar í kjarasamningum, örorkumál, norræna fundi, upplýsinga- og tölvuferfi samtakanna, félagsgjöld til samtakanna, flutning SFF á 2. hæð hússins, glerskipti á suður- og austurhlið Borgartúns 35 og hugsanleg stækkun Borgartúns 35.

12.5 SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Aðildarfyrirtæki Samtaka banka og verðbréfa- fyrirtækja (SBV), Sambands íslenskra trygginga-

félaga (SÍT) og Sambands íslenskra sparisjóða (SÍSP) sameinuðust í Samtökum fjármálafyrirtækja frá og með 1. janúar 2007. Hin nýju samtök eru heildarsamtök fyrirtækja á fjármálamarkaði og eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins. Á stofnfundi samtakanna 7. nóvember 2006 var Bjarni Ármannsson kjörinn formaður stjórnar Samtaka fjármálafyrirtækja og Helgi Bjarnason varaformaður. Skrifstofur nýrra samtaka eru í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 2. hæð.

12.6. SAMTÖK ATVINNUREKENDA Í SJÁVARÚTVEGI

Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva stofnuðu í mars Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi. Um er að ræða samstarfsvettvang samtaka atvinnurekenda í sjávarútvegi, sem starfa innan Samtaka atvinnulífsins. Meginhlutverk samstarfsins felst í nánara samstarfi og samþættingu verkefna er varða kynningar- og ímyndarmál sjávarútvegsins, auk umhverfismála og annarra verkefna er varða sameiginlega hagsmunum.

12.7 MÁLEFNASTARF SA

Málefnaþing SA eru tíu talsins og fjalla um efnahagsmál, vinnu- markað, skatta, menntun, jafnrétti, umhverfismál, lífeyrismál, samkeppnislög, alþjóðamál og um rannsóknir og nýsköpun. Flestir hópanna funda að jafnaði um það bil tvisvar á ári, þó hefur umhverfishópur SA fundað oft.

12.8 STARFSFÓLK SA

Nokkrar breytingar urðu á skrifstofu samtakanna á starfsárinu. Gústaf Adolf Skúlason, sem frá ársbyrjun 2001 hafði gegnt starfi forstöðumanns stefnumótunar- og samskiptaviðs Samtaka atvinnulífsins, tók í byrjun árs 2007 við starfi aðstoðarframkvæmdastjóra Samorku, samtaka raforku-, hita- og vatnsveitna. Þá lét Erlen Jónsdóttir, móttökuritari, einnig af störfum eftir rúmlega tuttugu ára farsælt starf fyrir Samtök atvinnulífsins og forvera þeirra. Eva Margrét Ævarsdóttir lét af störfum á Evrópuskrifstofu SA í Brüssel en við starfi hennar tók Sigrún Kristjánsdóttir lögfræðingur. Við starfi forstöðumanns stefnumótunar- og samskiptasviðs SA tók Pétur Reimarsson sem áður gegndi starfi verkefnastjóra á sviðinu. Þá var Guðrún S. Eyjólfsdóttir ráðinn verkefnastjóri á stefnumótunar- og samskiptasviði. Samtök atvinnulífsins þakka þeim Gústafi, Erlen og Evu vel unnin störf í þágu samtakanna og óska þeim velfarnaðar.

Skipurit Samtaka atvinnulífsins

Helstu hlutverk skrifstofu Samtaka atvinnulífsins eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.

Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðssviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.




Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun réttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri ímynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirkni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins Borgartúni 35



ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka Atvinnulífsins hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 26. mars 2007.

PricewaterhouseCoopers hf

Stefán Bergsson, sign
lögiltur endurskoðandi




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2006

	2006	2005
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarfélaga	248.178.501	215.390.129
Þjónustusamningar	3.098.025	9.632.984
Styrkur til hag- og tæknideildar	2.400.000	2.400.000
Félagsheimilásjóður	5.478.482	3.290.309
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu	3.000.000	3.000.000
Aðrar tekjur	6.196.117	3.281.170
	<u>268.351.125</u>	<u>236.994.592</u>
Rekstrargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	160.242.322	139.521.672
Kostnaður v. funda og móta	28.468.861	15.785.696
Útbreiðslu- og félagsmál	23.606.746	34.651.916
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	19.048.709	13.599.501
Afskriftir	6.591.948	9.032.964
	<u>237.958.586</u>	<u>212.591.749</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)	30.392.539	24.402.843
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur	39.588.075	12.478.651
Vextir og verðbætur	(416.222)	(176.615)
	<u>39.171.853</u>	<u>12.302.037</u>
Hagnaður ársins	<u>69.564.392</u>	<u>36.704.880</u>

**Greidd árgjöld 2006
Flokkun eftir aðildarfélögum**



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

	2006	2005
Fasteign, Borgartún 35	154.449.168	157.880.122
Bifreið	4.320.000	5.760.000
Sumarhús	4.166.531	4.259.121
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld	2.490.693	4.119.097
	<u>165.426.392</u>	<u>172.018.340</u>

Fastafjármunir samtals 165.426.392 172.018.340

Veltufjármunir

Viðskiptamenn	9.062.555	5.675.259
Vinnudeilusjóður SA, inneign	172.691.597	139.305.783
Sjóður og bankainnstæður	64.804.385	27.986.021
	<u>246.558.537</u>	<u>172.967.063</u>

Eignir samtals 411.984.929 344.985.403

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	390.595.492	321.031.100
	<u>390.595.492</u>	<u>321.031.100</u>

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir	21.389.437	23.954.303
	<u>21.389.437</u>	<u>23.954.303</u>

Eigið fé og skuldir samtals 411.984.929 344.985.403

ÁRITUN FORMANNS FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Meðfylgjandi ársreikningar Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi þann 26. mars 2006.

F.h. framkvæmdastjórnar,

Ingimundur Sigurpálsson, formaður sign.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri, sign.

Réttarverndarsjóður SA árið 2006

	2006	2005
Höfuðstóll 1/1	14.838.106	13.933.774
Ávöxtun ársins	2.773.495	980.619
Úthlutað úr Réttarverndarsjóði	(200.000)	(76.287)
	<u>17.411.601</u>	<u>14.838.106</u>


VINNUDEILUSJÓÐUR SA

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2006

	2006	2005
Rekstrartekjur		
Árgjöld aðildarféлага	25.065.541	20.074.863
Húsaleiga	19.678.118	16.972.517
Fjármunatekjur	437.431.659	374.966.557
	<u>482.175.318</u>	<u>412.013.937</u>
Rekstrargjöld		
Greiðslur bóta v. vinnudeilna	0	59.136
Greiðslur til NEMIA	591.546	3.317.075
Rekstrarkostnaður húsnæðis	29.557.671	16.241.595
Þóknun til SA vegna fjárvörslu	3.000.000	3.000.000
Innh.kostnaður, endurskoðun o.fl.	1.953.832	2.021.807
	<u>35.103.049</u>	<u>24.639.613</u>
Rekstrarhagnaður	447.072.269	387.374.324
Fjármagnsgjöld		
Hluti SA í ávöxtun Vinnudeilusjóðs	(38.447.686)	(11.501.411)
Hagnaður tímabilsins	<u>408.624.583</u>	<u>375.872.913</u>

326 m.kr. af 2.552 m.kr. eigin fé sjóðsins er bundinn í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun var 23,67% á síðasta ári.

Skipting verðbréfaeignar VDS 31.12. 2006



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign

Áhöld, tæki og innréttingar

2006

2005

322.428.127

329.466.671

3.458.615

4.160.360

325.886.742

333.627.031

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Hlutabréf

1.739.592.281

1.518.168.903

Skuldabréf

702.784.170

488.969.816

Næsta árs afborgun skuldabréfa

(24.849.393)

(23.211.366)

2.417.527.058

1.983.927.353

Fastafjármunir samtals.

2.743.413.800

2.317.554.384

Veltufjármunir

Skammtímakröfur:

Viðskiptakröfur

360.590

349.131

Gjaldf. afborganir og vextir skuldabréfa

975.877

976.633

Næsta árs afborgun skuldabréfa

24.849.393

23.211.366

Bankainnstæður

29.226.075

102.109.234

55.411.935

126.646.364

Eignir samtals

2.798.825.735

2.444.200.748

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé

2.551.786.665

2.143.162.081

Skammtímaskuldir

Skammtímalán í erlendra mynt

46.303.437

46.404.420

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur

14.165.232

21.086.144

Skammtímalán fjárvörslu VBS og MP

8.878.791

90.316.492

Samtök Atvinnulífsins

172.691.597

139.305.783

Ýmsar skammtímaskuldir

5.000.014

3.925.828

247.039.071

301.038.667

Skuldir samtals

247.039.071

301.038.667

Eigið fé og skuldir samtals.

2.798.825.736

2.444.200.748

Samþykkt í stjórn sjóðsins, þann 27. mars 2007.

Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Arndís Arnardóttir,
ritari



Auður Guðmundsdóttir
bókari



Álfrheiður M. Sívertsen,
lögmaður



Berta S. Ólafsdóttir,
móttökuritari



Guðlaugur Stefánsson
hagfræðingur



Guðrún Björk Bjarnadóttir,
lögmaður



Guðrún S. Eyjólfsdóttir
verkefnastjóri



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Hrafnhildur Stefánsdóttir,
yfirlögfræðingur



Hörður Vilberg
verkefnastjóri



Jón H. Magnússon,
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson,
lögmaður



Jónína Gissuradóttir,
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir
forstöðumaður
skrifstofusviðs



Pétur Reimarsson
forstöðumaður stefnu-
mótunar- og samskiptasviðs



Ragnar Arnason,
forstöðumaður
vinnumarkaðssviðs



Sigrún Kristjánsdóttir
forstöðumaður
Evrópuskrifstofu SA



Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri



Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

Tvíþætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvíþætta aðild. Alls eiga um 2000 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru átta og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Þau eru:

- Landsamband íslenskra útvegsmanna
- Samorka
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu

Samtök atvinnulífsins

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími 591 0000
Myndsending: 591 0050
Veffang: www.sa.is
Netfang: sa@sa.is

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins

Avenue de Cortenbergh 168
B-1000 Brussel
Belgium
Sími: 322 280 0852
Myndsending: 591 0050
Netfang: sigrun@sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Borgartún 35, 105 Reykjavík
www.sa.is